

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

20. september 2005 - 253. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

PRIÐJUDAGUR

Fer Leifur í Árbæinn?

Leifur Garðarsson, aðstoðarþjálfari Íslandsmeistara FH, er nú orðaður við þjálfarastöðuna hjá knattspyrnuliði Fylkis í Árbænum.

ÍPRÓTTIR 34



Engin lognmolla

Baltasar Kormákur stefnir að því að hefja tókur á kvikmyndinni Mýrinni í haust en leikstjóri myndarinnar verður Reynir Lyngdal.

UNGT FÓLK 28



Rjómakaka í vinnunni

Finnbogi Hermannsson, forstöðumaður svæðisútvarps RÚV á Vestfjörðum, er sex-tugur í dag.

TÍMAMÓT 20




Samgöngumiðstöð Íslands

Inga Rósa Þórðardóttir segir eftirsóknarvert fyrir sveitarfélag að hýsa innan-landsflugið.

SKOÐUN 18



VEÐRIÐ Í DAG



RIGNING EÐA SLYDDA um norðan- og austanvert landið. Úrkomulítið sunnan og vestan til. Hiti 0-8 stig, hlýjast syðra.

VEÐUR 4

KONUR 20–40 ÁRA

Konur velja
Fréttablaðið*

55%

Fréttablaðið

Heilsa

28%

Mbl.

Daglegt líf

*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í júní 2005. Lestur meðal 20–40 ára kvenna á efnisþætti á þriðjudögum.

Lokanir, gjaldþrot og launalækkkanir

Hátt gengi krónunnar hefur haft gríðarlega skaðleg áhrif á sjávarútveginn. Fyrirtæki hafa orðið gjaldþrota, verksmiðjum lokað og útgerð hætt. Sjómenn hafa lækkað í launum um allt að 20 prósent á örfáum árum og eru að bugast.

SJÁVARÚTVEGUR Gengi íslensku krónunnar hefur ekki mælst hærra í meira en áratug og er farið að hafa sífellt meiri áhrif á stöðu útflutningsgreinanna. Að sögn Friðriks J. Arngrímssonar, framkvæmdastjóra Landssambands íslenskra útvegsmanna, hefur hátt gengi krónunnar þegar haft gríðarlega skaðleg áhrif á sjávarútveginn.

„Þótt staðan sé misslæm innan greinarinnar hefur framlegð og hagnaður fyrirtækja minnkað og víða er verulegur taprekstur,“ segir Friðrik.

Hann segir styrk krónunnar eiga mestan þáttinn í því en einnig spili hækkandi olíuverð, minnkandi veiði og lágt afurða-

verð inn í. „Styrkur krónunnar er það sem veitir náðarhöggið“ segir Friðrik.

Hann segir að staðan sé erfiðust í rækjunni þar sem mörg fyrirtæki hafi orðið gjaldþrota, verksmiðjum lokað og útgerð hætt. „Það er ljóst að þetta dregur allan mátt úr fyrirtækjum og hefur gríðarleg áhrif á starfsfólk. Sjómenn eru beintengdir við afurðaverð svo þetta kemur beint við þá,“ segir Friðrik. Hann segir að ástandið sé farið að hafa enn viðtækari áhrif og sé farið að bitna á þjónustu í kring um sjávarútveginn og hafa áhrif á sveitarfélög.

Sævar Gunnarsson, formaður Sjómannasambands Íslands segir að sjómenn séu við það að gefast

upp. „Laun sjómanna hafa dregist saman um fimmtán til tuttugu prósent frá árinu 2002 á meðan laun annarra hafa verið að hækka,“ segir Sævar. Ástæðuna segir hann fyrst og fremst styrk krónunnar en jafnframt lækkandi afurðarverð og hækkandi olíuverð. „Það er þungt hljóð í sjómönnum. Þetta hreinlega getur ekki gengið til frambúðar. Menn sem hafa verið á sjó í áratugi eru að gefast upp því þeir hafa það orðið betra í landi,“ segir hann.

Ingimundur Friðriksson, aðstoðarbankastjóri Seðlabanka Íslands, segir aðspurður að ekki sé á döfinni hjá Seðlabankanum að bregðast við háu gengi krónunnar.

- sda/Sjá síðu 2.



FRÁ ÆFINGU KAJAKRÆÐARA Í LAUGARDALSLAUGINN Um 330 félagsmenn er í kajaklúbbnum sem verður 25 ára í vetur. Æft er á mánudagskvöldum öðrum helmingi nýrrar innisundlaugar í Laugardalnum á meðan gestir synda í hinum.

Kristinn H. Gunnarsson segir körlum mismunað í framsókn:

Konur meinuðu Kristni að kjósa

JAFNRÉTTISMÁL „Þegar ég gekk í Landssamband framsóknarkvenna var mér tjáð af þáverandi formanni þess að ég hefði fullan atkvæðisrétt á landsþinginu síðastliðna helgi,“ segir Kristinn H. Gunnarsson þingmaður Framsóknarflokksins. „Á föstudag kom hins vegar stjórn sambandsins saman og úrskurðaði ég mætti ekki greiða atkvæði á þinginu.“

Landssamband framsóknarkvenna er öllum framsóknarmönnum opið. Konur sem ganga í

flokkinn gerast sjálfkrafa félagar í því en karlar verða hins vegar að skrá sig sérstaklega. Stjórn LFK svipti Kristin atkvæðisrétti sínum með vísun í flokkslög sem lúta að réttindum nýrra flokksmanna á aðalfundi einstakra félaga. „Þar er sett skilyrði fyrir vikuaðild áður en menn fá atkvæðisrétt og ég hafði ekki verið svo lengi í LFK.“

Þetta þykir Kristni súrt í broti því að hans dómi vísar ákvæðið fyrst og fremst til nýrra

flokksmanna. „Það er ég svo sannarlega ekki og mér finnst skjóta skökku við að ég sé settur skör lægra en konur sem gengu kannski í Framsóknarflokkinn degi áður en ég skræði mig í LFK.“ Eðlilegast þætti honum að allir sæktu sérstaklega um aðild.

Kristinn tekur þó fram að hann hafi ekki hug á að sölsa sambandið undir sig. „Alls ekki, ég gekk í það til að stuðla að jafnrétti og hvet alla karla í framsókn til að gera slíkt hið sama.“

- bs



ODDSTAÐARÉTT Ungir sem aldnir létu til sín taka í Oddstaðarétt í síðustu viku.

Oddstaðarétt:

Fjör í réttum

RÉTTIR Um sex þúsund fjár og tvö hundruð manns voru í Oddstaðarétt í Lundarreykjadal í síðustu viku. Að sögn Davíðs Péturssonar, hreppsstjóra í Skorradal, var glatt á hjalla enda var tappi tekinn úr flösku eins og hefð er fyrir á svona stundum. Hann segir þó að sveitunar á þessum slóðum verði seint lofaðir fyrir mikla sönggleði.

Flestar voru kindurnar frá Andakíl, Lundarreykjadal og Borgarsveit en menn komu víða að til að fylgjast með enda er löng hefð fyrir Oddstaðaréttinni.

- jse

al-Kaída að verki í London:

Lýsa ábyrgð á hryðjuverkum

EGYPTALAND. AP Einn helsti forsprakki al-Kaída hryðjuverka-samtakanna, Ayman al-Zawahri, lýsti í gær opinberlega yfir ábyrgð á hryðjuverkunum í London í júlí. Þetta er í fyrsta sinn sem samtökin lýsa því yfir beint að hafa verið völd að hryðjuverkunum þar sem 52 létu lífið.

Yfirlýsingin var sýnd á al-Jazeera sjónvarpsstöðinni þar sem al-Zawahri lofaði sjálfs-morðsárásirnar og sagðist stoltur af verknaðinum, sem væri svar múhamedstrúarmanna við ofríki Breta gegn múslimum í hundrað ár. ■

Ferðakönnun á Bretlandi:

Ísland aftur í fyrsta sæti

FERÐALÖG Blöðin Guardian og Observer könnuðu hvaða evrópskt land væri uppáhaldsland lesenda sinna og lenti Ísland þar í fyrsta sæti.

Í fyrra varð Ísland í öðru sæti og Slóvenía í því fyrsta en nú víxlaðist röðin. Ísland var einnig í fyrsta sætinu fyrir tveimur árum og komst þá á listann í fyrsta sinn. Þótt lesendurnum líki við landið er Reykjavík aðeins í 34. sæti yfir uppáhaldsborgir og fellur úr tólfta sæti sem hún var í í fyrra.

Blöðin hafa nítján sinnum gert árlega ferðakönnun meðal lesenda sinna. ■



SPURNING DAGSINS

Siv, forstu í réttir um helgina?

„Nei, en ég skemmti mér stórvel með framsóknarkonum á Ísafirði og missti af réttum á Suðurlandi fyrir vikið.“

Landsþing Landssambands framsóknarkvenna fór fram síðastliðna helgi. Elsa B. Friðfinnsdóttir segir Siv Friðleifsdóttur, ásamt fleirum, hafa smál- að þátttakendum á þingið.



SAKSÓKNARI Í KASTLJÓSI FJÖLMIÐLA Í dag skýrist hvort átján ákæruliðir falla.

Baugsmálið í Héraðsdómi:

Úrskurðað um frávísun

BAUGSMÁLÍÐ Héraðsdómur Reykjavíkur kveður upp úrskurð um það í dag hvort Baugsmálinu verði að hluta vísað frá dómi vegna annmarka á ákærum.

Dómendur sendu málsaðilum bréf seint í ágúst þar sem taldir voru slíkir annmarkar á 18 ákærum af 40 að ekki yrði að óbreyttu unnt að kveða upp dóm um sýknu eða sakleysi. Dómararnir gáfu fulltrúum ákæruvaldsins og verjendum sakborninga kost á að tjá sig um málið í kjölfar athugasemdanna þann 12. september síðastliðinn og tóku þeir sér viku-frest til að kveða upp úrskurð. - jh

FÆREYJAR

SAMDRÁTTUR Í FISKIÐNADI

Fiskútflutningur í Færeyjum gaf ellefu prósentum minna af sér fyrstu sex mánuði ársins miðað við sama tíma í fyrra. Orsökina liggur í því að þorskverð hefur ekki verið eins hátt nú og í fyrra. Samanlagður samdráttur nam 284 milljónum dönskum krónum. Dimmalætting greinir frá.

LÖGREGLUFRETTIR

ELÐUR Í ÖLDUTÚNSSKÓLA Eldur kom upp í gámi við Öldutúns-skóla í Hafnarfirði á fimmta tím-anum í gærmorgun. Þegar slökkvilið kom á vettvang kom í ljós að eldur logaði einnig í tölvu-stofu í skólanum. Greiðlega gekk að slökkva eldinn. Eldsupptök eru ókunn. Ekki er útilokað að um íkveikju hafi verið að ræða og er málið í rannsókn.

Kaup erlendra fjárfesta á íslenskum skuldabréfum fyrir tugi milljarða hækkar gengi krónunnar:

Ekki hægt að spá fyrir um langtímaáhrif

EFNAHAGSMÁL Erlendir fjárfestar keyptu skuldabréf í íslenskum krónum fyrir rúma 6 milljarða í gær og hækkaði gengi krónunnar í samræmi við það. Alls hafa verið gefin út skuldabréf fyrir rúma 40 milljarða á fáeinum vikum.

Ingimundur Friðriksson, aðstoð-arbankastjóri í Seðlabanka Íslands, segir skuldabréfakaupin endur-spegla það að vextir eru háir hér samanborið við önnur lönd. „Fjár-festar leita góðrar ávöxtunar og staldra við íslensku krónuna,“ segir hann.

Aðspurður segir hann áhrifin á gengið til skamms tíma eins og fram hefur komið undanfarna daga.



„Algjörlega er útilokað að segja hvort þetta hafi langtímaáhrif á gengið,“ segir Ingimundur.

„Þetta er fylgifiskur þess að vera með opið hagkerfi og opinn fjár-magnsmarkað og við verðum að taka því sem því fylgir og læra að lifa með því,“ bætir Ingimundur við.

„Viðfangsefni okkar er að tryggja hér stöðugleika í efnahags-málum og fjármálum til framtíðar sem gerir það að verkum að erlend-ir sem innlendir fjárfestar geta átt hér ábatasöm viðskipti,“ segir hann.

- sda

KRÓNAN EKKI VERIÐ STERKARI Í 13 ÁR Skuldabréfakaupin hafa styrkt krónuna.

Skólameistari leitar til útvarpsráðs:

Ólína klagar Finnþoga

FJÖLMIÐLAR Ólína Þorvarðardóttir hefur farið fram á að útvarpsráð fjalli um fréttaflutning Finnþoga Hermannssonar, forstöðumanns Svæðisútvarps Vestfjarða, um málefni Menntaskólans á Ísafirði.

Í bréfi sínu til útvarpsráðs segir Ólína að Finnþogi hafi „ítrekað farið út fyrir mörk hlutleysis og óhlutdrægni í málflutningi sínum sem oftast en ekki hefur verið beint gegn skólameistara Menntaskólans á Ísafirði. Hefur þetta verið gert án þess að leitað hafi verið réttra upplýsinga hjá skólanum, mál borin undir skólameistara eða honum gefinn kostur á að tjá sig um það sem fram hefur komið um embættisverk hans eða önnur mál-efni skólans. Hefur umfjöllun fréttamannsins á köflum verið bæði persónuleg og ærumeiðandi, auk þess að hafa takmarkað upplýsingagildi.“ Þá segir Ólína að Finnþogi hafi „fyrirgert öllu trausti skólans til að upplýsa hlust- endur á málefnalegan hátt um

embættisfærslu skólameistara eða annað sem skólann varðar“.

Með bréfi Ólínu til útvarpsráðs fylgir samantekt Björns Jóhann-essonar, lögfræðings Menntaskól-ans á Ísafirði í máli sem Ingibjörg Ingadóttir, enskukennari við skól-ann, höfðaði gegn skólanum. Í samantektinni kemur fram hvað í umfjöllun Svæðisútvarps Vest-fjarða teljist hlutdrægt og er nefnd umfjöllun um dómsátt í máli Ingibjargar gegn mennta-skólanum, umfjöllun um auglýs-ingar á lausum kennarastöðum við menntaskólann og umfjöllun um ráðningu í stöðu verkefna-stjóra forvarna- og félagsmála við menntaskólann.

„Þegar ég fjallaði um dóms-málin byggði ég fréttaflutninginn á gögnum; eðli málsins sam-kvæmt. Eins leitaði ég eftir sjón-armiðum hennar meðan hún vildi eitthvað við okkur tala,“ segir Finnþogi Hermannsson, sem vís-ar ásökunum Ólínu á bug.

„Annars er þetta ekkert nýtt, hún hefur hótad mér útvarpsráði næstum því eftir hverja frétt og mér er kunnugt um það að hún hafi hótad umsjónarmanni Kast-ljóss líka, svo hún hótar í allar áttir og það var nú kominn tími til að maður væri klagadur fyrir út-varpsráði; sextugur maðurinn og búinn að vinna við þetta í tæp tuttugu ár,“ segir Finnþogi.

- ss



ÓSÁTT UM UMFJÖLLUN Ólína Þorvarðardóttir segir Finnþoga Hermannsson hafa fyrirgert öllu trausti Menntaskólans á Ísafirði.



LEIKSKÓLABÖRN Borgarstjóri segir aukafjárveitinguna þegar hafa skilað sér í nýráðningum.

Ósáttir við eingreiðslur

Borgarstjóri heitir ófaglærðum í skólakerfinu tveimur fimmtán þúsund króna eingreiðslum.

DAGVISTUNARMÁL „Þetta er hópur sem er með skammarlega lág laun,“ segir Steinunn Valdis Óskarsdóttir borgarstjóri um ófag-lærða starfsmenn í grunnskólum, leikskólum og frístundaheimilum borgarinnar en enn vantar að ráða um 240 starfsmenn í lausar stöður í Reykjavík.

Steinunn Valdis segir að borg-arráð hafi rætt hugmyndir um að greiða þessum hópi starfsfólks tvær eingreiðslur upp á fimmtán þúsund krónur svo brúa megi bilið þar til nýir kjarasamningar verði gerðir í haust. Önnur greiðslan verður reidd af hendi í október og hin í nóvember og nemi þær sam-tals um fimmtíu milljónum króna.

„Við erum að fást við mjög sér-stakar aðstæður og í þannig ástandi þarf að grípa til mjög sértækra að-gerða,“ segir Steinunn Valdis.

Að sögn hennar hefur loforðið um aukafjárveitinguna þegar skil-að árangri. Þegar hún kynnti þess-ar hugmyndir fyrir um tveimur vikum hafi nýráðningum fjölgað aðeins í kjölfarið. „Við höfum flýtt gerð nýrra kjarasamninga og eru

þessar greiðslur viðleitni inn í þá kjarasamningagerð. Auk þess erum við að skoða ýmsar leiðir og höfum til að mynda verið að ræða við Vinnumiðlun höfuðborgar-svæðisins um ákveðið átaksverk-efni sem auðveldar fólki af at-vinnuleyssiskrá að koma inn í þessi störf. Þetta hefur verið gert áður, til að mynda þegar svipað ástand var hjá borginni 1999 til 2000,“ segir Steinunn Valdis.

Björg Bjarnadóttir, formaður Félags leikskólakennara, segir að leikskólakennarar séu ekki sáttir við þessa lausn. „Okkur hefði þótt eðlilegt að setja fjármagn til að flýta gerð kjarasamninga frekar en að greiða einum hópi laun til að mæta því aukna álagi sem allt starfsfólk leikskólanna þarf nú að glíma við. Þetta hefur fallið í grýtt-an jarðveg og er ekki til að bæta ástandið í leikskólunum,“ segir hún.

Björg segir alls ekki víst að ein-greiðslurnar auðveldi nýráðningar í leikskólum. Vandinn sé mun stærri en leysa megi með skamm-tímalausnum.

sda@frettabladid.is

Þorgeir Ástvaldsson | Kristófer Helgason | Ásgeir Páll Ágústsson



98.9

BYLGJAN

Reykjavík síðdegis

Alla virka daga kl. 16-18.30

Sprengingar í Gleiðahjalla og við Hjallaveg:

Tugir húsa rýmd á Ísafirði

ALMANNAVARNIR Rýma þarf tugi heimila á Ísafirði meðan verið er að sprengja stórgrýti í Gleiðahjalla sem er fyrir ofan bæinn.

„Þetta eru fimmtíu steinar sem þarf að sprengja og við gefum okkur fjóra daga til verksins,“ segir Halldór Halldórsson bæjarstjóri en byrjað var að sprengja í gær. Hann segir enn fremur að sprengt sé frá klukkan níu til þrjú en þá eru flestir íbúanna í vinnu og því verður röskun minni en ella. Íbúar við Urðarveg þurftu að vera að heiman í gær en á fimmtudag reynir á þol-innmaðri íbúanna við Hjallaveg.

Halldór segir að í framhaldinu verði sprengt fyrir ofan bæinn á Suðureyri.

„Þetta eru einfaldlega fyrir-byggjandi aðgerðir sem við verðum að gera á nokkura ára fresti þótt almennt sé talið mjög ólíklegt



GLEIÐAHJALLI Sprengja þarf fimmtíu steina í Gleiðahjalla og verða íbúar í efstu götum bæj-arins að halda sig fjarri á meðan.

að grjót nái í byggð á þessum slóð-um,“ segir Halldór. Þó var mörg-um íbúum brugðið fyrir sex árum

þegar grjót komu rúllandi niður hliðina en stoppuðu um 200 metra fyrir ofan efstu hús.

- jse

KB Tekjuvernd tekur af þér fallið við launamissi

KB Tekjuvernd er hagkvæm vernd sem dregur úr launamissi sem kann að verða vegna sjúkdóma, örorku, andláts eða starfsloka.

Með KB Tekjuvernd er bilið brúað sem myndast milli núverandi ráðstöfunartekna þinna og greiðslna sem þú átt rétt á verðir þú fyrir launamissi af völdum sjúkdóma, örorku eða andláts. Þú færð yfirsýn yfir þá tryggingavernd sem þú nýtur í dag og vísbendingar um frekari tryggingaþörf. Þannig getur þú komið í veg fyrir að þú sért vantryggð/ur eða oftryggð/ur.

KB Tekjuvernd auðveldar þér einnig að ákvarða starfslok þín á einfaldan hátt.

Kannaðu málið!

Bókaðu fund hjá ráðgjafa á www.kbbanki.is,
í síma **444 7000** eða í næsta útibúi KB banka.
Við reiknum út KB Tekjuvernd miðað við
þínar aðstæður.



Allar persónutryggingar í KB Tekjuvernd koma frá KB lífi
KB Líftryggingar hf., Sóltúni 26, 105 Reykjavík



KB BANKI

GENGIÐ			
GENGI GJALDMÍÐLA 19.09.2005			
	KAUP	SALA	
 Bandaríkjadalur	USD	61,83	62,13
 Sterlingspund	GBP	111,48	112,02
 Evra	EUR	75,02	75,44
 Dönsk króna	DKK	10,058	10,116
 Norsk króna	NOK	9,619	9,675
 Sænsk króna	SEK	8,039	8,087
 Japanskt jen	JPY	0,5551	0,5583
SDR	XDR	90,23	90,77

Gengisvísitala krónunnar

105,5182

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

LÖGREGLUFRÉTTIR

ÖLVUNARAKSTUR Í HAFNARFIRÐI Tveir menn voru teknir fyrir ölvunarakstur í Hafnarfirði síðdegis á laugardag. Annar þeirra lenti í árekstri um fjögurleytið og við rannsókn lögreglu kom ölvun hans í ljós. Hinn var tekinn fyrir hraðakstur á Reykjanesbrautinni um klukkan hálfsex og var hann á 126 kílómetra hraða á klukkustund.

FJÓRIR KEYRÐU OF HRATT Lögreglan í Keflavík tók fjóra öku-menn fyrir of hraðan akstur í Keflavík. Tveir ökumannanna öku á Grindavíkurvegi, annar á 127 kílómetra hraða og hinn á 132 kílómetra hraða, þar sem aka má á 90. Hinir tveir voru teknir á Reykjanesbraut þar sem annar þeirra ók á 124 kílómetra hraða en hinn á 148 kílómetra hraða á klukkustund.



SIGURLIÐ LAUGALÆKJARSKÓLA Torfi Leósson liðsstjóri, Vilhjálmur Pálmason, Matthías Pétursson, Einar Sigurðsson, Daði Ómarsson og Aron Þorsteinn Ellertsson.

Norðurlandamót í skák:

Laugalækjar-skóli sigraði

SKÁK Skáksveit Laugalækjarskóla tryggði sér sigur á Norðurlandameistaramóti grunnskólasveita sem haldið var í Árósum í Danmörku um síðustu helgi. Vilhjálmur Pálmason og Einar Sigurðsson voru sigursælastir í sigurlíðinu; hvor um sig var með fjóra og hálfan vinning en fimm skákir voru tefldar. Í móti framhaldsskólasveita náði Menntaskólinn við Hamrahlíð öðru sæti en sigurliðið í þeim flokki kom frá Noregi. - jse

Spítalar og heilsugæslustöðvar í lamasessi í New Orleans:

Líknarmorð á dauðvona íbúum

NEW ORLEANS, AP „Spítalar og heilsugæsla eru algerlega í lamasessi í borginni,“ segir Joe Cappiello, starfsmaður heilbrigðisyfirvalda eftir ferð til New Orleans. Hann segir óstaðfestar fregnir herma að læknar hafi framið líknarmorð á alvarlega veikum fólki, frekar en að láta það liggja og bíða dauða síns. „Stundum þarf að taka skelfilegar ákvarðanir,“ segir Cappiello. Ray Nagin borgarstjóri hefur opnað Algeirs-hverfið í New Orleans fyrir íbúum, sem streyma nú aftur til síns heima, þrátt fyrir ítrekaðar viðvaranir opinberra starfsmanna á svæðinu. „Okkar

áhyggjuefni er að fá of mikið af fólki inn í borgina áður en innviðirnir eru í stakk búnir til að taka við þeim,“ segir Thad Allen, yfirmaður viðbragðsnefndar felli-bylja. Allen telur að íbúarnir geti staðið frammi fyrir skorti á drykkjarvatni, takmarkaðri símaþjónustu og lýsti einnig áhyggjum sínum af því að ekki þyrfti mikið að gerast til þess að ræsakerfi borgarinnara brygðist. Afleiðingararnar gætu orðið meiri flóð. - saj



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

ÍBÚÐAÐVERFI UNDIR VATNI Byrjað er við að ræsa fram vatn en enn er mikið verk fyrir höndum.



ÓSHYRNA OFAN ÓSHLIÐAR Ekki er mönnum rótt að aka veginn um Óshlíð þar sem sprunga er á hreyfingu í fjallinu. Grjót hefur hrunið og hætta er á að stuðlar og syllur geti einnig lát-ið undan í hræringunum.

Þora ekki til Bolungarvíkur

Leiðin milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar er stórhættuleg vegna grjóthruns úr Óshlíð. Þar var þingmaðurinn Kristinn H. Gunnarsson hætt kominn um helgina. Göng virðast vera eina lausnin og verður sá möguleiki ræddur á næsta ríkisstjórnarfund. Þau gætu kostað um tvo og hálfan milljarð króna.

SAMGÖNGUR „Bolvíkingar láta sig nú flestir hafa það að keyra undir Óshlíðinni þótt þeir séu nú meðvit- aðir um þá hættu sem því fylgir, en ég tel að fáir aðrir geri sér ferð til Bolungarvíkur eins og ástandið er,“ segir Jónas Guðmundsson, sýslumaður í Bolungarvík og for- maður Almannafræðingafundar. Einn þeirra sem þó lét sig hafa það að fara um Óshlíð var Kristinn H. Gunnarsson, þingmaður Fram- sóknarflokksins, en hann var hætt kominn síðasta laugardag: „Ég var þarna á ferð rétt fyrir klukkan átta og þá hafði fallið grjót þarna á veg-

inn og það munaði bara nokkrum mínútum að ég eða einhver annar hefði orðið fyrir því.“ Kristinn hefur rætt við Guðna Ágústsson, varaformann Framsókn- arflokksins, sem mun ræða hugsan- lega gangagerð á svæðinu á næsta ríkisstjórnarfund. „Það er mjög aðkallandi að það verði gerð göng um Óshlíð og ríkis- stjórnin getur brugðist við því, það er vitað hvað þetta kostar og hvern- ig má gera þetta svo málið er bara pólitískt,“ segir Kristinn. Hann seg- ir að göngin myndu kosta um það bil tvo og hálfan milljarð.

Kristinn spurði samgönguráð- herra um viðhorf hans til ganga- gerða á svæðinu í fyrirspurn á Al- þingi síðastliðið vor: „Hann var þá ekki sammála mér um það að málið væri aðkallandi og ég var ekkert kátur með það.“ Almannafræðingafnd Bolungar- víkur kom saman í gær til að ræða það hættuástand sem íbúar á svæð- inu búa við en margir Bolvíkingar sækja vinnu og þjónustu til Ísa- fjarðar. Í skýrslu sem jarðfræðingurinn Esther Hlíðar Jensen og snjósmæl- ingamaðurinn Jóhann Hannibals-

son unnu fyrir tveimur árum segir að talsverð hreyfing sé á 30 til 40 metra langri sprungu efst í Ós- hyrnufalli sem færast í aukana og ástæða sé til að óttast að allstór stykki geti hrunið úr brúninni yfir veginn og í sjó fram. Birna Lárusdóttir, forseti bæj- arstjórnar Ísafjarðarbæjar, segir að á fjórðungsþingi Vestfirðinga sem haldið var í byrjun mánaðar- ins hafi verið lögð fram ályktun um að göng verði gerð á svæðinu því ekki verði unað við þetta hættuá- stand. jse@frettabladid.is



NAZRAN
FATNABUR

Full búð af Nazran mótorhjólafatnaði á ótrúlega hagstæðu verði.

Yamaha-búðin, Nýbýlavegi 2, 200 Kópavogi, s. 570 5300.

Xtra, Njarðarbraut 19, 260 Reykjanesbæ, s. 421 1888.

Toyota, Baldursnesi 1, 603 Akureyri, s. 460 4300.

Öryggi, gæði og still



ÍRLENSKA AUGLÝSINGASTOFNAN SÍALS TÁN 23446 773805



YAMAHA
Touching Your Heart



Sigurður P. Ragnarsson, veðurfræðingur

KULDALEG VEDURKORT


Norðurlandið ríður ekki feittum hesti þegar hitatölumár eru skoðaðar. Þær eru á hraðri niðurléið og á föstudaginn verður þar víða frost að deginum ef spár ganga eftir. Þetta þýðir að sú úrkoma sem fellur verður í hvítu formi !!!!

HÖRFUR Í HÖF- UÐBORGinni

Hæg vestlæg eða breytileg átt. Úrkomulíðið eða úrkomulaust. Hiti 3-7 stig að deginum en hætt við næturfrosti komandi nótt.

VEÐURSPÁ

um hádegi »




» á morgun



Yfirleitt hægur vindur, síst þó á Vestfirðum.

» fimmtudagur



Fremur stíf norðan átt

Kaupmannahöfn	18°C hálfskýjað	París	21°C hálfskýjað	Alicante	25°C léttskýjað
Oslo	19°C léttskýjað	Berlín	20°C hálfskýjað	Milano	20°C hálfskýjað
Stokkhólmur	20°C skýjað	Frankfurt	19°C hálfskýjað	New York	26°C skýjað
Helsinki	15°C skýjað	Madrid	25°C heiðskírt	San Francisco	21°C skýjað
London	21°C hálfskýjað	Barcelona	22°C heiðskírt	Orlando/Florida	32°C skúrir

* Svæði þar sem búast má við talsverði vætu eru skyggt á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknueð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

100

fríar mínútur

til Bretlands, Bandaríkjanna, Danmerkur, Þýskalands, Frakklands eða 26 annarra algengustu viðskiptalanda Íslendinga ef þú kaupir Hive áskrift fyrir 1. október.

HiveLite

Ef þú gerist áskrifandi fyrir 1. október færðu gæða heyrnatól að verðmæti 2.990 kr. frítt með.



8Mb tenging, 4GB
niðurhal, og þráðlaust
internet á aðeins

3.990

Á MÁNUÐI?*

*M.v. 12 mánaða samning.





KJÖRKASSINN

Kemst fótboltalið Fram strax aftur upp í úrvalsdeild?

Niðurstöður gær dagsins á **visir.is**

Já	45%
Nei	55%

SPURNING DAGSINS Í DAG:
Er kominn tími á nýjan leiðtoga innan Framsóknarflokksins?

Farðu inn á fréttahluta **visir.is** og segðu þína skoðun



Framsóknarkonur:
Fléttulistar um allt land

FRAMSÓKNARFLOKKUR Landsamband framsóknarkvenna samþykkti ályktun þess efnis að Framsóknarflokkurinn byði fram fléttulista um allt land fyrir sveitastjórnarkosningarnar sem fram fara næsta vor, að sögn Bryndísar Bjarnarsonar nýkjörins formanns sambandsins.

Þá er flokksskrifstofunni lagt til að hlutfall kynjanna sé rétt í öllum nefndum og ráðum innan flokksins.

Bryndís segir að nú séu aðeins 30 prósent sveitarstjórnarmanna á landsvísi konur og það sé ekki viðunandi. Hlutfall framsóknarkvenna í sveitarstjónum er einnig 30 prósent.

– jse

LÖGREGLUFRÉTTIR

HASS Á LITLA-HRAUNI Í liðinni viku fundu fangaverðir á Litla-Hrauni hass á einum fanga. Þrír höfðu heimsótt fangann og voru þeir handteknir og færðir til yfirheyrslu. Einn þeirra viðurkenndi að hafa flutt efnið með sér til fangans. Málið er upplýst og verður sent saksóknara til meðferðar.

ÖLVUNARAKSTUR Átta öku-menn voru um helgina kærðir vegna gruns um ölvun við akstur í umdæmi Hafnarfjarðarlögreglu um helgina. Einn þeirra hafði lent í árekstri og annar mældist aka á 126 kílómetra hraða eftir Reykjanesbrautinni. 22 voru stöðvaðir vegna hraðaksturs.

Danir og Kanadamenn semja vopnahlé:

Sátt um Hans-eyju

MILLIRÍKJADEILUR Danir og Kanadamenn sömdu um vopnahlé í gær vegna deilna þjóðanna um Hans-eyju, sem er um ellefu hundruð kílómetra suður af norðurlandinu. Fulltrúar þjóðanna hittust á leiðtogafundi Sameinuðu þjóðanna í New York um helgina og komust að niðurstöðu í deilunni.

Deilur blossuðu upp milli þjóðanna í sumar eftir að kanadíski varnarmálaráðherrann, Bill Graham, steig á land á Hans-eyju án þess að láta Dani vita, en bæði Danir og Kanadamenn hafa um árabil gert tilkall til eyjunnar, sem er um 1,3 ferkílómetrar að stærð.

Danir og Kanadamenn hafa átt í áralöngum deilum um yfirráð á eyjunni, eða allt frá því árið 1973 þegar miðlína var dregin um Nares-sund milli Grænlands og Ellesmere-eyju, sem tilheyrir Kanada. Bæði löndin ákváðu að yfirráð yfir Hans-eyju skyldu afraðin síðar, en það hefur ekki enn verið gert

Á leiðtogafundinum um helgina var það ákveðið að tilkynna ætti hinni þjóðinni um allar ferðir til eyjarinnar. Málið er nú úr höndum stjórnmalamanna og í höndum skriffinna, sem sett hefur verið fyrir að búa til strangar umgengnisreglur um eyjuna, sem eiga að gilda fyrir báðar þjóðirnar.

– sda



FRÁ HANS-EYJU Eyjan er 1100 kílómetra suður af norðurlandinu. Hún er um 1,3 ferkílómetrar að stærð, lögð is og ómannageng nema á hlýjum sumrum þegar ísinn bráðnar og hægt er að sigla að eyinni.

50 milljónir króna farnar í umsóknina

Kostnaður við fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum í New York hefur nær tvöfaldast frá árinu 2000. Mörg undanfarin ár hafa stjórnarliðar samþykkt fjárveitingar vegna fyrirhugaðrar umsóknar um sæti í öryggisráðinu.

STJÓRNMÁL. Alþingi hefur að minnsta kosti fimm undanfarin ár fjallað um og samþykkt aukin framlög til fastanefndar Íslands í New York vegna framboðs til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.

Árið 2001 samþykkti Alþingi fjórtán milljóna króna framlag vegna viðbótarstarfsmanns hjá fastanefndinni í New York. Í fjárlögum þess árs segir að stefnt sé að því að Ísland taki sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna árin 2009 og 2010 og því þurfi „að byggja starfsemi fastanefndarinnar upp jafnt og þétt á næstu árum“.

Árið 2003 samþykkti Alþingi níu milljóna króna framlag fyrir nýtt stöðugildi hjá fastanefndinni vegna fyrirhugaðs framboðs til öryggisráðsins.

Á fjárlögum 2004 var gert ráð fyrir tuttugu milljóna króna framlagi til fastanefndarinnar í New York vegna sérfræðikostnaðar og ritara. Framlagið er beinlínis tengt auknum umsvifum nefndar-

innar í tengslum við fyrirhugað framboð Íslands til öryggisráðsins.

Á fjárlögum þessa árs var samþykkt fimm milljóna króna fjárveiting til að fjölga um einn fulltrúa á alþjóðaskrifstofu. „Þörf er á að efla verulega þátttöku Íslands í starfsemi SP vegna fyrirhugaðs framboðs Íslands til öryggisráðsins haustið 2008. Gera má ráð fyrir að kostnaður af einu stöðugildi nemi um átta milljónum króna og mun þessi fjárveiting fjármagna stöðuna að hluta,“ eins og segir orðrétt í greinargerð með fjárlagafrumvarpinu.

Fjárveitingar til fastanefndarinnar hjá Sameinuðu þjóðunum í New York hafa hækkað úr um 86 milljónum á fjárlögum árið 2000 í tæplega 200 milljónir króna á þessu ári. Samanlagt hafa á þessu tímabili 48 milljónir verið merktar sérstaklega umsókn um sæti í öryggisráðinu.

Eftir því sem næst verður komist hafa stjórnarliðar í þingflokki Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins, sem nú hafa gert athugasemdir við framboðið eða lýst andstöðu við það, ekki greitt atkvæði gegn þessum fjárveitingum.

johannh@frettabladid.is



EINAR ODDUR KRISTJÁNSSON, ÞINGMAÐUR SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS Einar Oddur er varaformaður fjárlaganefndar. Hann hefur lýst eindreginni andstöðu við framboð Íslands til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna

Launakjör batna:

Mest hækkun á Austurlandi

LAUN Samkvæmt úttekt Sambands íslenskra sveitarfélaga hækkuðu laun hvergi meira á fyrstu sex mánuðum ársins en á Austurlandi, samanborið við sömu mánuði í fyrra.

Hækkunin á Austurlandi nemur 17,19 prósentum á sama tíma og hækkunin á landinu í heild er 10 prósent. Í Fjarðabyggð hækkuðu launagreiðslur um tæp 12,5 prósent og hækkunin á Fljótisdals-héraði nam tæpum 36 prósentum.

Mesta hækkunin á Austurlandi, og á landinu í heild, var í Fljótisdalshreppi þar sem launagreiðslur hækkuðu á milli ára um tæp 62 prósent.

– kk



SAMNINGURINN Í HÖFN Sigmundur E. Ófeigsson, framkvæmdastjóri Norðlenska, og Björgvin Jón Bjarnason, framkvæmdastjóri innanlandssviðs Samskipa, undirrituðu samninginn.

Kjötflutningar til fimm ára:

Hálfs milljarðs samningur

AKUREYRI Kjötíðnaðarfyrirtækið Norðlenska hefur samið við Landflutninga – Samskip um flutning á allri fersk- og frystivöru Norðlenska frá Akureyri, Húsavík og Hornafirði til viðskiptavina fyrir-tækisins um allt land.

Verðmæti samningsins, sem er til fjögurra ára, er um hálfur milljarður króna en í honum er jafnframt kveðið á um að Landflutningar – Samskip dreifi vörum Norðlenska til viðskiptavina félagsins á Akureyri og höfuðborgarsvæðinu.

– kk

INNFLUTNINGUR MEÐ DHL

EITT FYRIRTÆKI

EINN GJALDMIÐILL

EINN REIKNINGUR

EINU ÁHYGGJUEFNINU FÆRRA

Kannaðu málið á dhl.is eða í síma 535 1100.



Frambjóðendur vinstri grænna fyrir borgarstjórnarkosningar:

Bannað að auglýsa í fjölmiðlum

STJÓRNMÁL Framboðsfrestur forvals Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs fyrir borgarstjórnarkosningar næsta vor rann út á föstudag, en forvalið verður 1. október. Utankjörfundaratkvæðagreiðsla fer fram 28. og 30. september. Samkvæmt forvalsreglum flokksins hafa allir félagsmenn búsettir í Reykjavík kosningarétt. Frestur til að ganga í flokkinn til að kjósa í forvalinu rennur út á föstudag.

Forvalið gengur þannig fyrir sig að kjósandi fær lista með nöfnum frambjóðenda og raðar þeim í sex efstu sætin. Vinstri grænir bjóða fram fléttulista, þannig að sá frambjóðandi sem

 VINSTRIHREYFINGIN – GRÆNT FRAMBOD	
1. sæti	Svandís Svavarsdóttir Árni Þór Sigurðsson Grímur Atlason (1-3) Sóley Tómasdóttir (1-3)
3. sæti	Ásta Þorleifsdóttir (3-6) Guðný Hildur Magnúsdóttir (3-6) Magnús Bergsson Ugla Egilsdóttir Þorleifur Gunnlaugsson (3-4) Þorvaldur Þorvaldsson (3-6)

FRAMBJÓÐENDUR VINSTRI GRÆNNA Tíu frambjóðendur hafa boðið sig fram í sex efstu sæti vinstri grænna í Reykjavík.

fær flest atkvæði í efsta sætið fær það sæti. Frambjóðandi af gagnstæðu kyni sem fær flest atkvæði í fyrsta og annað sæti, hlýtur annað sætið. Sá sem fær flest atkvæði í fyrsta til þriðja sæti, raðast í þriðja sætið.

Frambjóðandi af gagnstæðu kyni sem fær flest atkvæði í fyrsta til fjórða sæti, raðast í fjórða sætið. Sama gildir um fimmta og sjötta sæti. Kosning telst bindandi ef frambjóðandi fær yfir 40 prósent atkvæða í sæti. Samkvæmt reglum Vinstri grænna er frambjóðendum óheimilt að kaupa sér auglýsingar í fjölmiðlum vegna forvalsins.

– ss

Misstu ekki af viðburði ársins



**Erst þú viðbúinn
... eða eru dagar þínir taldir?**

DAGAR ÍSLENSKS PRENT- IÐNAÐAR

22. og 23. september

**Samtök iðnaðarins efna til
Daga íslensks prentiðnaðar
22. og 23. september næst-
komandi undir yfirskriftinni
„Frá hugmynd til markaðar“.**

Glæsileg ráðstefna verður í
Salnum, Tónlistarhúsi Kópavogs,
fimmtudaginn 22. september þar
sem fram koma virtir fyrirlesarar,
innlendir sem erlendir. Föstu-
daginn 23. september verða
nokkrar námstefnur og að kvöldi
sama dags vegleg uppskeruhátíð
á Broadway.

SI
Samtök iðnaðarins

Samstarfsaðilar: Prentsmiðjur innan SI, Prenttæknistofnun, Félag bókagerðarmanna, Ljósmyndarafélag Íslands, Ímark - félag íslensks markaðsfólks og fleiri aðilar úr upplýsinga- og fjölmiðlagreinum á Íslandi

**Ráðstefna og námstefnur á heismælikvarða fimmtudaginn 22/9 og
föstudaginn 23/9 fyrir fagfólk, stjórnendur og markaðsfólk:**



Frá hugmynd til markaðar

Ráðstefna í Salnum, Tónlistarhúsi Kópavogs frá 12:30 til 17:00 fimmtudaginn 22/9

Námstefna I:	Námstefna II:	Námstefna III:	Aukanámstefna:
Frá 9:00 til 12:00	Frá 13:00 til 16:00	Frá 9:00 til 12:00	Frá 13:00 til 16:00
Herstjórnarlist í framkvæmd: Að sigra á vígvelli nútímavíðskipta		Áhrifamáttur beinnar markaðssetningar: Að brúa bilið milli viðskiptavina og framleiðenda og styrkja vörumerki með því að ýta undir sérstöðu þess	
 Donald G. Krause, forstjóri KDH Consulting Company og m.a. höfundur metsölubókarinnar The Art of War for Executives.		 José M. Pons var prófessor til 14 ára við hinn virta IESE-háskóla í Barcelona og er stjórnarformaður markaðsráðgjafar- fyrirtækisins AXIOMA.	

Stórhátíð á Broadway föstudagskvöldið 23/9:

Uppskeruhátíð íslensks prentiðnaðar

Hátíð fyrir fagfólk, stjórnendur og starfsfólk prent-, auglýsinga-, almannatengsla-,
ljósmynda- og kvikmyndafyrirtækja auk fjölmiðla, ímark-félaga og annarra
úr hinni fjölbreyttu flóru upplýsinga- og fjölmiðlagreina á Íslandi

Upplýsingar og skráning á www.si.is

Tilkynnið þátttöku fyrir 21. sept. á www.si.is, netfanginu skraning@si.is eða í s. 591 0100

Skráningarfrestur rennur út í dag!

Skólastyrkur - fyrir alla!

4Mb/s
extra light
ADSL V16

Reiknaðu dæmið
til enda...

ADSL tengi í 6 mánuði = 23.340 kr.
Full nýting á biókort - 19.200 kr.
Full nýting á tónlist.is - 8.940 kr.
Afgangur 4.800 kr.

Fáðu greitt fyrir að vera
með ADSL hjá okkur!

Pú færð
BTnet í næstu
verslun BT!

V16 extra light
Ótakmarkað niðurhal!
3.890 kr.
á mánuði allt innifalið auk biókorts
og áskrift af tónlist.is!

M.v. 12 mánaðar samning. Gildir ekki með öðrum tilboðum.

Skólastyrkur BTnet!

BTnet hefur verið í fararbroddi um að bjóða lægsta verðið á ADSL. Nú bjóðum við enn betur. Með skólatilboði BTnet fylgir:

- **Frítt niðurhal** (endalaust eins og þig lystir).
- **Frítt í bió** (gildir í sex mánuði).
- **Frí tónlist** (gildir í sex mánuði á tónlist.is).

Kíktu við í næstu **BT verslun** og fáðu þér áskrift!
Nánar www.btnet.is

- líka fyrir þá sem
eru í skóla lífsins.

**Við hjálpum
þér í gegnum
námið á
fullum hraða!**

BTnet
www.btnet.is



Evrópskir fjölmiðlar um þýsku kosningarnar:

Þýskalandi er ekki stjórnandi

EVROPA, AP „Þýskalandi er ekki stjórnandi,“ segir ítalska dagblaðið La Stampa í fyrirsögn greinar um kosningarnar í Þýskalandi. Bæði fjölmiðlar og einstaklingar hafa tjáð sig um úrslit þýsku þingkosninganna um helgina, sumir vonsviknir yfir því að úrslit skyldu ekki vera afgerandi.

„Evrópa í heild sinni hefur tapað í ljósi þessara ófullnægjandi úrslita,“ segir meðal annars í Daily Telegraph í gær. Víðar um álfuna gætti undrunar. Portúgalska dagblaðið Daily Publico segir að nú muni ganga í garð tímabil óstöðugleika í Þýskalandi sem verði í senn slæmt fyrir landið og hörmulegt

fyrir Evrópu.

Þýskir fjölmiðlar hafa margir verið óvægirnir í ummælum sínum. Í dagblaðinu Sueddeutsche Zeitung segir að úrslitin boði endi ferils Agelu Merkel sem kanslara, áður en hann hófst. Bent hefur verið á að Schroeder sé hinn raunverulegi sigurvegari. Blaðið Kommersant segir að í stað þess að tapa í kosningunum á næsta ári hafi Schroeder náð heiðarlegu jafntefli sem sé sigur hans þegar upp er staðið.


MYND/AP



- sa


FORSÍÐUR ÞÝSKRA FJÖLMÍÐLA Leiðarar og greinahöfundar velja upp ýmsum flötum á úrslitum kosninganna.

ÚRSLIT KOSNINGA 2005



SKIPTING ÞINGSÆTA 2005:
CDU/CSU: 225 SPD: 222 Græn.: 51 FDP: 61 Vinstri.: 54

ÚRSLIT KOSNINGA 2002



SKIPTING ÞINGSÆTA 2002:
CDU/CSU: 248 SPD: 251 Græn.: 55 FDP: 47 PDS: 2

Óvissutímar í Berlín

Í fyrsta sinn í sögu þýzka Sambandslýðveldisins er engan veginn ljóst hvernig stjórn tekur við að loknum kosningum. Stjórnarmyndun gæti tekið langan tíma.

„Engin völd fyrir neinn.“ Með þessu kjörorði stjórnleysingja túlkaði stjórnmalaskýrandi þýzka vikuritsins Der Spiegel dóm kjósenda í þingkosningunum í Þýskalandi á sunnudag. Þeir kusu stjórn jafnaðarmanna og græningja frá völdum en færðu stjórnarandstöðunni ekki umboð til að mynda nýja stjórn. Pattstaða er komin upp í þýzkum stjórnámum og ljóst að erfitt mun reynast að mynda starfshæfan stjórnarmeirihluta.

Þótt kristilegu flokkarnir, Kristilegir demókratar (CDU) og systurflokkurinn í Bæjaralandi, Kristilega sósíalsambandið (CSU), fengju flest atkvæði og flesta þingmenn kjörna, reyndist fylgi þeirra mun minna en kosningaspar höfðu gert ráð fyrir. Samkvæmt bráðabirgðaúrslitum sem kjörstjórn birti í gær fengu kristilegir 225 þingmenn kjörna en jafnaðarmenn 222, forskotið í prósentum talið skrátt niður í tæpt prósent – 35,2 á móti 34,3 prósentum jafnaðarmanna – en í skoðanakönnunum hafði fylgi CDU/CSU aldrei í allri kosningabaráttunni mælt minna en 40 prósent. Í síðustu kosningum var fylgi beggja stóru flokkanna 38,5%.

Tvö gera tilkall til kanzlarastólsins Angela Merkel, formaður CDU og kanzlaraefni kristilegu flokkanna, á sem leiðtogi stærsta þingflokksins tilkall til þess að fá fyrst stjórnarmyndunarumboðið. En vegna þess hve forskotið er naumt finnst ýmsum ástæða til að draga forystutilkall Merkel í efa. Bæði Merkel og starfsbróðir



MERKEL Efasemdir um forystutilkall hennar.



SCHRÖDER Neitar að játa sig sigraðan.

hennar í Jafnaðarmannaflokknum, Franz Müntefering, sögðust í gær hafa sett í gang þreifingaviðræður við fulltrúa allra hinna flokkanna, að undanskildum Vinstriflokknum, kosningabandalagi austur- og vestur-þýzkra sósíalista sem enginn vill eiga neitt saman við að sælda.

Merkel skoraði á forystu SPD að „sætta sig við að SPD sé ekki stærsti flokkurinn“ og að fara út í viðræður við sinn flokk um myndun breiðrar samsteypustjórnar undir sinni forystu. En Müntefering kaus að svara þessu engu heldur tilkynnti að hann hefði boðið formönnum hinna flokkanna til viðræðna. „Skilaboðin voru skýr: kjósendur þessa lands vilja ekki frú Merkel sem kanzlara,“ sagði Müntefering. Gerhard Schröder, kanzlari í fráfara stjórn, lýsti því yfir strax að kvöldi kjördags að hann einn væri fær um að mynda stöðuga ríkisstjórn. Kæmi til samstarfs SPD og kristilegra yrði það „örugglega ekki“ undir forystu Merkel.

„Jamaica“- eða „umferðarljósa-stjórn“?

Hinir fræðilegu möguleikarnir á meirihlutasamstarfi er annars vegar milli kristilegra, frjálslyndra og græningja – sem í umræðunni er gjarnan kölluð „Jamaica-stjórn“ þar sem fánalitir Karíbahafseyjunnar (svart, gult, grænt) ríma við litina sem þessir flokkar hafa í

hefðbundnu litrófi þýzka flokka-kerfisins – og milli jafnaðarmanna, græningja og frjálslyndra, öðru nafni „umferðarljósasamsteypa“ (rautt, gult, grænt).

Guido Westerwelle, formaður frjálslyndra, ítrekaði strax að kvöldi kjördags að flokkurinn kysi frekar að vera í stjórnarandstöðu en hjálpa núverandi stjórnarflokkum að vera áfram við völd. Ljóst er að minnsta kosti að Joschka Fischer, oddviti græningja, myndi ekki geta setti í stjórn með Westerwelle. Það þarf þó ekki að þýða að útilokað sé að við þessar aðstæður sem nú eru upp komnar geti samningamenn flokkanna ekki fundið flöt á samstarfi. Takist það ekki liggur næst að ætla að niðurstaðan verði „stóra samsteypa“ – sem reyndar 36 prósent þjóðverja sögðust fyrir kosningar telja að væri „beztu kosturinn fyrir Þýskaland“. En það er alls ekki víst að Angela Merkel verði kanzlari í þeirri stjórn. Jafnaðarmenn virðast ætla að sækja það mjög fast að Schröder fari fyrir slíkri stjórn, verði hún að veruleika. En hugsanleg væri líka sú málamiðlunarlausn að einhver annar úr herbúðum kristilegra en Merkel yrði kanzlari.



FRÉTTASKÝRING
AUDUNN ARNÓRSSON
audunn@frettabladid.is

Svefn & heilsa



SIGRÍÐUR BEINTEINSDÓTTIR
SÖNGVARI



SVEFN & HEILSA
EF ÞÚ VILT
LÁTA ÞÉR
LÍÐA VEL

Veldu það besta!

SOFÐU VEL - HEILSUNNAR VEGNA

Chiropractic®
2005



Hægindasófi

Biflex

IQ-CARE
HEILSUDÝNUR



WALLHUGGER

EITT LANDSINS MESTA ÚRVAL AF STILLANLEGUM RÚMUM

- ★ GÆÐI
- ★ GÓÐ VERÐ
- ★ ÞJÓNUSTA
- ★ ÚRVAL
- ★ ÞEKKING



REYKJAVÍK



AKUREYRI

Svefn & heilsa



Verið velkomin

www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00



Á LEIÐ TIL TALNINGAR Afganskir öryggis-verðir gæta kjörkassa sem verið er að flytja til talningaskrifstofu í Kabúl. Kosningar í Afganistan eru þær fyrstu í meira en þrjá áratugi. Þær þykja marka tímamót í sögu landsins.

Forstöðumaður félagsþjónustunnar Miðgarðs í Grafarvogi:

Þvingum ekki þjónustu upp á fólk

FÉLAGSMÁL „Almennt séð er ekki hægt að þvinga þjónustu upp á fólk nema með því að svipta það sjálf-ræði,“ segir Ingibjörg Sigurbórs-dóttir, framkvæmdastjóri Miðgarðs, félagsþjónustunnar í Graf-arvogi.

Franz Stavrosson, aldraður Ís-lendingur af júgóslavneskum upp-run, lenti utangarðs í kerfi heil-brigðis- og félagsmála, eins og Fréttablaðið greindi frá um helg-ina. Hann fannst látinn á heimili sínu í ágúst og leiddi krufning í ljós að hann hafði dáði um það bil hálf-um mánuði áður en hann fannst. Velvildarmenn hans, Hafberg Þór-

isson og Hilmar Einarsson, sögðu við blaðið að þeir hefðu viljað sjá félagsþjónustuna taka af skarið og veita Franz heimahjúkrun eða fé-lagslega umsjón af einhverju tagi, þar sem hann hefði verið orðinn svo lasburða undir það síðasta.

Ingibjörg kvaðst ekki geta rætt mál tiltekins einstaklings þar sem starfsmenn félagsþjónustunnar væru bundnir trúnaði.

„En almennt séð þarf dómstóla-úrskurð til að svipta einstakling sjálf-ræði eftir að ættingjar hafa far-ið fram á slíkt,“ sagði Ingibjörg. „Staðan þarf að vera mjög alvarleg til þess að svipting eigi sér stað.“ - jss



INGIBJÖRG SIGURBÓRSDÓTTIR Staðan þarf að vera mjög alvarleg eigi að svipta ein-stakling sjálf-ræði.

Leikskólinn á Hvanneyri: Skorrdælingar fá inni

SVEITARSTJÓRNARMÁL Lausn hefur fundist í deilum Skorrdælinga og Borgfirðinga en fyrirhugað var að þeir síðarnefndu vísuðu börnum úr Skorradal frá leik-skólanum Andabæ á Hvanneyri þar sem börnum þar í bæ hefur fjölgað verulega.

Lausnin felst í því að Skorr-dælingar aðstoða við að stækka leikskólann gegn því að börnin þaðan fái vist á honum. Svo vel vill til að íbúð við hlið leikskól-ans stendur auð og verður hún lögð undir starfsemi hans og er ráðgert að hún verði tilbúin í október byrjun.

Fimm börn frá Skorradal eru í leikskólanum í Andabæ að sögn Péturs Davíðssonar hrepp-stjóra.

- jse

Kosningar á Nýja-Sjálandi: Naumur sigur Clark

NÝJA-SJÁLAND, AP Helen Clark, frá-farandi forsætisráðherra Nýja-Sjálands, hóf í gær viðræður við fulltrúa smáflokka um myndun nýs stjórnameirihluta sem gæti gert henni kleift að stjórna landinu þriðja kjörtímabilið í röð.

Í þingkosningunum sem fram fóru í landinu um helgina hélt Verkamannaflokkur Clark naumlega forskoti á aðalkeppi-nautinn, Þjóðarflokkinn. Flokk-ur Clark fékk 50 en Þjóðarflokk-urinn 49 af alls 122 sætum þjóð-þingsins.

Don Brash, leiðtogi Þjóðar-flokksins, neitaði reyndar að játa sig sigraðan að svo komnu máli; hann vildi bíða eftir að endanleg úrslit væru ljós þegar talningu utankjörfundarat-kvæða væri lokið 1. október. ■



HELEN CLARK Forsætisráðherra Nýja Sjálands.



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

ÍRAKUR HERMAÐUR Vélbyssur sem fjárfest var í reyndust vera ódýrar eftirlíkingar.

62 milljörðum stolið úr fjármálaráðuneyti

Talið er hugsanlegt að þjófnaðurinn sé sá stærsti í mannkynssögunni og líklegt að ríflega þrjátíu milljarðar hafi horfið úr öðrum ráðuneytum Íraks.

ÍRAK, AP „Þetta er hugsanlega stærsti þjófnaður mannkynssög-unnar. Gríðarlegar upphæðir hafa horfið og við sitjum uppi með brotajárn,“ segir Ali Allawi, fjár-málaráðherra Íraks. Svo virðist sem einn milljarður bandaríkja-dala hafi horfið úr íraska fjár-málaráðuneytinu, jafnvirði um 62 milljarða íslenskra króna. Pening-arnir voru ætlaðir til vopnakaupa frá Póllandi og Pakistan og fara nærri því að vera allt það fé sem íraska varnarmálaráðuneytinu er ætlað.

Ætlað er að peningarnir hafi horfið undir bráðabirgðastjórn Iyads Alawis, að því er breska dagblaðið The Independent grein-ir frá. Til stóð að kaupa gamlar rússneskar herþryllur frá Póllandi og bandarískar MP5 vélbyssur. Þegar til kastanna kom reyndust vélbyssurnar vera sviknar, verð-litlar eftirlíkingar frá Egypta-landi.

Grunur leikur á að 500 milljónir bandaríkjadala til viðbótar hafi horfið úr ráðuneytum samgöngu-, rafmagns- og innanríkismála. - saj

Þingkosningar í Póllandi:

Íhaldsflokkar styrkjast

VARSIÁ, AP Hinn íhaldssami Flokk-ur laga og réttlætis kemur nú fast á hæla Borgaraflokknnum í skoð-anakönnunum vegna þingkosning-anna í Póllandi sem haldnar verða um næstu helgi. Borgaraflokkur-inn mælist nú með um 32 prósentu fylgi og hefur dalað lítið eitt frá því í síðustu viku. Fylgi stjórnar-flokks demókrata er nú hverf-andi, um sjö prósent. Forseta-kosningar verða haldnar þann 9. október næstkomandi. Donald Tusk, formaður Borgaraflokksins,



KOSNINGABARÁTTA Í ALGLEYMINGI Stuðningsmenn Kaczynskis með auglýs-ingaloffbelg. er talinn líklegur sigurvegari kosninganna. ■

Álegg frá Holtakjúklingi



Fjórar tegundir áleggs frá Holtakjúklingi.
Fitulítið og bragðgott álegg sem hentar öllum.



Á EIGIN VEGUM



FORESTER

Við kynnum til sögunnar nýjan, breyttan og enn aflmeiri Subaru Forester. Nýr Forester er eins og sérhannaður fyrir íslenskar aðstæður - þægilegur, rúmgóður, aflmikill og öruggur á nánast hvaða undirlagi sem er. Óhætt er að fullyrða að Forester fer sínar eigin leiðir þegar kemur að aksturseiginleikum og búnaði.

STAÐREYNDIR:

Ný 2,0 lítra vél - 158 hö.
Sítengt aldrif (AWD)
Veghæð - 20,5 cm
16" álfelgur
Mikið rými

SJÁLFSKIPTUR

VERÐ 2.550.000 kr.
30.315 kr. á mán.*

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

Hrísmýri 2a
800 Selfossi
482-3100

Eyjarlandi 1
530 Hvammstanga
451-2230

Sæmundargötu 3
550 Sauðárkrúki
453-5141

Holtsgötu 52
260 Njarðvík
421-8808

Dalbraut 2b
300 Akranesi
431-1376

Víkurbraut 4
780 Höfn í Hornafirði
478-1990

Búðareyri 33
730 Reyðarfjörður
474-1453

Sindragötu 3
400 Ísafjörður
456-4540

Óseyri 5
603 Akureyri
461-2960

*Bílasamningur miðað við 20% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði

...bara á flugfelag.is

20.-26. sept.

Milli Reykjavíkur og

AKUREYRAR

5.499 kr.

Verð miðast við flug aðra leiðina. Bara á www.flugfelag.is Takmarkað sætaframboð!

Milli Reykjavíkur og

BÍLDUDALS

5.399 kr.

Milli Reykjavíkur og

EGILSSTAÐA

6.499 kr.

Milli Reykjavíkur og

ÍSAFJARÐAR

5.499 kr.

Milli Reykjavíkur og

SAUÐÁRKRÓKS

5.399 kr.

Milli Reykjavíkur og

HORNAFJARÐAR

5.999 kr.

Milli Reykjavíkur og

GJÖGURS

5.399 kr.

Milli Reykjavíkur og

VESTMANNAEYJA

4.599 kr.

flugfelag.is

Framhaldsákæra gegn Frjálsri fjölmiðlun:

Frávísun dregin til baka

DÓMSMÁL Ragnar Hall dró til baka kröfu um að framhaldsákæra á hendur Sveini R. Eyjólfssyni, Eyjólf Sveinssyni og átta öðrum sem hafa verið ákærðir fyrir að standa ekki skil á sköttum og launatengdum gjöldum í fyrirtækjarekstri tengdum Frjálsri fjölmiðlun verði vísað frá.

Ragnar, sem er lögmaður Sveins Eyjólfssonar, segist hafa fengið skýringar á framhaldsákærunni sem vörðuðu Svein og að hún fæli í sér niðurfellingu á ákærunum. „Það voru niðurfelld tímabil sem virðisauka-

skatti hafði ekki verið skilað, þannig að nokkur tímabil þar sem ekki vantaði upp á skilin voru felld út,“ segir Ragnar. „Það hljóta að vera nýmæli að saksókn sé felld niður í framhaldsákæru.“

Hluti verjenda í málinu hefur sett fram frávísunarkröfu á framhaldsákæruna og verður málflutningur 17. október. - ss

VIÐ FYRIRTÖKU Einn verjenda í máli gegn aðilum tengdum Frjálsri fjölmiðlun dró kröfu um frávísun framhaldsákæru til baka í gær.



FRÁ KÁRAHNJÚKUM Erlendir starfsmenn á Íslandi eru um sjö þúsund en nálægt ellefu þúsund erlendir ríkisborgarar eru búsettir hér. Auk þeirra eru allt að 1.500 erlendir starfsmenn á svokölluðum þjónustusamningum, en þeim hefur fjölgað verulega á allra síðustu árum.

Um 1500 útlendingar á þjónustusamningum

Auk þeirra sjö þúsund útlendinga á vinnumarkaði sem eru búsettir hér á landi eru allt að 1.500 manns á þjónustusamningum. Forstjóri Vinnumálastofnunar segir að slíkir samningar séu illa séðir hjá hinu opinbera.

KJARAMÁL Hlutfall útlendinga á vinnumarkaði hér á landi er með því hæsta sem gerist á Norður-löndunum, 4,5 prósent alls vinnuafis. Aðeins í Svíþjóð er hlutfallið hærra en þar er hlutfallið 4,6 prósent.

Erlendir launþegar á Íslandi eru um sjö þúsund en nálægt ellefu þúsund erlendir ríkisborgarar eru búsettir hér. Auk þeirra vinna allt að 1500 erlendir borgarar á þjónustusamningum, en þeim hefur fjölgað verulega á allra síðustu árum.

Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar, nefnir sem dæmi um þjónustusamninga að samið er við erlent fyrirtæki um smíði á húsi. Kaupandi hússins greiðir fyrirtækinu ákveðna upphæð fyrir efni og vinnu sem unnin er af útlendingum sem

koma hingað tímabundið til að reisa húsið.

Gissur segir að eina leiðin til að sporna gegn þessu sé átak skattayfirvalda því starfsemin er virðisaukaskyld. Samkvæmt lögum á að greiða 24,5 prósent virðisaukaskatt fyrir þjónustu en Vinnumálastofnun hefur að undanfögnu reynt að vekja skattayfirvöld til vitundar um vangreiddan virðisaukaskatt vegna þessarar þjónustu.

„Þjónustusamningar eru ein leið atvinnurekenda til að reyna að komast fram hjá atvinnuleyfakerfinu í hinni gífurlegu þenslu sem nú er í þjóðfélaginu,“ segir Gissur. „Atvinnurekendur hafa gripið til þess að útbúa þjónustusamninga við starfsmenn vegna þeirra takmarkana sem sett eru á útgáfu atvinnuleyfa en einnig til

þess að sleppa við að þurfa að fara í gegn um þá síu sem við erum með,“ segir Gissur.

„Þjónustusamningar eru illa séðir vegna þess að þeir skekkja samkeppni gagnvart þeim sem greiða eðlileg laun. Ekki er hægt að fylgjast með því að þeim sem starfa á þjónustusamningum séu greidd laun samkvæmt íslenskum kjarasamningum og koma í veg fyrir að brotið sé á réttindum þeirra. Þjónustusamningar takmarka líka möguleika okkar að koma fólki af atvinnuleysis-skrá í þessi störf. Menn vilja náttúrulega frekar hafa harðduglega pólska verkamenn á lágu kaupni en ráða Íslendinga af atvinnuleysissskrá fyrir miklu hærri laun, þótt það séu bara lágmarks-laun,“ segir Gissur.

sda@frettabladid.is

Kentucky Fried Chicken sækir um lóð á Akureyri:

Vill opna 50 manna vinnustað

KJÓKLINGASTAÐUR KFC ehf. hefur hug á að opna Kentucky Fried Chicken-kjúklingastað á Akureyri og hefur félagið sótt um þrjú til fjögur þúsund fermetra lóð undir nýjan veitingastað. Ingunn Helgadóttir, annar tveggja stjórnenda KFC, segir félagið ekki hafa ákveðna lóð í huga en óskastaðsetningin sé við Glerárgötu, á svæðinu frá Glerártorgi að Samkomuhúsinu þar sem Leikfélag Akureyrar er með aðstöðu.

Ingunn segir að um sé að ræða hefðbundinn KFC-veitingastað með bílalúgu og sæti fyrir 100 matargesti en KFC rekur nú sex slíka staði hér á landi. „Akureyri er vaxandi staður og því horfum við nú norður en margir hafa skorað á okkur að opna nýjan kjúklingastað á Akureyri. Boltinn er hjá bæjaryfirvöldum en ef hug-



EIGANDI KFC Helgi Vilhjálmsson, kenndur við Góu, keypti Sælgætisgerðina Lindu á Akureyri árið 1993 en nú vill hann opna kjúklingastað á Akureyri og fjölga þar með störfum í bænum.

myndir okkar ná fram að ganga munu um fimmtíu manns fá vinnu við veitingastaðinn, þar af um tuttugu í fullu starfi,“ segir Ingunn.

Lóðarumsókn KFC er nú til skoðunar hjá stýrihópi á vegum verkefnisins Akureyri í öndvegi sem lýtur að uppbyggingu nýs miðbæjar á Akureyri. - kk

Haustsíldin lætur sjá sig:

Síldveiðar hafnar

VERTÍÐ Síðastliðinn sunnudag fékk Jóna Eðvalds SF frá Hornafirði fyrstu síldina sem veiðist á Íslandsmiðum á þessu hausti.

Halldór Jónasson skipstjóri segist þó ekki hafa orðið var við mikið af síld en Jóna var eina síldarskipið á miðunum úti af Austfjörðum í gær. „Við fengum tæp fjörutíu tonn af góðri síld á Gerpisflaki og munum leita á svæðinu eitthvað áfram áður en við löndum,“ sagði Halldór í gær.

Lítið sem ekkert hefur sést til síldar fyrir vestan land í haust en þar veiddist hún vel í upphafi vertíðar í fyrra.

- kk



SILFUR HAFSINS Fyrsta síldin á nýhafinni haustvertíð veiddist um helgina.

Norður-Kórea heitir afvopnun

Samkomulag hefur náðst við Norður-Kóreumenn um að hætta áformum um framleiðslu kjarnorkuvopna og hætta vinnslu kjarnorku í landinu.

PEKING, AP „Því fyrr sem við getum hafið eftirlit, því betra,“ segir Mohamed ElBaradei, yfirmaður Alþjóða kjarnorkumálastofnunarinnar. Tveggja ára viðræður sex þjóða um kjarnorkuáætlun Norður-Kóreu báru loks árangur í gær þegar samkomulag náðist við Norður-Kóreumenn um að hætta auðgun úrans. Norður-Kórea hefur jafnframt gefið loford um að hætta allri vinnslu í aðalkjarnorkuveri sínu í Yongbyon. „Nú er kominn tími til þess að loka verinu,“ segir Christopher Hill, samningafulltrúi Bandaríkjanna í viðræðunum.

Í stað þess að hætta kjarnorkuvinnslu og gerast aðilar að alþjóðasáttmála um bann við útbreiðslu kjarnorkuvopna hefur Norður-Kóreu verið heitið aðstoð í orkumálum. Í viðræðunum var talað um að í fyllingu tímans yrði hægt að setjast að samningaborði og ræða um byggingu léttvatnskjarnakljúfs í Norður-Kóreu.

Þátttökupjóðir í viðræðunum vilja þrátt fyrir þessa niðurstöðu hafa varann á. „Þetta samkomu-

lag þýðir ekki endilega að lausnin sé í höfn,“ segir Kenichiro Sasae, samningamaður Japana.

Í viðræðunum fullyrta Bandaríkjamenn að þeir hefðu ekki komið fyrir kjarnorkuvopnum á Kóreuskaga og að þeir hefðu engin áform uppi um að ráðast á Norður-Kóreu. Fulltrúar Suður-Kóreu tóku undir þessar yfirlýsingar, sem komu í kjölfar þess að Norður-Kóreumenn telja sig þurfa á kjarnorkuvopnum að halda til landvarna.

Viðræðurnar komust í patti-stöðu í síðustu viku eftir að Norður-Kóreumenn kröfðust aðstoðar við byggingu léttvatnskjarnakljúfs í skiptum fyrir að leggja niður kjarnorkuáætlanir sínar. Þeir höfðu einnig neitað að afvopnast nema bætur kæmu til. Bandaríkjamenn telja engar bætur geta komið til nema full afvopnum verði staðfest.

Þjóðirnar sem tekið hafa þátt í viðræðuferlinu eru Kína, Japan, Rússland, Bandaríkin, Norður-Kórea og Suður-Kórea.

saj@frettabladid.is



CHRISTOPHER HILL Fulltrúi Bandaríkjanna sést hér leggja við hlustir undir lok viðræðnanna á Diaoyutai-hótelinu í Peking í gær. Hill vill að slökkt verði á kjarnaofninum í Yongbyon hið snarasta.

Fiskvinnslan Brim á Grenivík:

Jólasaltfiskur fyrir Portúgala

SALTFIÐUR Fjórtán starfsmenn í saltfiskvinnslu Brims á Grenivík eru nú að vinna fisk sem enda mun á jólaborðum Portúgala en þangað fer allur sá fiskur sem saltaður er í vinnsluhúsi Brims á Grenivík.

Gunnar Aspar verkstjóri segir Portúgalsmarkað hafa verið heldur erfiðan undanfarin misseri en nú kalli markaðurinn eftir saltfiski og verð sé á uppleið.

Einungis stór fiskur, fimm kílóa þorskur og stærri, fer á Portúgalsmarkað. Gunnar segir



SALTFIÐUR Grenvíkingar framleiða saltfiskinn á jólaborð Portúgala

framboð af slíkum fiski nú um stundir með minna móti en á von á að úr rætist fljótlega.

- kk

Verndaðu lífsgæði fjölskyldunnar

Launavernd

Ertu búinn að tryggja þér og fjölskyldunni áframhaldandi laun komi til tekjumissis vegna fráfalls, sjúkdóma eða starfsloka vegna aldurs?

Skynsemin segir þér hvað er rétt að gera. Ekki hugsa málið – kláraðu það!

 **Landsbankinn**
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

„ORDRÉTT“

Liggur beint við

„Þeir sem eru ölváðir af kaupæði verðbréfaspákaupmanna hefðu gott af því að lesa bréf dr. Valtýs Guðmundssonar, prófessors, sem kom mági sínum, Jóhannesi bæjarfógeta, í ógæfu og lagði Jónasi Jónssyni frá Hriflu vopn í hendur til að ófrægja bæjarfógetann fyrir meðferð á ekknasjóðnum.“

Voðaleg svartsýni er þetta

„Þegar tekið er sláturhús og því breytt í skóla og kennslan fer fram í frystiklefum þá er ekki líklegt að þar fari fram lifandi tónlistarkennsla.“

KJARTAN ÓLAFSSON, PRÓFESSOR
VIÐ TÓNSMÍÐAÐEILD LISTAHÁSKÓLA
ÍSLANDS, UM HÚSNÆÐISEKLU
SKÓLANS Í DV.

PÉTUR PÉTURSSON PULUR Í MORG-
UNBLAÐINU.nær og fjær
tilveran**SJÓNARHÓLL**
FRAMSÓKN Í ÓGÖNGUMEYJÓLFUR KRISTJÁNSSON TÓNLIST-
ARMAÐUR**Halldór er hæfur**

Eyjólfur Kristjánsson tónlistarmaður telur enga ástæðu til að Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra segi af sér. Í nýlegri frétt Fréttablaðsins kemur fram að raddir innan Framsóknarflokksins segi Halldór hafa einangrast innan flokksins og njóta ekki lengur fulls stuðnings þingflokks síns. Margir telji að eina leið flokksins út úr ógöngum sé að Halldór segi af sér og jafnvel öll forystan. „Mér finnst full djúpt í árinni tekið að hann hafi einangrast. Ég held bara að Halldór þurfi að þurrka aðeins af borðinu og taka til í garðinum,“ segir Eyjólfur, sem finnst Halldór hæfur stjórnmálamaður og góður í því sem hann er að gera. Eyjólfur telur ekki að vandræðagangur sé innan flokksins. Hann telur stefnu flokksins góða og gilda en hana þurfi að markaðssetja betur. „Eins og Steingrímur gerði 1987 þegar hann fór hringinn í kringum landið með Bitlavínafélaginu.“

HVAD ER AÐ FRÉTTA? JOSY ZAREEN MAGADANSMÆR

Undirbýr magadanskeppni

Brasilíska magadansmærin Josy Zareen hefur haft í svo mörgu að snúast í sumar að hún hefur ekki ennþá komist í sumarfrí. „Ég hef verið mjög upptekin við gæsapartí,“ segir Josy en mjög vinsælt virðist vera að gæsaþópar skelli sér saman á stutt magadansnámskeið. Þá opnaði Josy nýtt og stærra dansstúdíó í Ármúla fyrir tveimur mánuðum. „Umfangið var orðið svo mikið að nauðsynlegt var að stækka,“ segir Josy en um 300 konur sækja tíma í Magadanshúsinu. Josy segir áhuga Íslendinga á magadansi alltaf vera að aukast. „Vinkonur koma með vinkonur þannig að þetta er eins og píramídi,“ segir Josy, sem hlakkar mikið til helgarnar þar næstkomandi laugardag verður haldin keppni í magadansi í tónleikasalnum Ymi. „Þetta er í fjórða sinn sem keppnin verður haldin,“ segir Josy en Helga Braga verður

kynnir. Keppt er í tveimur flokkum, áhugamanna og atvinnumanna, og eru keppendur alls um fjórtán. Josy ætlar ekki að dæma keppnina sjálf eins og hún hefur oft gert heldur verður fenginn gestadómari frá Egiptalandi. Josy áréttar að öllum sé frjálst að mæta og fylgjast með. Þrátt fyrir mikið annríki ætlar Josy að skella sér til Egiptalands í næsta mánuði. „Ég ætla að fara á námskeið og kaupa búninga,“ segir Josy, sem getur þó ekki verið lengi í burtu þar sem nemendur hennar vilja ekki missa hana. Hún mun því bara dveljast í Egiptalandi í viku að þessu sinni en stefnir á lengri dvöl þar yfir jólin.

**Enginn datt í hringbrotinu**

Efnt var til sautjándu aldar dansleiks í Skálholti á sunnudag í tengslum við dagskrá sem helguð er minningu Brynjólfs biskups Sveinssonar. Stignir voru branle-dansar sem vitað er til að danskar prinsessur dönsuðu fyrir um fjórum öldum.

Andi sautjándu aldar sveif yfir vötnum í Skálholti um helgina þegar stignir voru dansar sem líklegt er að prinsessur við dönsku hirðina hafi stigið fyrir um fjögur hundruð árum. Efnt var til dansleiksins í tengslum við fjögurra alda minningu Brynjólfs biskups Sveinssonar sem uppi var á árunum 1605 til 1675.

„Maður fékk smjörþefinn af því hvernig lifið var á Íslandi á 17. öld,“ segir Jón Pálsson, formaður Biblíufélagsins, en dansleikurinn var lokapunktur mikillar dagskrár á sunnudag þar sem, fyrir utan fyrirlestir, var boðið upp á 17. aldar flaututónleika, messu og kvöldverð. „Messan var mjög

áhrifarík enda var þetta sungin messa,“ segir Jón, sem gæddi sér ásamt um hundrað öðrum á ýmsum kræsingum í kvöldverðinum. „Við fengum soðinn lax og salat úr hundasúrum og fleiru sem var ræktað í Skálholti. Hangikjötið var án nítrats og lítið saltað svo að liturinn var framandi en það bragðaðist mjög vel,“ segir Jón hrifinn en einnig var boðið upp á nautakjöt. Ekki var áður vitað að það hefði verið á boðstólum á 17. öld á Íslandi en í nýlegum uppgreiftri við biskupssetrið fannst töluvert af nauta- og kúabeinum. Einnig var boðið upp á harðfisk, söl, hvannarótarsnafs og heimatilbúinn mjöð.

Í lok dags var slegið upp dansleik en dansinn leiddi Ingibjörg Björnsdóttir listdanskennari. „Þetta var sýning á því sem maður gæti ímyndað sér að Brynjólfur Sveinsson hefði séð þegar hann var í Kaupmannahöfn,“ segir Ingibjörg en vitað er til þess að danskar prinsessur og gestir á háttíðum hafi dansað á franskan máta á þessum tíma og þá líklega svokallaða branle-dansa sem þekktir voru í Evrópu. „Á þessum tíma voru branle-dansarnir orðnir gamaldags og púkó í Frakklandi,“ segir Ingibjörg. Ekki er vitað hvort Brynjólfur sjálfur hafi stigið slíkan dans en hann þótti frekar fábrotinn í háttum og lítið fyrir



MYNDJÓN PÁLSSON

FRANSKUR HIRÐDANS Þjálfari dansarar sýndu nokkra flóknari hirðdansa eins og gavotte, courante og menúett.

glingur og glys.

Á dansleiknum voru því stignir branle-dansar en auk þess voru sýndir flóknari dansar af æfðum dönsurum. Einn íslenskur þjóddans var stigin en Ingibjörg segir engar upplýsingar liggja fyrir um hvernig dansað var á Íslandi á sautjándu öld. „Til eru heimildir

um það aðeins síðar að skólapiltar í Skálholti hafi dansað hringbrot og enduðum við á því,“ upplýsir Ingibjörg, sem segir fólk hafa staðið sig ótrúlega vel í dönsunum. „Enginn datt í hringbrotinu eða lenti í algerum handleggja-vandræðum, sem er þó mjög auðvelt.“

solveig@frettabladid.is

Íslandsmótið í Catan Landnemarnir haldið í þriðja sinn:

Fyrirmynd spilsins er Ísland

Íslandsmótið í spilinu Catan Landnemarnir verður haldið næstkomandi laugardag. Catan hefur átt töluverðum vinsældum að fagna bæði hér á landi og erlendis. Þetta er í þriðja sinn sem Íslandsmót er haldið en um níutíu manns kepptu á Íslandsmótinu í fyrra og búist er við töluverðri fjölgun í ár að sögn Hálfðans Örlygssonar, útgefanda spilsins og mótshaldara. Sigurvegari mótsins mun keppa fyrir Íslands hönd á heimsmeistaramóti í Essen í Þýskalandi um miðjan október. Hálfðan segir sigurvegara fyrri móta hafa staðið sig með ágætum erlendis en keppendur á heimsmeistaramóti koma frá yfir þrjátíu löndum.

„Fyrirmyndin að spilinu er Ísland og landnámið,“ upplýsir Hálfðan en upphafsmaður spilsins, Þjóðverjinn Klaus Tauber, heillaðist af Íslandi á unglingsaldri. Spilið er sambland af hugkvæmni og heppni. Þar reyna þátttakendur að ná yfirráðum á fjarlægri eyju með því að byggja bæi og borgir á auðnum hennar. Hvað hægt er að byggja fer eftir því hraefni sem leikmaðurinn aflar



CATAN LANDNEMARNIR Sigurvegari á Íslandsmótinu í Catan keppir fyrir Íslands hönd á heimsmeistaramóti í Þýskalandi.



DJÚPT HUGSI Frá Íslandsmótinu í Catan árið 2004.

sér í spilinu. „Fólk þarf að spjalla saman og prúttu og það er þessi mannlegi þáttur sem gerir spilið skemmtilegt,“ segir Hálfðan en gefnar hafa verið út viðbætur og

stækkanir við spilið.

Keppni hefst á hádegi í húsnæði Skáksambands Íslands í Faxafeni 12. Hægt er að skrá sig á mótið á isbok@centrum.is.

-sgj

DV

Sveinbjörn Kristjánsson sest á skólabekk

Landssímapjófur lærir bókhald

Dæmdur fyrir fjársvik og byrjar í fjarnámi við Bifröst



þorir þegar aðrir þegja!



BJÓRINN VERÐUR TEYGAÐUR Hin vinsæla októberhátíð í Þýskalandi hófst með með skrudgöngu í München.

Nýtt gæludýraæði:
Fílar til sölu í Taílandi

Stórhuga dýravínir í Taílandi kætast því fílaræktandi í grennd við Bangkok hefur auglýst tuttugu fíla til sölu. Dýrin eru á aldrinum eins og hálf til þriggja ára.

Kaupverðið er tæpar þrjár milljónir króna en það fylgir hins vegar böggull skammrifi, því sá sem hefur áhuga á að festa sér fíl þarf að eiga að minnsta kosti fimmtán milljónir króna inni á bankabók. Auk þess þarf að vera tryggt að fíllinn fái nóg pláss til að hreyfa sig og hafi aðgang að drullupolli til að kæla sig þegar heitt er í veðri.

Og ekki er kálið sopið enn því væntanlegir eigendur fá þriggja mánaða reynslutíma. Falli þeir á prófinu verður fíllinn tekinn aftur og endurgreiddur.

Fílar eru þjóðardýr Taílands og í miklum metum meðal landsmanna enda er sagt að gæfa og gjörvileiki fylgi hverjum þeim sem á fíl. ■



FÍLAR Einn fíll kostar tæpar þrjár milljónir króna.



„Lið-Aktín gerir mér kleift að stunda íþrótt mína af fullum krafti, laus við þrautir“



KRAFTAVERK



Má bjóða þér einn?

“Hröð og fagleg þjónusta eru einkunnarorð okkar hjá Lýsing. Ef þig vantar fjármögnun á atvinnutæki þá ábyrgjumst við svar á innan við sólarhring frá því að öll gögn liggja fyrir. Einfaldara getur það ekki verið.“

Elvar Daði Eiríksson
Ráðgjafi, Fjármögnun atvinnutækja



LÝSING


Fjármögnun í takt við þínar þarfir

Suðurlandsbraut 22
108 Reykjavík
Sími 540 1500 Fax 540 1505
www.lysing.is

SVONA ERUM VIÐ

VERSLUNARMENN VINNA AÐ MEÐALTALI 45 KLUKKUSTUNDIR Á VIKU

Heimild: LAUNAKÖNNUN VR



baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL GREINING: HAFÍS

Ís norðurskautsins á undanhaldi

Fréttablaðið greindi frá því í síðustu viku að ísbreiðan yfir norðurskautinu hefði bráðnað óvenjuhætt í sumar og þar með haldi áfram sú framvinda sem hófst fyrir fjórum til fimm árum þegar sérfræðingar tóku að merkja óvenjumikla bráðnun.

Hversu mikil er bráðnunin?

Gervihnattamyndir sýna að ísinn hefur ekki bráðnað viðlíka mikið í hundruð ef ekki þúsundir ára. Sérfræðingar óttast að bráðnunin hafi náð að mynda vítahring þar sem ekki verði rönd við reist á næstu árum og ísinn haldi áfram að bráðna sem aldrei fyrr. Í septembermánuði ár hvert þekur ísinn venjulega um sjö milljónir ferkílómetra yfir norðurskautinu en það er svæði á stærð við alla Ástralíu. Í september árið 2002 þakti ísinn aðeins tvær milljónir ferkílómetra og á þessu ári sýnist sérfræðingum sem ísinn hafi

bráðnað enn meir og sé minni um sig en nokkru sinni fyrr. Þótt ísinn bráðni mjög yfir sumartímann í venjulegu árferði bætir hann við sig á veturna og breiðir úr sér. Það hefur ekki gerst undanfarin þrjú ár.

Hvað orsakar mikla bráðnun nú?

Vísindamenn telja að íshafssvæðið sé allt að hitna og breytingarnar nái út yfir heimskautaisinn sem hafi stuðlað að jafnvægi í veðurfarinu á norðurslóðum um þúsundir ára. Þegar ísinn bráðnar hratt drekkur æ stærri hafflötur norðurhvelsins í sig sólarljósið en varpar því ekki frá sér eins og hvít ísbreiðan gerði áður. Þetta eitt leiðir til þess að sjávarhitinn eykst, sem herðir á bráðnun íssins. Þar með lokast vítahringurinn. Tölvulíkan sem matað hefur verið með upplýsingum reiknar út að með sama áframhaldi



verði allur hafís horfinn af norðurskautinu árið 2070. Sumir vísindamenn telja að ísinn muni bráðna miklu hraðar.

SPURT & SVARAÐ

■ HÆTTA Á ÚTBREIÐSLU Á RIÐU

Þörf á meiri fræðslu

Sumir sauðfjárbændur óttast að hestamenn geti með háttarni sínu valdið smituriði milli landshluta. Er nefnd ógætileg umgengni með hey í réttarhólfum, heyflutningar og flutningar á hrossum á tækjum sem notuð hafa verið til flutnings á sauðfé. Er umgengni hestamanna á ferðalögum með þeim hætti að hætta sé á að þeir breiði úr riðusmit? Nei, það tel ég alls ekki vera. Menn eru ekki að ferðast með hey með sér um langan veg heldur kaupa það þar sem dvalið er yfir nótt. Hefur þú heyrt þá sem hýsa ferðamenn og hesta þeirra kvarta undan vondri umgengni um girðingar? Ég kannast ekki við það, hvað þá að hestafólk hafi verið grunað um að klippa á sauðfjárveikivarnagirðingar. Þar held ég að aðrir hljóti að hafa verið að verki. Ég minnst þess til dæmis ekki að hafa komið að opnu hliði á slíkri girðingu á þeim reiðleiðum sem ég hef farið um, sem eru orðnar fjölmargar.

Heldurðu að hestamenn séu nógu meðvitaðir um smíthættu riðuveiki?

Kannski ekki yngra fólkið. Þess vegna finnst mér að yfirvöld dýrlækna ættu að birta upplýsingar og kort yfir riðusvæði og æskilega umgengni í hestablöðum og vefsíðum á



SIGRÚN SIGURÐARDÓTTIR LEIÐSÖGUMAÐUR OG SKÓLASTJÓRI SUMARREIÐSKÓLA ÍSHESTA.

haustin og svo aftur á vorin þegar verið er að undirbúa hestaferðalög sumarsins."



HALLDÓR ÁSGRÍMSSON, FORMAÐUR FRAMSKÓKNARFLOKKSINS Halldór er ekki á leiðinni úr pólitík og þarf að bregðast við vopnaglamrí í herbúðunum.



VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR, IÐNAÐAR- OG VIÐSKIPTARÁÐHERRA „Varaformaðurinn hefur ekki gengið vel í takt í þessu máli.“



GUÐNI ÁGÚSTSSON, VARAFORMAÐUR FRAMSKÓKNARFLOKKSINS Öryggisráðsmálið er allt í uppnámi að mati Guðna.

Ólgan undir niðri

Skjálftavirknin undir forystu Framsóknarflokksins á sér margar rætur. Á endanum verður spurt hver geti skapað samstöðu og eindrægni í forystunni og bætt fylgi flokksins. Vera má að flýta þurfi landsfundi til að útkljá málin.

Það liggur í loftinu að Geir H. Haarde verði kjörinn næsti formaður Sjálfstæðisflokksins með rússneskri kosningu á landsfundi flokksins í næsta mánuði. Við blasir að Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir nái góðri kosningu í varaformannsstólinn eftir að hugsanlegir keppinautar hennar drögu sig kurteislega í hlé og lýstu stuðningi við framboð hennar.

Því má halda fram að þetta sé uppskrift að samhentri og agaðri atburðarás í stjórnmálaflokki skömmu eftir að litríkur og áhrifaríkur formaður þessa sama flokks ákveður að draga sig í hlé fáeinum vikum fyrir landsfund.

Uppskrift af þessum toga gagnast ekki forystu Framsóknarflokksins um þessar mundir. Engum vafa er undirorpið að forysta flokksins er ekki tiltakanlega samhent. Halldór Ásgrímsson er reyndur og sterkur formaður. Guðni Ágústsson, varaformaður flokksins, er ekki í sérstöku stuðningsliði Halldórs innan flokksins. Siv Friðleifsdóttir, ritari flokksins, vék úr ráðherraembætti í formannstíð Halldórs og ætlar sér áreiðanlega stærri hlut í flokknum á nýjan leik. Konur í flokknum þöldu það illa á sín- um tíma. Eins er víst að Siv sjái hvorki Halldór né Guðna sér við hlið í flokksforystunni eftir fáein ár takist henni að hasla sér þar völl á nýjan leik.

Innanmeinn en slétt yfirborð

Merkilegt má telja að óánægjan og ólgan er þess eðlis að hún kemur varla upp á yfirborðið. Langflestir styðja formanninn þegar beðið er um skýr svör. Ólgan er meira eins og innanmeinn þar sem allt er slétt á yfirborðinu.

Ástæður óánægjunnar eru margvíslegar og liggja sumar í augum uppi. Framsóknarflokknum hefur gengið afar illa að auka vinsældir sínar og fylgi á undanförunum árum. Íraks málið, banka- sölumálið og nú öryggisráðsmálið

mæða á flokknum. Jafnvel hefur flokkurinn borið byrðar fyrir samstarfsflokkinn. Þetta gæti orðið dragbítur í sjálfstæðu framboði flokksins til borgarstjórnar Reykjavíkur næsta vor. Fá flokkurinn herfilega útreið í sveitarstjórnarkosningunum – ári fyrir þingkosningar – hlýtur að sjóða upp úr.

Sætin á framboðslistanum

Árni Magnússon félagsmálaráðherra komst með tilstyrk fáeinna atkvæða á þing í Norðurkjördæmi Reykjavíkur í þingkosningunum 2003, næstur á eftir Halldóri Ásgrímssyni. Stundum er rætt um Árna sem framtíðarforingja Framsóknarflokksins. Miðað við

„Varaformaðurinn hefur ekki gengið vel í takt í þessu máli. Ég lýsi undrun minni og mótmæli því að staða formannsins sé ótraust vegna þessa,“

VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR

slakt fylgi nú þarf flokkurinn að finna handa honum nýtt kjördæmi til að tryggja honum þingsæti og stöðu í samræmi við slíkar væntingar og skáka einhverjum út í leiðinni því varla dugar minna en fyrsta sætið. Eða kannski fer hann gegn Halldóri. Hvað sem öðru líður hlýtur hann og aðrir þingmenn flokksins í þéttbýlinu að hafa miklar áhyggjur af slöku fylgi flokksins á suðvesturhorninu. Það á við um Jónínu Bjartmarz, þingmann flokksins í Suðurkjördæmi Reykjavíkur. Hún – eins og fleiri – telur að flokksforysta eigi að axla ábyrgð og gegni auk þess mikilvægu hlutverki við að skapa samstöðu og eindrægni.

Hvort óánægja þéttbýlisþingmanna nægir til þess að þjappa saman Árna, Jónínu, jafnvel Hjálmarí Árnasyni og fleirum í bandalag sem hefði að markmiði að stefna á toppinn, skal láta ósagt.

Fullyrt er við Fréttablaðið að ákveðinnar ólgu gæti innan Framsóknarflokksins víða um land. Á sama tíma og flokkurinn býr við slakt fylgi virðist sem forystan sé ekki samhent. Gagnrýnt er að formaðurinn fari sínu fram og ráðfæri sig ekki við þingflokkinn né aðra, nú síðast varðandi yfirlýsingar um aðildarumsókn að öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Varaformaðurinn talaði um að allt málið væri í uppnámi.

Að ganga í takt eða ekki

Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, blæs á slíkar raddir. „Varaformaðurinn hefur ekki gengið vel í takt í þessu máli. Ég lýsi undrun minni og mótmæli því að staða formannsins sé ótraust vegna þessa,“ segir Valgerður.

„Mér líkar illa svona tal, ekki síst vegna þess að á sjö árum hafa þeir sem nú hafa efasemdir um aðildarumsókn að öryggisráðinu aldrei fært slíkar efasemdir í tal, til dæmis við afgreiðslu fjárlaga þar sem fé hefur verið varið til þessara mála,“ segir Valgerður jafnframt.

Varla verða innanmeinn í Framsóknarflokknum spyrnt við öryggisráðsmálið eitt. Benda má á að Landssamband framsóknarkvenna og stjórn ungra framsóknarmanna hafa lýst stuðningi við framgöngu formannsins í málinu.

Íraks- og fjölmiðlamál, slakt fylgi í skoðanakönnunum, ósamhent forysta, klíkustjórnmál og undirliggjandi átök um efstu sæti framboðslista í náinni framtíð eru líklegri skýringar á framsóknarólgunni en aðildarumsókn að öryggisráðinu.

Kannski verður málið rætt á miðstjórnarfundi og landsfundi flokksins, hvenær sem hann verður.



FRÉTTASKÝRING
JÓHANN HAUKSSON
johannh@frettabladid.is

SMS ÁSKRIFT Á TÓNLIST.IS



SMS áskrift á Tónlist.is

Ný áskriftarleið fyrir þá sem ekki nota kreditkort. Sendu eitt SMS og þú ert kominn í áskrift.

Fáðu þér aðgang að stærsta tónlistarvef landsins fyrir aðeins 398 krónur á viku!

Kynntu þér málið á www.tonlist.is

TÓNLIST.IS






The Presidents Cup

515 6100 | SYN.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

FORMÚLA & GOLF ALLA NÆSTU HELGI

FORSETABIKARINN
FIMMTUDAG - SUNNUDAG
A1 GRAND PRIX
HEIMSBIKARINN Í FORMÚLU
LAUGARDAG - SUNNUDAG



SYN
besta sætið

skoðun

SJÓNARMÍÐ
SIGURJÓN M. EGILSSON

Formaður Framsóknarflokksins hefur misst samband við sína nánustu samstarfsmenn.

Þetta er nóg

Ósætti er innan Framsóknarflokksins með störf formannsins og forsætisráðherrans, Halldórs Ásgrímssonar. Þetta fullyrða menn úr innsta valdakjarna flokksins, menn sem hafa hingað til verið taldir meðal helstu stuðningsmanna formannsins. Allir þeir sem Fréttablaðið hefur talað við og hafa nafnlaust tjáð sig um óánægju sína verða að koma fram og segja opinberlega, og það undir nafni, hvað þeim þykir vera að og hvers þeir vænta. Framboðið til öryggisráðsins er ekki stóra deilumálið innan Framsóknarflokksins. Síðustu atburðir í því máli eru sennilega hins vegar kornið sem fyllti mælinn. Mælinn er fullur, segja ráðamenn í Framsóknarflokki. Það er mikið verk fram undan hjá formanninum eigi honum að takast að koma lagi á hlutina tímanlega fyrir sveitarstjórnarkosningarnar.

Margir þingmanna Framsóknarflokksins gengu lengra en þeir helst vildu. Studdu sinn formann, en um leið gekk hann á birgðir sáttfýsi og jafnvel undirlægjuháttar.

Það er mikil ábyrgð lögð á herðar formanni flokks þar sem sundurþykkja er. Með sama hætti er mikil ábyrgð hjá þeim samstarfsmönnum formannsins sem tala nafnlaust gegn honum og hans vinnubrögðum. Fréttablaðið veit hverjir fara fremstir í óánægjunni í Framsóknarflokkinum. Sökum tryggðar við heimildarmenn verða þeir ekki nafngreindir fyrr en þeir sjálfir stíga fram. Það er rangt af þeim að draga það.

Allir vissu að Ísland hefur þá stefnu að bjóða sig fram til setu í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Það vissu hins vegar engir nema Halldór Ásgrímsson og Geir H. Haarde, verðandi utanríkisráðherra, að afdráttarlaus tilkynning um framboðið yrði gefin út í ræðu Halldórs á leiðtogafundi Sameinuðu þjóðanna. Það fór illa í samflokksmenn hans og helsta bakland. „Hann talar eins og hann sé flokkurinn,“ orðaði einn það. Hjálmar Árnason þingflokksformaður er enn og aftur í vandræðum þar sem engum virðist unnt að skilja orð hans. Hann sagðist misskilinn þegar hann talaði skýrt um að til greina hafi komið, að hans mati, að taka Ísland af lista staðfastra þjóða vegna innrásarinnar í Írak og hann segist nú hafa verið oftúlkaður þegar hann sagði skýrar en þarft var að framboð Íslands til öryggisráðsins hefði aldrei verið samþykkt í þingflokki þeirra framsóknarmanna. Nóg um það.

Það er stutt til sveitarstjórnarkosninga. Flestir þeir framsóknarmenn sem rætt hefur verið við hafa áhyggjur, óttast að illa fari. Bent er á formanninn og sagt að seta hans í forsætisráðuneytinu hafi átt að hressa flokkinn við og auka fylgið. Það hafi ekki gengið eftir. Trúnaður meðal samstarfsmanna fer þverrandi. Öryggisráðsmálið er ekki aðalatríðið. Það er bent á fleiri mál, svo sem Íraksmálið og fjölmiðlamálið þar sem margir þingmanna Framsóknarflokksins gengu lengra en þeir helst vildu. Studdu sinn formann, en um leið gekk hann á birgðir sáttfýsi og jafnvel undirlægjuháttar.

FUNDAFERÐ

Þingflokkur Frjálslynda flokksins verður á ferðinni um landið næstu daga ásamt Jörgen Niclasen, varaformanni og þingflokksformanni Fölskflokksins í Færeyjum. Jörgen er fyrrverandi sjávarvegariðherra Færeyja.

Jörgen Niclasen mun halda erindi á eftirlitshúsi stöðum, þar sem hann greinir frá reynsla Færeylinga af fiskveiðistjórnun og svæðisforum árum og svarar fyrirspurnum.

Fundiðir eru opin. Allir velkomin!

ÍSÁFJÖRDUR
Fundur á Hótel Ísafirði miðvikudaginn 21. sept. kl. 20:00

AKUREYRI
Fundur í Borgun á Akureyri föstudaginn 23. sept. kl. 13:30

VIÐSTANNAEYJAR
Fundur í Hólinni laugardaginn 24. sept. kl. 14:00

Einnig mun þingflokksurinn hafa stuðningsfólk m.a. á Hólmanvík, Sigluför, Ólafsdæli og á Suðurnesjum.

FRJÁLSLYNDI FLOKKURINN

Sigurjón M. EgilssonÓlafur A. KristjánssonJörgen NiclasenMagnús Þór HalldórssonMargrét Svendsdóttir

	FRÁ DEGI TIL DAGS	
EKKI NÓG „Sem betur fer hafa völd stjórnmalamanna minnkað á undanförunum árum. Svo er hitt að þau hafa ekki minnkað nærri nóg,“ segir Vefþjóðviljinn í gær. Tilefnið er viðtal við Dag B. Eggertsson, einn helsta leiðtoga R-listans, í Tímartí Morgunblaðsins á sunnudaginn. Þar lýsir Dagur áhyggjum sínum yfir því að gjá hafi myndast milli samfélags sem byggir á sköpunarkrafti og þekkingu og stjórnmála sem hafi villst af leið. Þessari gjá vill Dagur loka og er helst á honum að skilja að það sé létt verk í samfélagi eins og okkar „þar sem maður fær viðtal hjá ráðherra eða ráðhúsinu í sömu viku og maður fær góða hugmynd“.	sköpunarkrafti og þekkingu hafi einmitt orðið til þegar þessi gjá var búin til milli atvinnulífs og stjórnmála. „Dagur, sem skilur „æðaslátt nýrra tíma“ eins og það er orðað í viðtalinu, er þeirrar trúar að góðar hugmyndir séu best geymdar á biðstofum ráðhúss og ráðherra. Honum til fróðleiks skal það upplýst hér að svona var þetta einu sinni í þessu samfélagi, samfélagi sem byggði ekki á sköpunarkrafti heldur atkvæðakrafti og ekki á þekkingu heldur á því að þekkja einhvern. Í dag fara menn bara með góðar hugmyndir í bankann og fá viðtal samdægurs“.	Össurar Skarphéðinssonar um rauðgræna ríkisstjórn á Íslandi. Honum finnst einkennilegt að á sama tíma predikar Össur viðhorf sem hver hægri-stjórn gæti verið fullsæmd af. „Eru þetta þeir kostir sem Össur ætlar að bjóða Ögmundi og Steingrími J. upp á? Hægri sinnuð hugmyndafræði utan um vinstra samstarf. Alveg augljóslega ef maður les skrif hans. Með öðrum orðum. Það er boðið upp í dans. Á danskortinu stendur: Rauð/græn ríkisstjórn með hægri sinnaða hugmyndafræði. Það yrði skríttinn og skrykkjóttur dans, sem þá yrði stígninn,“ segir Einar.
Gjáin nauðsynleg Vefþjóðviljinn segir að Degi yfirsjáist algerlega að þetta samfélag sem byggir á	Skritinn dans Einar K. Guðfinnsson skrifar á vefsíðu sína, ekg.is, um hugmyndir	 gm@frettabladid.is

Samgöngumiðstöð Íslands?

Loksins eru farin að heyrast fleiri sjónarmið varðandi staðsetningu miðstöðvar innanlandsflugs. Loksins eru farnar að heyrast raddir sem telja miðstöðina best komna í höfuðborg landsins. Nú má vel vera að einhverjir hafi heyrt slíkar raddir þótt þær hafi farið fram hjá mér. Hinar hafa í það minnsta verið háværari, þessar sem hafa talið það eitt brýnasta hagsmunamál höfuðborgarinnar að losna við flugvöllinn. Eðlilega hafa slíkar raddir bent á Keflavíkurflugvöll. Þegar allt kemur til alls eru þó ekki nema rétt um 40 kílómetrar milli Reykjavíkur og Keflavíkur og á Miðnesheiði er nú þegar stór og ágætlega búinn flugvöllur sem tekur við fjölda flugvéla og þar með farþega á degi hverjum.

En hvað segja hinir? Hvað segja þeir íbúar landsbyggðarinnar sem treysta á innanlandsflug í samskiptum sínum við höfuðborg sína? Hvað segja sveitarstjórnarmenn sem eiga iðulega brýnt erindi við stjórn landsins í höfuðborginni? Hvað segja foreldrar langveikra barna sem þurfa að sækja lækniþjónustu til höfuðborgarinnar, jafnvel mánaðarlega eða oftar? Hvað segja námsmenn sem afla sér tekna í sínu heima-sveitarfélagi og velta svo þeim fjármunum inn í hagkerfi höfuðborgarinnar yfir vetrarmánuðina? Er allt þetta fólk tilbúið að tvöfalda eða jafnvel þrefalda ferðatímann? Því sú yrði nefnilega raunin. Landsbyggðarfolk þekkja þá vel að lenda á Keflavíkurflugvelli ef flugvöllurinn í Reykjavík lokast vegna veðurs. Íbúar á Ísafirði mæta á Ísafjarðarflugvöll hálf tíma fyrir brottför. Flugði til Reykjavíkur tekur 40 mínútur. Þeir sem eru með farangur mega búast við að það taki u.þ.b. 15-20 mínútur að komast út af flugstöðinni og þá eru menn staddir í miðbæ höfuðborgarinnar. Það er t.d. auðvelt að taka strætó til allra átta, háskólanemar sem búa á stúdentagörðum ganga

auðveldlega þarna á milli. Þeir sem eru aðeins með handfarangur eru u.þ.b. 5 mínútur að komast út úr flugvélinni og þaðan út á bílastæði flugstöðvarinnar. Heildarferðatíminn milli Ísafjarðar og Reykjavíkur er því á bilinu 70–90

Í DAG
INNANLANDSFLUGIÐ

INGA RÓSA ÞÓRDARDÓTTIR

Það er yfir höfuð býsna eftirsóknarvert fyrir sveitarfélag að hýsa innanlandsflugið fyrir margra hluta sakir og talsverðir viðskiptahagsmunir í húfi.

mínútur. Einn afleitan veðurdag í fyrravetur lokaðist Reykjavíkurflugvöllur og Ísafjarðarvél lenti í Keflavík. Ferðatíminn varð 3 klukkustundir. Þetta snýst nefnilega ekki bara um þessa 40 km eftir Reykjaneshrautinni heldur bætist við lengri flugbraut og mun stærri flugstöð sem talsvert lengri tíma tekur að komast í gegnum. Þessu þyrfti t.d. að breyta samhliða flutningi innanlandsflugs til Keflavíkur, ef af ætti að verða. Þá er ótalinn aukinn ferðakostnaður sem gæti t.d. munað námsfólk umtalsverðu. Það kostar 2.300 krónur að taka flugvallarrútna fram og til baka. Flugmiðar fást á 12–15 þúsund (þótt oft þurfi að kaupa þá dýrara verði). Kostnaðarauki er því nær 20% og er þá ekki reiknað með leigubílum, sem kostar 5–6 þúsund krónur. Fólk sem leyfir sér að taka leigubíl milli Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar í tengslum við innanlandsflug er því að tvö-

falda ferðakostnað. Auðvitað kostar sitt að flytja 1.000 manns milli Reykjavíkur og Keflavíkur daglega, hvað sem hver segir, en það er u.þ.b. fjöldinn sem fer um Reykjavíkurflugvöll daglega. Bróðurpartur þess hóps á erindi til og frá Reykjavík vegna þess að hún er höfuðborgin okkar, þar hefur verið komið fyrir miðstöð þjónustu og þar búa flestir Íslendingar. Og gamla tuggan um að farþegar í innanlandsflugi séu hvort sem er bara dreifbýlisfólk á leið til útlanda heyrir vonandi ekki oftar. Slík fullyrðing er út í hött.

Nei, skipulagsvandi höfuðborgar Íslands snýst um eitthvað allt annað en flugvöllinn. Höfuðborgin er í kreppu og má síst af öllu við að missa flugþjónustu í annað sveitarfélag, flugþjónustu með tilheyrandi atvinnu, þjónustu og viðskiptum. Það er hinsvegar eftir talsverðu að slægjast fyrir Reykjaneshæ og á því hafa menn átt að sig þar á bæ. Það er yfir höfuð býsna eftirsóknarvert fyrir sveitarfélag að hýsa innanlandsflugið fyrir margra hluta sakir og talsverðir viðskiptahagsmunir í húfi. Höfuðborgin okkar er hinsvegar í vanda. Hún á m.a. við þann vanda að etja að eiga í harðri samkeppni um fólk og fyrirtæki við nágrannasveitarfélögin. Og þar hallar verulega á höfuðborgina. Staðsetning flugvallarins á ekki sök þar á nema síður sé. Um árabíl hafa stjórnendur höfuðborgarinnar snúið í hringi án finnanlegrar heildarsýnar. Það verður trauðla hengt á einn stjórnmálaflokk öðrum fremur. Skammtímalausnir eru auðvitað engar lausnir en til þeirra hefur verið gripið ítrekað. En höfuðborgin er ekki bara heimasveitarfélag höfuðborgarþjá. Hún er höfuðborg Íslendinga og hefur notið þess mjög þótt ekki hafi tekist að vinna úr þeim tækifærum sem skyldi. Hún hefur líka ákveðnum skyldum að gegna sem slík og hefur ekki sinnt þeim sem skyldi. Því miður.



Tilþrífalaust og án allra stóráfalla
Kvikmyndasumarið gert upp
Var einhver sem skákaði Star Wars?

LESTU GREININA Á VISIR.IS OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTODARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Amdís Þorgeisdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSDÓRA: Guðmundur Magnússon RITSDÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafthlíð 24, 105 Reykjavík. **ADALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÓNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNASLA: Ísafoldarprentsmíða ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðið er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

		
Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
REYKJAVÍK	7.05	13.21
AKUREYRI	6.48	13.06
		19.21
Heimild: Almanak Háskólans		

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!

Í dag er þriðjudagur 20.09,
263. dagur ársins 2005.

KRÍLIN

Ég var þægur
í heila viku en
svo þurfti ég
að fela bíllyklana
í kattamatnum!



SMÁAUGLÝSINGAR

Flokkar

Bílar & farartæki

Keypt & selt

Þjónusta

Heilsa

Skólar & námskeið

Heimilið

Tómstundir & ferðir

Húsnæði

Atvinna

Tilkynningar

SMÁAUGLÝSINGAR
SÍMI: 550 5000

ÞÚ GETUR PANTAÐ
SMÁAUGLÝSINGAR
Á visir.is

[visir](http://visir.is)

allt

heilsa o.fl.

LUSH

Lífænar snyrtivörur. **BLS 4**

heilsa o.fl.

HJARTAVERND

Gott fyrir alla að fara
í áhættumat. **BLS 2**



FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL.



Dóra mætir frísk og kát til vinnu sinnar eftir að hafa setið framan við ljósalampa og fengið sér sundsprett.

Sund, líkamsrækt og ljósalampi

Dóra Stefánsdóttir, verkefnisstjóri hjá Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur, hugar daglega að heilsu sinni, bæði andlegri og líkamlegri. Yfir veturinn sinnir hún sálinni alveg sérstaklega.

Dóra iðkar morgunsund áður en hún heldur til vinnu og leggur að baki fimm hundruð metra í lauginni á degi hverjum. Auk þess fer hún í líkamsræktarstöð þrisvar í viku og púlar þar í tækjum og leikfimi til að styrkja vöðvana og halda sér í góðu formi. „Þetta er auðvitað til heilsu-bótar bæði fyrir líkama og sál en auk þess sinni ég andlegu hliðinni alveg sérstaklega yfir veturinn því annars gerir skammdegisþunglyndi vart við sig,“ segir Dóra og er beðin að lýsa þessum þætti heilsuræktarinnar aðeins nánar. „Frá haustjafndægri til vorjafndægurs sit ég fyrir framan sér-

stakan lampa í 20 mínútur meðan ég borða morgunmatinn minn. Þetta er kanadísk uppgötvun og er hrein guðsgjöf fyrir fólk eins og mig sem átti það til að detta niður í lægð yfir myrkasta tíma ársins. Lampinn gerir heilanum það kleift að átta sig á því að það sé dagur, jafnvel þó að hann sé dimmur.“

Dóra hefur dvalið og starfað erlendis af og til á sínum ferli. Um árabíl bjó hún í Afríku og nú er hún nýlega flutt heim frá Grikklandi eftir tímabundna búsetu þar. Hún segir lampann góða hafa fengið frí á Grikklandsárunum en nú vera kominn í gagnið aftur. „Ég vakna klukkan sex og byrja á morgunmat og ljósi áður en ég dríf mig í lagina,“ segir Dóra, sem nú er á fullu að undirbúa evrópskan tungumáladag á vegum stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur auk þess að skipuleggja dagskrá haustmisseris.

gun@frettabladid.is

LIGGUR Í LOFTINU

[HEILSA]

Farsóttafréttir eru komnar út á vefsetri Landlæknisembættisins. Að þessu sinni er fjallað um hettusóttarfaraldur sumarið 2005, aukningu á lekandatilfellum og salmonellu hjá ferðamönnum erlendis. Fréttabréfið er hægt að lesa á vefsíðunni www.landlaeknir.is

Stafræn brjóstamyndataka reynist nákvæmari en sú sem unnin er á filmu þegar leitað er að brjóstakrabbameini. Þetta kemur fram í rannsókn sem kynnt var á dögum og unnin var af Krabbameinssamtökunum í Bandaríkjunum. Rannsóknin, sem náði



til 50 þúsund kvenna, sýndi að stafræna myndatakan var mun nákvæmari hjá konum sem voru fimmtíu ára og yngri, en minni munur var hjá konum sem voru komnar yfir fimmtugt.

Offita eykst stöðugt og nú eru fjórfalt fleiri Evrópumenn of þungir en fyrir aldarfjórðungi. Þetta kom fram á haustfundi svæðisskrifstofu Alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar (WHO). Sérfræðingar starfandi á vegum WHO leggja til að sam-
tökin og aðildarþjóðirnar setji baráttuna gegn ofþyngd og offitu ofarlega á forgangslista sinn í heilbrigðismálum.

SEPTEMBER

Kafbátur mánaðarins

Kalkúnsbringa og skinka

...og öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða

Gildir í september 2005
Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir ekki í Stjörnumáli



6 tommu bátur **kr. 299**

12 tommu bátur **kr. 499**

SUBWAY

Dans er frábær aðferð til að fá góða hreyfingu á skemmtilegan hátt. Boðið er upp á alls konar dansnámskeið um alla borg sem eru tilvalin hvort sem fólk kemur með dansfélaga eða ekki.



FRÉTTABLAÐID/OWA/GETTY

Heilsuvörur og matstofa
Opið virka daga kl. 10-20
laugardaga kl. 10-17
maður lifandi
Borgartúni 24

LYFJA
Opið 8-24 alla daga
í Lágmúla og Smáratorgi

Flott í vetur
Ný tæki - Betra verð!
VERÐ-LÆKKUN
SLENDERTONE MAX 12.900.- kr.
SLENDERTONE FLEX 17.900.- kr.
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717

Plokkfiskur
650 kr. / kg
Fiskbúðin Álfheimum 553 8090
Fiskbúðin Reykjavíkurvegi 564 2783

bailine **NÝTT á Íslandi**
Bailine vaxtarmótunarmeðferð
Eru línurnar vandamál?
Við bjóðum þér upp á **ÓKEYPS PRUFUTÍMA** í tölvustýrðu þjálfunartæki á meðan þú liggur og slakar á í notalegu umhverfi.
Viltu greina þig og minnka ummálið, nú hefur þú tækifærið.
Hringdu núna í síma 568 0510 og kynntu þér málið.
Þú hefur engu að tapa nema sentimetrum.
Fyrir konur 18 ára og eldri.
Vegmúli 2 108 Reykjavík sími 568 0510 www.bailine.is

STAFGANGA Í LAUGARDAL
Stafgöngunámskeið hefst 27. sept kl 17:30.
Tímar fyrir byrjendur og lengra komna
Guðný Aradóttir Stafgöngubjálfi Sími 616 8595
Jóna H. Bjarnadóttir Stafgöngubjálfi Sími 694 3571
www.stafganga.is – áhrifarík leið til líkamsræktar

Leikfimi fyrir konur
sem þjást af áreynslupvagleka
10 vikna námskeið hefst miðvikudaginn 28 september næstkomandi í Tápí, sjúkrahjálfun, Hlíðasmára 14 Kópavogi.
Tímarnir henta vel konum sem telja sig þurfa að styrkja grindarbotnsvöðvana hvort heldur sem einkenni þeirra eru áreynslupvagleki, þreyta og önnur óþægindi.
Áhersla verður lögð á líkamsvitund, rétta beitingu líkamans, styrkjandi æfingar fyrir grindarbotnsvöðva og aðra lykilvöðva.
Teygjur og slökun. Fræðsla.
Aðgangur að tækjasal innifalinn í verði.
Nánari upplýsingar og skráning í síma 564-5442
TÁP
S J Ú K R A Þ J Á L F U N



Guðrún segir að fólk sé orðið meðvitaðra um heilsuna og sífellt fleiri komi og láti líta á sig.

Áhættumat er forvarnaraðgerð

Á hverju ári koma tæplega 3.000 manns í hjartarannsókn til Hjartaverndar. Þar er boðið upp á góða þjónustu og þangað getur hver sem er komið og látið líta á sig.

Næstkomandi sunnudag, 25. september, verður alþjóðlegi hjartadagurinn haldinn hátíðlegur. Í tiltefni dagsins verður opið hús hjá Hjartarannsókn Hjartaverndar og starfsemi stofnunarinnar kynnt. Guðrún Jóna Guðlaugsdóttir, hjúkrunarfræðingur hjá Hjartavernd, segir að sérstök áhersla verði lögð á að kynna áhættumat Hjartaverndar.

„Áhættumatið okkar er í rauninni forvarnardeild. Það virkar þannig að fólk kemur í rannsókn til okkar og við reiknum út hvort fólk sé í áhættuhópi fyrir hjarta- og æðasjúkdóma. Þeir sem láta skoða sig þurfa að koma til okkar tvisvar. Í fyrra skiptið hittirðu hjúkrunarfræðing sem mælir blóðþrýsting, hæð, þyngd, fituhlutfall og ummál kviðar. Þá er líka tekið hjartalínurit og blóðprufa þar sem mælt er kól-



Blóðþrýstingur er meðal þess sem mælt er þegar komið er í áhættumat hjá Hjartavernd.

esteról, blóðsykur og blóðmagn. Allt þetta er svo rannsakað gaumgæfilega af sérfræðingum okkar á rannsóknarstofunni og þegar niðurstöður eru komnar kemur einstaklingurinn aftur til okkar og hittir þá lækni eða sérfræðing. Þar er farið yfir niðurstöður rannsóknarinnar og þær meðal annars settar inn í svokallaða áhættureiknivél til að finna út hvort líkur séu á hjarta- eða æðasjúkdómum,” segir Guðrún.

Áhættureiknivélina er tæki sem er hannað af sérfræðingum Hjartaverndar. Um íslenska uppfinningu er að ræða sem hlotið

hefur töluverða athygli erlendis. „Á dögunum var haldið evrópskt hjartalæknaþing í Stokkhólmi. Þar var ýmislegt skoðað og kynnt og að þingi loknu völdu læknarnir átta atriði sem þeim þóttu standa upp úr. Áhættureiknivélina okkar var þar efst á lista og við erum ákaflega montin af því,” segir Guðrún stolt. Áhættureiknivélina hefur nú verið þýdd á ensku og sænsku og allir sem hafa aðgang að netinu geta nýtt sér hana. Hana má nálgast á heimasíðu hjartaverndar; www.hjarta.is

Áhættumat Hjartaverndar stendur öllum til boða og Guðrún segir að fólk á öllum aldri nýti sér þessa þjónustu. „Við mælum með að allir sem eru orðnir fertugir komi og láti skoða sig og eins ættu allir sem eru yngri en koma úr fjölskyldum þar sem hjartasjúkdómar eru algengir að láta líta á sig,” segir Guðrún og bætir því við að mörg stéttarfélag og fyrirtæki borgi slíkar skoðanir fyrir starfsmenn sína.

Hjartarannsókn Hjartaverndar verður opin fyrir áhugasama á sunnudaginn milli klukkan 11 og 15.

thorgunnur@frettabladid.is

Sykurlaus jógúrt!
Hreina lífræna jógúrtin frá Biobú er framleidd án sykurs.
Aðeins er notaður lífrænn hrásykur í öðrum jógúrt tegundum frá Biobú.
Bio-Bú
Biobú ehf. • Stangarhyl 3a • Sími: 587 4500 • Netfang: biobu@biobu.is • www.biobu.is

LUTEIN EYES 24mg
Styrkir augnbotnanna og gott fyrir sjónina
Sendum í póströfu
S: 462-1889 • heilsuhorn@simnet.is • www.simnet/heilsuhorn.is
Útsölustaðir m.a.: Yggdrasil, Fjarðarkaup, Maður lifandi, Lífsins lind -Hagkaup, Lyfjaval og Árnes apotek Selfossi.

Gallery fiskur
í verslun
Úrval nýrra og góðra fiskrétta lagaða úr fersku grænmeti og nýjasta fiskinum m.a.:
Rauðspretta með mozzarella, tómötum og basil á risotto
Lúða í grænpiarsósu
Saltfiskrétir
auk mikils úrvals af ferskum fiski í flökum og steikum
Opið í veitingahúsi öll kvöld nema sunnudaga
Veitingahús: mán.-fös. 11:30-15:00 & 18:00-22:00, lau. 18:00-22:00
Verslun: mán.-fös. 10:00-18:30
Nethylur 2, 110 RVK. S: 587 2882
www.galleryfiskur.is

SÖLVI GEFUR GÓÐ RÁÐ

Hvers vegna líkamsrækt?

Síðastliðinn þriðjudag gaf ég ykkur nokkur hollráð til þess að byrja (og halda áfram) í líkamsrækt. Þau eru eftirfarandi:

- 1) Fáðu úr því skorið, af lækni eða öðrum fagaðilum, ef þú ert ekki viss um hvaða líkamsrækt hentar þér, sérstaklega ef um einhverja sjúkdóma er að ræða.
- 2) Taktu ákvörðun um að fara í líkamsrækt, ekki einhvern skyndikúr, heldur líkamsrækt sem tekur lengri tíma og breytir þér til frambúðar.
- 3) Taktu stöðuna eins og hún er núna, lágmarkið er að mæla þyngd, fituhlutfall og ummál.
- 4) Skipuleggðu vel hvað þú ætlar að gera, hvaða tíma þú hefur til þess, hvað þú ætlar að gera og hvernig.

Nú fjalla ég um hollráð sem getur verið mjög mikilvægt og skiptir sköpum fyrir marga. Það er:

5) Finndu þér æfingafélaga. Það reynist sérstaklega vel ef þú átt erfitt með að mæta reglulega sjálf(ur) og þarft mikið aðhald, eftirfylgni og hvatningu, sem við þurfum flest. Rannsóknir sýna að þeir sem æfa með maka sínum eru líklegri til að halda áfram en þeir sem æfa einir. Það ætti ekki að koma á óvart þar sem líkamsræktin sjálf er einungis hluti af því sem veldur mesta árangrinum, t.d. skiptir mataræðið jafnvel meira máli en líkamsræktin sjálf. Einnig er tilvalið að fá vinnufélaga með sér. Oft reynist líka auðveldara en þú heldur að koma af stað átaki í vinnunni hjá þér því flestir eru einungis að biða eftir ástæðu til að byrja að rækta sig, andlega og líkamlega. Þú hefur þá líka alltaf einhvern sem sparkar í rassinn á þér eða klappar þér á öxlina. Þetta virkar að sjálfsöögðu í báðar áttir og er stærsti hlutinn af því merkilega fyrirbæri sem kallast hópefli. Aðhald, eftirfylgni og hvatning eru nefnilega mjög mikilvæg fyrir okkur öll.

Við hjá Heilsuráðgjöf höfum sérhæft okkur í fjölmörg ár við að aðstoða fyrirtæki við að efla starfsfólk sitt. Það ert gert m.a. með því að aðstoða starfsfólk við að finna heilsuþættandi líkamsrækt við hæfi. Það er ekki sama hvaða líkamsrækt við stundum og rannsóknir sýna að þeir sem stunda líkamsrækt sem hentar þeim (persónulega) betur eru mun líklegri til að stunda hana áfram en þeir sem fara af stað á hæpnari forsendum. Meira í næstu viku...

Þetta og önnur hollráð er einnig að finna á vefsvæði Heilsuráðgjafar: www.heilsuradgjof.is

Sölvi Fannar Viðarsson er framkvæmdastjóri Heilsuráðgjafar. Hann hefur unnið við einkaþjálfun og heilsuráðgjöf um árabíl.



„Með markvissri þjálfun getum við upplífað okkar æðsta sjálf,“ segir Guðrún Arnalds jógakennari.

Ein besta leiðin til að hlaða batteríin

Þjónn í sal - kvöld og helgarvinnna. Ekki yngri en 18 ára. **Nánari upplýsingar eru einungis veittar á staðnum milli kl. 12 og 17. Veitingahúsið Ítalía Laugavegi 11**

ATVINNA



Styrktarfélag vangefinna Vinnustofan Ás

Þroskabjálfar og stuðningsfulltrúar óskast til starfa. Um er að ræða 100 % stöður. Vinnutími er frá 8.30-16.30 virka daga. Æskilegt er að viðkomandi geti byrjað sem fyrst.

Ás vinnustofa er verndaður vinnustaður, staðsettur í Brautarholti 6. Þar er lögð áhersla á að skapa fólki með skerta starfsgetu vinnuaðstöðu sem sniðin er að þörfum þess og getu. Áhersla er lögð á að efla sjálfsöryggi og bæta starfshæfni. Í Ási starfa um 42 fatlaðir starfsmenn.

Nánari upplýsingar veitir Halldóra Þ. Jónsdóttir og Valdis Erlendsdóttir í síma 562-1620 og 562-1633.

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningum.



Viltu koma í Pizza Hut liðið?

Pizza Hut leitar að duglegu og stundvísu starfsfólki í veitingasal og í eldhús. Um er að ræða fullt starf og hlutastarf. Lágmarksaldur er 18 ára. Áhugasamir sendi inn umsóknir á loa@pizzahut.is



Vaktstjóri á Pizza Hut

Pizza Hut leitar að vaktstjóra á Sprengisandi. Starið felst í þjónustu, stjórnun vakta, mannastjórnun í samráði við veitingastjóra. Hæfniskröfur eru reynsla af þjónustu, mikil þjónustulund, samviskusemi og hæfni í mannlegum samskiptum. Æskilegur aldur 25 ára og eldri. Áhugasamir sendi inn umsókn á www.pizzahut.is sem fyrst eða á Sprengisand. Nánari upplýsingar veitir Þórey Björk veitingastjóri í síma 822 3642.

Járniðnaðarmenn

Óskum að ráða vélvirkja, járníðnaðarmenn, nema. **Upplýsingar í síma 896 2336 & 896 2335.**

Furðufiskar ehf

sem reka meðal annars Kokkana veisluþjónustu, fiskborðin í Hagkaupum og Ost og sælkeraborðið í Hagkaupum kringlunni. Leitar eftir manneskju í Ost- og Sælkeraborðið í Hagkaupum Kringlunni.

Nauðsynlegt er að umsækjendur hafi mikinn áhuga á mat og matargerð **Áhugasamir sendið tölvupóst á kokkarnir@kokkarnir.is eða hringið í síma 511-4466 milli kl 9 og 17.**

**Furðufiskar ehf
Fiskislióð 81a
101 Reykjavík**

Hellulagningaraðilar og verkamenn

Vana aðila vantar í hellulagnir einig verkamenn. **Uppl. í síma 822 2661.**

Steinsteypusögun!

Góður starfsmaður óskast í steinsteypusögun og kjarnaborun. Gott kaup fyrir góðan aðila. Góður vinnustaður. **upplýsingar í s. 893-3236**

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekjur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 www.HalldoraBjarna.is

Samtalsdömur óskast! Finnst þér gaman að tala við karlmann um kynlíf? Rauða Torgið leitar samstarfs við djarfar, lostafullar símadömur. Uppl. á www.raudatorgid.is (atv. í boði/símadömur) og í s. 899 7987, skrán. í s. 552 3349.

Klikkað atvinnutækifæri!! Ertu að leita að góðri vinnu/aukavinnu? Eru skuldirnar að sliga þig? Langar þig að geta verið meira heima og notið þess að eiga tíma með fjölskyldunni? Eru ekki að tala um fæðubótarefni, snyrtivörur, dollur eða tuskur, við erum með mun betri en það allt. Kynntu þér málið á www.simnet.is/okkarheimur

Hrói Höttur Hafnarfi.

Óskum eftir starfsfólki í veitingasal, til útkeyrslu og í eldhús. Vaktavinnna og hlutastörf. Æskilegur aldur 18-35. Uppl. á staðnum, Hjallahraun 13 í Hfj., og í s: 565 2525.

Breiðholtsbakari

Vantar starfskraft í verslun, skiptivaktir og einhver helgarvinnna. Ekki yngri en 18 ára. Reyklaus vinnustaður. Uppl. í s. 895 9420.

Breiðholtsbakari

Vantar starfskraft í verslun, helgarvinnna. Uppl. í s. 895 9420.

Bæjardekk Mosfellsbæ

Óskar eftir starfsfólki. Upplýsingar í síma 566 8188 eða á staðnum.

EUOPRIS. Aðstoðarverslunarstjóri óskast í tvær verslanir. Upplýsingar í síma 511 3322 og 533 3360 Europris.

Litill matsölustaður óskar eftir starfsfólki í dagvinnu e.h. Góð laun í boði fyrir rétta manneskju. Uppl. í s. 824 8825 e.kl. 14

Vantar góða ömmu til að gæta 1 árs drengs 3 daga í viku. Uppl. í s. 696 2859.

Óska eftir tveimur samhentum járnsmönnum. Uppl. í s. 895 7263.

Café Holt auglýsir eftir hressu starfsfólki virka daga kl. 7-13 og um helgar. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Uppl. í síma 897 2506.

Ritfangaverslun

Leikfanga og ritfangaverslun óskar eftir starfsfólki allan daginn. Upplýsingar í s. 698 4114.

Garðabær bakari

Strafskraftur óskast til afgreiðslustarfa hálfan daginn. Uppl. í s. 891 8258 & 565 8070 Þóra.

Hressingarskálinn, Austurstræti 20 óskar eftir aðstoðarmanni í eldhús. Upplýsingar í síma 862 1118.

Kvöld og helgarstarfsmann vantar strax í afgreiðslustarf hjá Bridgesambandi Íslands. Umsækjandi þarf að vera eldri en 20 ára. Nánari upplýsingar á staðnum að síðumúla 37, 3 hæð eða í síma 587 9360.

Kaffihús

óskar eftir starfsfólki við afgreiðslu í kaffihús og bakari. Uppl. gefur Guðný í síma 551 3524.

Málarar

Óska eftir að ráða málara og menn vana sandspartí. Uppl. í s. 697 3592.

Vanan vélavörð og háseta vantar á 200 tonna netabát sem gerður er út frá suðurnesjum. Uppl. í s. 892 5522.

Starfskraftur óskast!

Háseta vantar á línubát. Uppl. í s. 862 2591.

Óska eftir smíðum í uppslátt á 5 raðhúsum. Upplýsingar í síma 860 0866.

Byggingaverkamenn. Óskum eftir að ráða vana verkamenn, mikil vinna. S. 860 0866.

Óskum eftir að ráða trésmiði, mikil vinna framundan. Uppl. í s. 860 0866.

A. Hansen vill ráða aðstoðarfólk í eldhús kvöld og helgarvinnna. Upplýsingar í síma 565 1130.

Atvinna óskast

Atvinnurekendur. Útvega pólskt starfsfólk adam1@visiris

Trésmiður óskar eftir góðri atvinnu á höfuðborgarsv. (ekki mót). Uppl. í s. 848 8707 e. kl. 1



533 4300
Salómon Jónsson lögg., fasteignasali



564 6655
Vilhjálmur Bjarnason lögg., fasteignasali

Opið hús í dag á milli 17:30 og 19:00

Klukkurimi 15



Falleg 3ja herbergja 89 fm íbúð á 2. hæð í 3ja hæða fjölbýli.

Sér inngangur er af svölum.

Nýlegt parket er á gólfi í stofu og borðstofu sem er sérstaklega rúmgóð og björt, útgengt á svalir. Rúmgott hjónaherbergi með góðum skápum. Barnaherbergi með skáp. Baðherbergið er flísalaft, t.f. þvottavél, skápur og sturta. Eldhús er með parketi á gólfi og hvítir plast/viðar innréttingu, t.f. uppþvottavél, borðkrókur við glugga.

Við húsið er leikvöllur og sérmerkt bílastæði. **Verð 18,0 m.**

FERSKAR  KJÖTVÖRUR

Vélbúnaður til sölu

Eftirfarandi vélbúnaður og áhöld eru til sýnis og sölu í kjallara Hagkaupsverslunar að Eiðistorgi frá kl. 13-17 miðvikudaginn 21. september. Gengið er inn við vörumóttöku í kjallara og gengið niður ramp á bílasæði við hlið verslunar.

Pizzaofn, kælikista, veggkælir, hakkblandari, færibönd, beinamyljari, einangrunaskápar, skinkumót, bleksprauta, hillur, pylsusprauta, pylsugrindur o.f.l.

Uppl. veitir Leifur Þórsson í síma 660-6330

Upplýsingar um fyrirtækið er að finna á heimsíðu þess www.ferskar.is.

Góðar tekjur

SÖLUFÓLK aukavinna

Við leitum eftir nýjum liðsmönnum í eina öflugustu söludeild landsins. Fjölbreytt úthringiverkefni og góðir tekjumöguleikar fyrir rétta fólkið. Greitt er fast tímakaup ásamt árangurstengdum bónusum. Verkefni frá morgni til kvölds, alla daga vikunnar.

Nánari upplýsingar veitir Ólafía B. Rafnsdóttir í síma 696 6020 frá kl. 9-17 á virkum dögum. Umsóknir með ferilskrá má einnig senda á olafia.b.rafnisdottir@365.is

365

365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtæki landsins sem starfar á íslenskum ljósvaka- og prentmarkaði.

AUGLÝSTU EFTIR STARFSFÓLKI Á RÉTTUM STAÐ

Þú nærð til rúmlega helmingi fleiri Íslendinga á aldrinum 20–40 ára með því að auglýsa í atvinnublaði Fréttablaðsins frekar en atvinnublaði Morgunblaðsins.

60%

Fréttablaðið

37%

Mbl.

Lestur sunnudaga*

Á sunnudögum fylgja bæði Morgunblaðinu og Fréttablaðinu sérblöð inni í aðalblöðunum sem fjalla um atvinnumál. Rúmlega 60% 20–40 ára Íslendinga fletta ekki sunnudagsblaði Morgunblaðsins. Láttu ekki fyrirtæki þitt verða af góðum starfsmanni með því að auglýsa á röngum stað.

allt - atvinna



*20–40 ára Íslendingar. Gallup júní 2005.

AUGLÝSTU FASTEIGNINA ÞÍNA Á RÉTTUM STAÐ

Rúmlega 60% fleiri Íslendingar á aldrinum 25–54 ára lesa mánudagsblað Fréttablaðsins frekar en mánudagsblað Morgunblaðsins.

73%

Fréttablaðið

45%

Mbl.

Lestur mánudaga*

Á mánudögum fylgja með Morgunblaðinu og Fréttablaðinu sérblöð sem fjalla um fasteignir. Nýttu þér gott tækifæri og auglýstu fasteignina þína í Fréttablaðinu.

allt - fasteignir



* 25–54 ára Íslendingar. Gallup júní 2005.

ÓTRÚLEG ÚTSALA
Á SKÓM

OUTLET

FISKISLÓÐ 75

Mikið úrval af sumarskóm á góðu verði

STÆFNI 20-32
1.700,-

STÆFNI 41
2.900,-

STÆFNI 41-42
3.900,-

STÆFNI 35-40
2.900,-

OPNUNARTÍMI: Mán.-Fös. 13:00-18:00 & Lau. 12:00-16:00
Fiskislóð 75 (við Grandi), 101 Reykjavík, s.514-4407

X18

SKECHERS

every1

HVUNNDAGURINN



Sigurður Sigfússon, bóndi í Vík í Skagafirði.

Bindingin erfiðust við búskapinn

Í hverju felst starfið?
Það felst í að hirða nautgrip, heyskap og öllu sem viðkemur kúabúskap.

Hvenær vaknarðu á morgnana og hvað gerir þú?
Ég vakna um hálf átta og stundum fyrr ef ég er í góðu skapi og búinn að sofa nóg. Þá byrja ég á því að fá mér kaffi og svo fer ég að mjólka.

Hversu lengi vinnur þú?
Vinnudagurinn er frá hálf átta á morgnana og til svona átta eða hálf níu á kvöldin yfir sumarið en það eru hlé inni á milli. Yfir veturinn erum við komin inn fyrr á kvöldin og reynum að ná fréttum í sjónvarpi.

Hvað er skemmtilegast við starfið?
Það er langskemmtilegast í sveitinni á vorin þegar allt er að vakna til lífsins eftir vetrardvalann. En þetta er allt ágætt. Mér finnst skemmtilegt að vera bóndi og er yfirleitt ánægður með það hlutskipti.

En erfiðast?
Bindingin er það erfiðasta við búskapinn og fælir örugglega marga frá honum. Það er svo mikið vesen að fá einhvern til að leysa sig af sem þekkir inn á þessi störf og við hjónin komumst varla frá bæði í einu. Maður verður að þekkja hvern grip, sérstaklega þarfir mjólkurkúnna og passa upp á að allt sé í lagi.

Hvað gerirðu eftir vinnu?
Ég horfi á sjónvarpið og les þó nokkuð mikið. Svo tek ég svolítið þátt í félagsstörfum. Er í Lionsklúbbum og var um tíma mikið í skógræktinni en hef minnkað það nema bara privat.

Gætir þú hugsað þér eitthvert annað starf?
Nei, ekki úr því sem komið er. Kannski hefði það getað gerst einhvern tíma en mér hefur fallið þetta vel og ég vil vera í dreifbýli. Ég átti heima í Reykjavík um tíma en held ég mundi ekki kunna við það núna.

SJÓNARHORN



Háskóli Íslands virkar ósköp lítill í samanburði við Snæfellsjökul. Ljósmynd: Gunnar V. Andrésson

ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á **vísir** VEF.TV



HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!

Yfir 300 sjónvarpsþættir og kvikmyndir

í stafrænum gæðum á vísir.is

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

ICEX-15 4.581 +0,10% Fjöldi viðskipta: 231 Velta: 958 milljónir

MESTA HÆKKUN

Össur Íslandsbanki +1,19% Atorka Group +0,86%

MESTA LÆKKUN

Nýherji -0,75% Kögun -0,74% Actavis -0,74%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis 40,40 -0,74% ... Bakkavör 43,00 +0,23% ... Burðarás 17,90 +0,00% ... FL Group 14,50 -0,34% ... Flaga 3,75 +0,54% ... HB Grandi 9,10 +0,00% ... Íslandsbanki 15,00 +1,01% ... Jarðboranir 19,90 -0,50% ... KB banki 586,00 -0,34% ... Kögun 53,60 -0,74% ... Landsbankinn 22,10 +0,46% ... Marel 61,10 +0,00% ... SÍF 4,75 +0,00% ... Straumur 13,80 +0,36% ... Össur 85,00 +1,19%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Þörf á frekari aðgerðum gegn verðbólgunni

Seðlabankinn segir að hið opinbera þurfi að leggja sitt af mörkum í baráttunni við verðbólguna.

Frekari aðgerða er þörf til þess að Seðlabankinn nái að verðbólgu markmiðum sínum á næstu tveimur árum, segir í bréfi sem stjórnendur bankans afhentu starfandi forsætisráðherra í gær. Hins vegar ætlar bankinn að biða með frekari vaxtaá-
kvarðanir þangað til 29. september næstkomandi þegar ný verðbólgu spá bankans liggur fyrir.
Tílefni bréfsins var að tólf mánaða verðbólga fór yfir fjögur prósent í september – var 4,8 prósent. Markmið Seðlabankans er að halda verðbólgunni í kringum 2,5 prósent. Fari hún hins vegar undir eitt pró-

sent eða yfir fjögur prósent ber stjórnendum að gefa ríkisstjórninni skýringar.
Í bréfinu segir nauðsynlegt að hið opinbera leggi sitt af mörkum í baráttunni við að halda verðbólgunni niðri. „Staða ríkisfjármála er nokkuð sterk um þessar mundir en engu að síður er þörf fyrir strangt aðhald á komandi ári. Því meira sem aðhald opinberra fjármála er þeim mun minni byrðar þarf að leggja á peningastefnuna.“
Þá segir í bréfinu að æskilegast sé að staða Íbúðalánasjóðs skýrist sem fyrst þar eð óhóflega aukningu útlána undanfarið ár megi að talsverðu leyti rekja til breytinga á markaði fyrir fasteignaveðlán. – bg

BIRGIR ÍSLEIFUR GUNNARSSON SEÐLABANKASTJÓRI Í bréfi til starfandi forsætisráðherra segir að eftirspurnarþrýstingurinn hafi vaxið og birtist í hækkun verðs þar sem samkeppnin sé minnst.



Fram Foods til Finnlands

Íslenska matvælafyrirtækið Fram Foods hefur keypt allt hlutafé í Boyfood Oy, sem er stór sildarframleiðandi í Finnlandi. Fyrirtækið selur síld undir vörumerkinu BOY í finnskar matvöruverslanir, að því er fram kemur í tilkynningu, en jafnframt er Boyfood stór framleiðandi sildarvara sem seldar eru undir vörumerkjum verslana. Kaupverðið er trúnaðarmál.
Fram Foods rekur fyrirtæki í sex löndum og framleiðir matvæli unnin úr sjávarafurðum sem seld eru í neytendaumbúðum víðs vegar um Evrópu. Eftir kaupin á Boyfood er áætluð velta Fram Foods 55 milljónir evra sem jafngildir rúmum fjórum milljörðum króna. – bg



Gengið lækkar verðbólgu

Seðlabankinn segir í bréfi til forsætisráðherra að hátt gengi krónunnar hafi haldið verulega aftur af verðbólgu jafnvel þótt gengishækkunin undanfarið ár hafi ekki komið að fullu fram í verðlagi. Sem dæmi virðist sem verð varanlegra neysluvara, einkum bíla, hafi ekki lækkað í samræmi við gengisþróun.
Þá segir að þegar gengi krónunnar að endingu veiktist á ný muni þessi áhrif ganga til baka, en hugsanlegt sé að þegar það gerist muni einnig draga verulega úr verðhækkun húsnæðis eða verð þess jafnvel lækka að mati Seðlabankans.
Seðlabankinn segir að göng sem birt hafi verið frá júníbyrjun bendi til að enn frekar hafi bætt í vöxt innlendrar eftirspurnar á þessu ári. Ársvöxtur einkaneyslu á öðrum fjórðungi ársins hafi til dæmis verið fjórtán prósent. – bg

Minnst verðbólga á Íslandi

Samræmd vísitala neysluverðs í EES-ríkjunum lækkaði um 0,2 prósent hér á landi á milli mánuða og mældist lægst í öllum EES-ríkjunum að Japan undanskildu. Í EES-ríkjunum hækkaði vísitala neysluverðs hins vegar um 0,3 prósent frá fyrra mánuði og mældist 118,1 að meðaltali í EES-ríkjunum á móti 128,8 stigum hér á landi miðað við grunn 100 árið 1996.
Verðbólga síðastliðinna tólf mánuða mældist 2,2 prósent að meðaltali í ríkjum EES en var 0,4 prósent á Íslandi.
Síðastliðna tólf mánuði hefur verið mest verðbólga í Lettlandi eða 6,3 prósent en minnst í Japan þar sem 0,3 prósent verðhjöðnun hefur verið. – hb

flugfelag.is | 570 3075

árshátíð - menning - áskorun - hópefli - hvíld - djamm - samstaða - óvissa - upplifun - ævintýri - félög - klúbbar - vinir - samtök - konur - karlar - stelpur - strákar

BURT ÚR BÆNUM

með hópinn þinn

Komdu hópnum þínum á óvart!

Við gerum hópnum þínum frábær ferðatilboð til allra áfangastaða okkar innanlands, hvort sem ferðinni er heitið norður, suður, austur eða vestur, og til Færeyja að auki. Þið njótið þeirrar fjölbreyttu afþreyingar sem í boði er vítt um land í skemmtun, menningu, ævintýrum og upplifun. Kannaðu hópafargjöldin fyrir þinn hóp og þá möguleika sem í boði eru á hverjum stað, í síma **570 3075**, á vefsíðunni **www.flugfelag.is** eða sendu fyrirspurn á netfangið **hopadeild@flugfelag.is** (Lágmarksfjöldi er 10 manns.)

FLUGFÉLAG ÍSLANDS
Taktu flugið



UPTON SINCLAIR (1878-1968)
fæddist þennan dag.



„Fasismi er kapitalismi plús morð.“

Bandaríski rithöfundurinn hafði róttækar skoðanir og lá sjaldnast á þeim í verkum sínum.

tímamót

timamot@frettabladid.is



Þökkum hlýðug og samúð við andlát og útför
Guðjóns Jóhannssonar
Reitarvegi 6, Stykkishólmi.

Hrefna Þorvarðardóttir
Þór Jóhannsson
og fjölskyldur.

Hannes K. Gunnarsson
Erna Arnórsdóttir



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu
okkur samúð og hlýðug við andlát og útför
móður okkar,
Ingu Jóhönnu Ólafsdóttur
Kópavogsbraut 86, Kópavogi.

Hulda Björg Sigurðardóttir
Haukur Sigurðsson
Anna Margrét Sigurðardóttir
Ólafur Atli Sigurðsson
og fjölskyldur.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma,
langamma og systir,
Aðalheiður Halldórsdóttir

lést á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi
aðfaranótt laugardagsins 17. september.
Jarðarförin fer fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Sigurður Lárusson	Guðrún Greipsdóttir
Hafsteinn Númason	Berglind María Kristjánsdóttir
Guðrún Hafðís Eiríksdóttir	Gunnar Magnús Gunnarsson
Guðlaugur Eiríksson	Dagmar Hallgrímsdóttir
Ásta Ellen Eiríksdóttir	Ólafur Einar Júlíusson
barnabörn, barnabarnabörn, systkini og aðrir aðstandendur.	



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,
Jón J. Waagfjörð
frá Garðhúsum Vestmannaeyjum,
Holtsbúð 16, Garðabæ,

lést laugardaginn 17.september.

Bertha María Grímsdóttir Waagfjörð	
Már V. Jónsson	
Halldór Waagfjörð	Ásta Þorvaldsdóttir
Kristinn Waagfjörð	Hjördís Sigmundsdóttir
Grimur Rúnar Waagfjörð	Helga Gunnarsdóttir
Þorsteinn Waagfjörð	Sigrún Logadóttir
Rósa María Waagfjörð	Hreiðar H. Hreiðarsson
barnabörn og barnabarnabörn.	

PETTA GERÐIST > 20. SEPTEMBER 1519

Magellan ýtir úr vör

Á þessum degi árið 1519 lagði portúgalski siglingafræðingurinn Ferdinand Magellan úr höfn á Spáni í leit að nýrri siglingaleið til Indónesíu. Fimm skip voru í föruneytinu og töldu áhafnirnar alls um 270 manns. Magellan sigldi til Vestur-Afríku og þaðan til Brasilíu þar sem hann leitaði árangurslaust meðfram strandlengju Suður-Ameríku að sundi sem leiddi til Kyrrahafsins. Hann fann loksins sundið 21. október 1520 og hefur það verið kennt við Magellan síðan. Það tók 38 daga að sigla um það og Magellan grét gleðitárum þegar sást til úthafsins aftur. Hann var fyrsti evrópski landkönnuðurinn til að sigla til Kyrrahafsins beint frá Atlantshafinu. Skipin sigldu áfram en vistir voru litlar og skipverjar illa haldnir þegar þeir náðu til eyjarrinnar Guam í marsbyrjun 1521. Stuttu síðar áðu þeir á eyjunni Cebu, en þar lét Magellan lífið í orrustu við innfædda. Eftir dauða hans héldu leiðangursmenn áfram á tveimur skipum og fylltu þau af kryddi. Annað skipið reyndi að sigla aftur yfir Kyrrahafið en mistókst. Hitt skipið, Vittoria, sigldi yfir Indlandshaf og fyrir Góðrarnarhöfða áður en það komst í spænska höfn hinn 6. september 1522 og varð þar með fyrsta skipið til að sigla hringinn í kringum hnöttinn.



FERDINAND MAGELLAN

MERKISATBURÐIR

- 451 Rómverjar sigra Atla Húnakonung í orrustunni við Chalon.
- 622 Spámaðurinn Múhameð kemur til Meðinu.
- 1932 Gandhi fer í hungurverkfall til stuðnings hinum stéttlausu.
- 1946 Fyrsta kvikmyndahátíðin í Cannes hefst.
- 1951 Svissneskir karlar fella til-lögu um kosningarétt kvenna í atkvæðagreiðslu.
- 1975 David Bowie kemur laginu „Fame“ á topp bandaríska vinsældalistans.
- 1979 34 flóttamenn frá Víetnam koma til Íslands.
- 1984 Sjónvarpsþátturinn Fyrirmyndarfaðir (“The Cosby Show”) hefur göngu sína.
- 1995 Ný brú yfir Jökulsá á Dal er formlega tekin í notkun.

FINNBOGI HERMANNSSON: FORSTÖÐUMAÐUR SVÆÐISÚTVARPS RÚV, SEXTUGUR

Býður rjómaköku í vinnunni

„Ég býst við að verða bara á minni vakt hér í útvarpinu eins og venjulega,“ segir Finnboogi Hermannsson, forstöðumaður svæðisútlarvarps RÚV á Vestfjörðum, sem er sextugur í dag.

Finnboogi ætlar ekki að blása í lúðra í tilefni dagsins, en samstarfsfólkið fær vissulega að njóta góðs af afmælinu. „Það verður boðið upp á rjómaköku hér uppi á útvarpi og kaffi með því ef fólk vill líta við.“ Finnboogi kveðst vera lítið fyrir tilstand og heldur upp á afmælið eins og hvert annað sveitahéimili.

Hann hugsar sig um í drygklanga stund inntur eftir því hvort sérstök afmælisgjöf standi upp úr í minningunni. „Ætli það hafi ekki verið fyrir réttum tíu árum þegar ég varð fimmtugur,“ rifjar hann upp. „Þá gaf fólkið mitt í Reykjavík mér forláta kuldajakka. Hann nota ég ennþá og hann passar meira að segja betur núna en fyrir áratug. Það er ekki ónýtt.“

Finnboogi er annars önnunum kafinn um þessar mundir við að taka upp kartöflur. „Ég rækta talsvert af þeim fyrir okkur fjölskylduna og þetta er sannarlega nokkurt áhugamál, engin spurning.“ Þá er hann mikill áhugamaður um silungsveiði. „Jú, ég



FINNBOGI HERMANNSSON Fékk kuldajakka frá fólkinu sínu í Reykjavík fyrir áratug og hann passar betur í hann núna en þá.

hef yndi af silungsveiðum, eins og sagt er í minningargreinum,“ segir Finnboogi kankvís. „Ég fór nú síðast að veiða í Bolungarvík á laugardag, en fékk reyndar ekkert. Þetta er annars búið að vera sæmi-

legasta sumar hvað silunginn varðar, enda eru mörg þrýðileg vötn og ár hér fyrir vestan.“

Finnboogi hefur unnið hjá Ríkisútvarpinu síðastliðin níttján ár en býst við að láta af störfum á næsta ári.

„Þá tekur 95 ára reglan gildi og ég get sest í helgan stein. Ég hlakka til að hætta hjá útvarpinu, en læt vera að fara nánar út í það. Að öðru leyti er framtíðin óráðin og við sjáum bara hvað setur.“ ■

MYND/JÓNAS ÞÓR



FYRSTA SKÍRNIN Sjöfn skírði stúlkubarn í fyrsta sinn á sunnudag og hlaut hún nafnið Margrét Helga.

Séra Sjöfn sett í embætti

„Þetta var yndisleg stund,“ segir séra Sjöfn Þór, sem var sett í embætti sóknarprestis í Reykhólaprestakalli á sunnudaginn. Séra Agnes Sigurðardóttir, prófastur í Vestfjarðaprestakalli, framkvæmdi athöfnina.

Séra Sjöfn þurfti ekki að bíða lengi eftir eldskírn sinni, ef svo má að orði komast, því við sama tækifæri var barn fært til skírnar. „Þetta er lítil hnáta sem hlaut nafnið Margrét Helga

og er Jökulsdóttir. Þetta gekk allt vel og það var ólýsanleg tilfinning að skíra mitt fyrsta sóknarbarn,“ segir Sjöfn.

Sjöfn á rætur að rekja til Reykhóla því svo vill til að afi hennar, séra Þórarinn Þór, var prestur á staðnum þegar prestsbústaðurinn, sem hún mun búa í, var byggður. „Ég er ekki flutt inn, það er verið að gera við húsið en ég á von á að það gerist innan skamms,“ segir séra Sjöfn kampakát. ■

JARÐARFARIR

- 11.00 **Sæmundur Jónsson**, Hrafnistu, Hafnarfirði, verður jarðsöngurinn frá Fossvogskirkju.
- 13.00 **Steingrímur Kristjánsson**, Laugavegi 143, Reykjavík, verður jarðsöngurinn frá Fossvogskirkju.
- 13.30 **Steinþór Gestsson**, fyrrverandi alþingismaður og bóndi á Hæli í Hreppum, verður jarðsöngurinn frá Skálholti kirkju. Jarðsett verður á Stóra-Núpi.
- 14.00 **Sverrir Karlsson**, Jaðarsbraut 31, Akranesi, verður jarðsöngurinn frá Akranes-kirkju.
- 15.00 **Bessi Bjarnason** leikari, Hlunnavogi 13, Reykjavík, verður jarðsöngurinn frá Hallgrímskirkju.
- 15.00 **Hörður Ágústsson** listmálari, Grænuhlíð 12, verður jarðsöngurinn frá Dómkirkjunni í Reykjavík.

ANDLÁT

Sigurður Kristjánsson, húsa-smíðameistari, Hrannarbyggð 19, Ólafsfirði, lést á dvalarheimilinu Hornbrekku í Ólafsfirði föstudaginn 16. september.

Vígús Sigurðsson frá Brúnum, Hólavangi 3, Helli, lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands sunnudaginn 18. september.

AFMÆLI



Guðmundur Árnason ráðuneytisstjóri er 42 ára.



Sigurjón Kjartansson skemmtikraftur er 37 ára.

LEGSTEINAR
S: HELGASON
Skemmuvegi 48
S: 557 6677
www.steinsmidjan.is

98.9
BYLGJAN
Lífsgaða
Þriðjudagskvöld 22-24

September tilboð

ÓÞÝKT

Áherslutúss
aðeins
9kr.*
5 stk. á mann

Áherslutúss

Office 1 áherslutúss
Gulur, grænn, blár og bleikur
Vörunúmer: 110991000000.....

**ÓTRÚLEGT
VERÐ!**

**Pappírinn
sem tækni-
menn mæla
með!**

1 pakki

299,-*

1 kassi

1.495,-

* ef þú kaupir 1 kassa

Ljósritunarpappír

A4 - 500 blöð í pakka 80 gr.
Rykfrír og mjög þéttur pappír.
Pappír sem tæknimennirnir mæla
hiklaust með. 5 pakkir í kassa.
Vörunúmer: 1601007010-OFF

01 skrifblokk A4

Gul - Vörunúmer: 1610001000060
hvít - Vörunúmer: 1610001000050

**ÓTRÚLEGT
VERÐ**

79,-

Verð áður 149,-

Geisladiskar

01 geisladiskar 50 á spindli
Vörunr 7203000090004



1.295,-



2.295,-

01 geisladiskar 25 á spindli
Vörunr 7203000090022

**22%
AFSLÁTTUR!**



**22% afsláttur af öllum
bleki og dufthylkjum**

Gatapokar

Vandaðir gatapokar A4.
Vörunúmer: 672432008

**100
í pakka**

299,-

Verð áður 595,-

**50%
AFSLÁTTUR!**

Kúlupenni

Officemate kúlupennar með
gúmmigripi. Til í bláu og svörtu.
Vörunúmer: 6724460...

50 í kassa

Verð á kassa

450,-

Verð áður 1.750,-

MAGNKAUP

Nammi og pennar í kaupbæti!

Öllum pöntunum hjá fyrirtækjapjónustu Office 1 að
upphæð 10.000 eða meira fylgir sælgæti og pennasett



Við sendum frítt á höfuðborgasvæðinu
eða til næsta flutningsaðila ef verslað
er fyrir meira en 7.000 krónur og
samdægurs ef pantað er fyrir klukkan
12 á hádegis, en annars næsta virkan
dag. Fyrirtækjapjónustan er opin alla
virka daga frá 8:30 - 17:00.

• Pantanir 550 4111
• Fax 550 4101
• pontun@office1.is
550 4111 • www.office1.is

Office1 Superstore

Fleiri en 400 verslanir
í 24 löndum!



Office1 Superstore
-um víða veröld!



Heyrst hefur ...

... að Magnús Gylfason sé undir smásjá marga liða hér á landi en Magnús þjálfaði sem kunnugt er lið KR í sumar þar til honum var sagt upp störfum. Magnús hefur meðal annars verið orðaður við Víking frá Ólafsvík sem héldu sæti sínu í 1. deildinni í ár eftir að hafa unnið sig upp um deild í fyrra.

sport
sport@frettabladid.is

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

SEPTEMBER

17 18 19 20 21 22 23

Priðjudagur

LEIKIR

- ☐ 19.15 Valur og HK mætast í Laugardalshöll í DHL-deild karla í handbolta.

SIJÓNVARP

- ☐ 07.00 Olíssport á Sýn. Þátturinn er endursýndur þrisvar sinnum til klukkan 9.00 og svo aftur klukkan 16.35.
- ☐ 17.05 Meistaradeild Evrópu á Sýn. Fréttir af leikmönnum og liðum í Meistaradeildinni.
- ☐ 17.35 Strandblak á Sýn.
- ☐ 18.35 Enski deildarbikarinn á Sýn. Leikur Grimsby og Tottenham í beinni útsendingu.
- ☐ 20.35 Mótorsport 2005 á Sýn.
- ☐ 21.00 Landsbankadeildin á Sýn. Afending verðlauna fyrir umferðir 13-18 í Landsbankadeild karla.
- ☐ 22.00 Olíssport á Sýn.
- ☐ 22.30 Enski deildarbikarinn á Sýn. Leikur Grimsby og Tottenham endursýndur.
- ☐ 00.10 Landsbankadeildin á Sýn. Afending verðlauna fyrir umferðir 13-18 í Landsbankadeild karla.

Íslendingaslagur í Noregi:

Brann sigraði Start

FÓTBOLTI Kristján Örn Sigurðsson og félagar hans í norska liðinu Brann sigruðu Start frá Kristjánsandi í gærkvöld 1-0 í norsku úrvalsdeildinni á heimavelli sínum í Björgvin. Kristján Örn lék vel í vörn Brann en Jóhannes Harðarson sat allan tímann á varamannabekk Start. Árni Gautur Arason, landsliðsmarkvörður og félagar hans í Vålerenga eru þar með komnir með þriggja stiga forskot á Start á toppi norsku úrvalsdeildarinnar. Brann er í sjötta sæti deildarinnar, tólf stigum á eftir Vålerenga.

- hh

X-ite
unaðsgel fyrir konur og karla

Xite er unaðsgel sem eykur kynlífsánægjuna, bæði hjá konum og körlum.

Fæst í næsta apóteki

BJARNI ÓLAFUR EIRÍKSSON: STENDUR TIL BOÐA AÐ ÆFA MEÐ TVEIMUR NORSKUM FÉLÖGUM

Búið að vera ótrúlega viðburðarríkt ár

Bjarna Ólafi Eiríkssyni, varnarmanninum sterka í Val, stendur til boða að halda til Noregs og æfa með tveimur úrvalsdeildarfélagum, Vålerenga og Odd Grenland. Bjarni hefur átt ótrúlega góðu gengi að fagna undanfarið ár en auk þess að vera hluti af mjög sterku liði Vals sem lauk keppni í öðru sæti í Landsbankadeild karla var hann þar að auki valinn í landsliðið þar sem hann fékk að spreyta sig í nokkrar mínútur fyrir í sumar. Bæði félögin norsku hafa fylgst með Bjarna í nokkurn tíma og sáu hann spila fáeina leiki hér heima í sumar.



„Þetta er búið að vera alveg ótrúlegt og þessir hlutir hafa gerst afar hratt,“ sagði Bjarni í samtali við Fréttablaðið í gær. „Ég veit hins vegar ekki hvort ég kemst út strax eftir bikarúrslitaleikinn þar sem ég er í námi í Kennaraháskólanum og er bundinn af skyldumætingu í nokkra áfanga þar. Þetta verður bara að fá að ráðast en ég er fyrst og fremst núna að einbeita mér að úrslitaleiknum á laugardag.“ Valur mætir þar liði Fram og stefnir í

hörkuleik enda vilja Framarar sjálfsagt bæta fyrir það að liðið féll í 1. deildina nú í lokaumferðinni um helgina.

Bjarni segir að þessi árangur komi sér á óvart enda hafi hann aldrei sett sér það markmið að verða atvinnumaður í knattspyrnu. „Ég var ekki þessi sex ára peyi sem sagðist ætla verða atvinnumaður þegar hann yrði stór. En þetta er engu að síður mjög spennandi og það er ekki til sá maður sem slær hendinni á móti þessu með réttu ráði.“ Eins og kunnugt er leikur Árni Gautur Arason, félagi Bjarna úr landsliðinu, með Vålerenga en það er sem stendur í toppsæti norsku deildarinnar þegar fáeinar umferðir eru eftir. Enginn Íslendingur leikur hins vegar með Odd Grenland.

> Við hrósum ...

... Kára Árnasyni sem er að gera það afar gott í Svíþjóð. Hann er fastamaður í liði sínu, Djurgården, sem í gær vann afar mikilvægan sigur í toppslag sænsku deildarinnar. Með sigrinum eru leikmenn liðsins komnir með aðra hönd á bikarinn sænska.

> Við fögnum því ...

... að handboltinn sé byrjaður á rúlla á ný en keppni í DHL-deild karla hefst í kvöld með leik Vals og HK. Þessi lið mæta sterk til leiks og ætti því að gefa góðan tón fyrir leiktíðina. Á morgun lýkur svo fyrstu umferðinni með sex leikjum.

Andri Ólafsson Eyjamaður:

Fer til reynslu hjá Öster

FÓTBOLTI

Vestmannaeyingurinn Andri Ólafsson heldur nú í vikunni til Svíþjóðar þar sem hann mun vera til reynslu hjá 1. deildarfélaginu Östers IF. Andri hefur verið einn af fastamönnum ÍBV í sumar en hann hefur leikið fimmtán leiki og skorað í þeim þrjú mörk. Forráðamenn Öster hafa fylgst með Andra í nokkurn tíma og hafa nú boðið honum að æfa með félaginu um skeið.

- esá

Erfitt hjá Beckham í Real:

Beckham löðrungaði mig

FÓTBOLTI Sergio Sanchez, leikmaður Espanyol, sagði í spænskum fjölmiðlum í gær að hann hafi verið löðrungaður í leik gegn Real Madrid um helgina af engum öðrum en David Beckham, fyrirliða enska landsliðsins. Espanyol vann leikinn, 1-0, með umdeildu marki og því annar tapleikur Real á nokkrum dögum staðreynd.

Beckham mun víst hafa löðrungað Sanchez þegar hann var að hita upp á hliðarlínunni við hornfánann, þar sem Beckham tók horn. „Ég hóstaði um leið og hann tók spyrnuna og það fór eitthvað í taugarnar á honum.“

LEIKIR GÆRDAGSINS

Enska úrvalsdeildin:

ARSENAL-EVERTON 2-0
1-0 Sol Campbell (x), 2-0 Sol Campbell.

STADAN:

	6	6	0	0	12-0	18
CHELSEA	5	4	0	1	8-3	12
CHARLTON	5	3	2	0	6-1	11
MAN. UTD.	6	3	2	1	7-4	11
BOLTON	6	3	2	1	7-5	11
MAN. CITY	5	3	1	1	10-4	10
WEST HAM	5	3	1	1	9-4	9
ARSENAL	5	3	0	2	5-3	9
TOTTENHAM	6	2	2	2	6-7	8
M'BORO	5	2	1	2	4-4	7
WIGAN	4	1	3	0	1-0	6
LIVERPOOL	6	1	3	2	5-9	6
ASTON V.	6	1	2	3	5-8	5
PORTSM.	6	1	2	3	4-7	5
NEWCASTLE	6	1	2	3		

Norska úrvalsdeildin:

BRANN-START 1-0
Kristján Örn Sigurðsson var í byrjunarliði Brann í leiknum en Jóhannes Harðarson, leikmaður Start, sat á varamannabekknunum.

Sænska úrvalsdeildin:

	1-1
HALMSTAD-ELFSBORG	1-1
Gunnar Heiðar Þorvaldsson var í byrjunarliði Halmstad og skoraði mark liðsins í leiknum.	
HAMMARBY-SUNDSVALL	0-0
IFK GAUTABORG-DJURGÅRDEN	1-3
Kári Arnason var í byrjunarliði Djurgården en Sölvi Geir Ottesen kom ekki við sögu.	
LANDSKRONA-HÄCKEN	0-1

Leifur á leið í Árbæinn?

Fylkismenn leita nú logandi ljósi að næsta þjálfara liðsins eftir að Þorláki Árnasyni var sagt upp fyrir í sumar. Forráðamenn liðsins standa nú í viðræðum við nokkra menn og hefur nafn Leifs Garðarssonar oftast verið nefnt.

FÓTBOLTI Nú þegar tímabilinu í Landsbankadeildinni er lokið er Fylkir eitt af þeim liðum sem þurfa að finna sér nýjan þjálfara fyrir næstu leiktíð. Ólafur Þórðarson, sem var fyrsti kostur Fylkismanna, hefur þegar framlengt samning sinn við Skagamenn og Eyjólfur Sverrisson, þjálfari U-21 árs landsliðs Íslands, hefur gefið Fylki afsvar. Fylkismenn eru þó með fleiri þjálfara á óskalistanum sínum og samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mun Leifur Garðarsson vera efstur á þeim lista.

Leifur hefur verið aðstoðarþjálfari Ólafs Jóhannessonar hjá Íslandsmeistaraliði FH og er þar að auki fyrrverandi körfubolta-dómari en hann var einn besti dómari landsins áður en hann lagði flautuna á hilluna. Hann ákvað þess í stað að snúa sér al-farið að þjálfun og hefur verið farsæll í því starfi. Ekki er ólíklegt að Leifur skrifi undir samning nú strax í vikunni en viðræður standa þó enn yfir.

Annar þjálfari sem kemur sterklega til greina sem arftaki Þorláks Árnasonar er Sigurður Jónsson, þjálfari Víkinga. Hann hefur náð góðum árangri í Víkinni og kom félaginu upp í úrvalsdeildina um helgina. Hann var einnig sterklega orðaður við þjálfara-



ÓLAFUR OG LEIFUR Þeir Ólafur Jóhannsson og Leifur Garðarsson hafa þjálfað FH undanfarin ár með góðum árangri.

stöðuna hjá ÍA áður en ljóst varð að Ólafur ákvað að halda tryggð við Skagamenn. Sigurður mun hafa rætt við forráðamenn Fylkis en hann stendur einnig í viðræðum við Víkinga um áframhaldandi veru í starfi sínu þar.

Þá er Magnús Gylfason einnig á lausu eftir að honum var víkið

úr starfi hjá KR í sumar og hefur nafn hans einnig borið á góma hjá Fylkismönnum.

Leifur vildi lítið segja þegar Fréttablaðið hafði samband við hann í gær en samningur hans við FH-inga rennur út núna í haust.

eirikurst@frettabladid.is

Varnarjaxlinn Sol Campbell ekki lengi að stimpla sig inn eftir erfið meiðsli:

Campbell skoraði bæði mörk Arsenal

FÓTBOLTI Sol Campbell var hetja Arsenal í gær er hann tryggði sínum mönnum 2-0 sigur á Everton á Highbury en Campbell skoraði bæði mörk leiksins. Hann var þar að auki að leika sinn fyrsta deildarleik á tímabilinu en hann hefur undanfarið átt við meiðsli að stríða. Hann var þar að auki fyrirliði í fjarveru Thierry Henry.

„Þetta var alveg frábært,“ sagði Sol Campbell eftir leikinn. „Þetta hefur verið langur tími en það er frábært að vera kominn aftur. Síðasta tímabil var erfitt

fyrir mig persónulega en ég er hamingjusamur í dag og finn að ég styrkist með hverjum leik sem ég spila.“

Everton hefur byrjað leiktíðina hörmu-



TVÖ MÖRK Sol Campbell skorar fyrra mark sitt gegn Everton í gær.

lega og er aðeins með þrjú stig eftir fimm leiki og er í næstneðsta sæti deildarinnar. Liðið átti aldrei möguleika í gær en auk þess að Campbell skoraði tvívegis átti Jose Antonio Reyes skot í stöng og Freddie Ljungberg skaut sömuleiðis í slá Everton-marksins.

„Það var mikilvægt að sigra og mér finnst að við stóðum okkur vel í leiknum,“ sagði Arsene Wenger knattspyrnustjóri Arsenal eftir leikinn. „Nú er markmiðið að standa sig sömuleiðis vel á útíelli.“

Guðmundur Mete framlengir við Keflavík:

Í Bítlabænum næstu þrjú árin

FÓTBOLTI Keflvíkingar kættust í gær þegar varnarmaðurinn Guðmundur Viðar Mete skrifaði undir nýjan þriggja ára samning við félagið. Guðmundur gekk til liðs við Keflavík um mitt sumarið en hann hafði leikið í Svíþjóð síðustu ár.

Koma Guðmundar styrkti lið Keflvíkinga mikið enda höfðu þeir verið í vandræðum með að manna miðvarðarstöðurnar hjá liðinu. Guðmundur segist ekki vera búinn að gefa atvinnumannadrauminn upp á báttinn þrátt fyrir

að hafa framlengt við Keflavík en hann líti á félagið sem góðan stökkpall í atvinnumennsku.

Næst á dagskrá hjá Keflavík er að ganga frá þjálfaramálunum en fastlega er búist við því að Kristján Guðmundsson haldi áfram með liðið enda náði hann góðum árangri í sumar þrátt fyrir að hafa tekið við liðinu á skyndilega rétt fyrir mót er Guðjón Þórðarson sagði starfinu lausu.

- hbg



GAMAN AÐ SEMJA VIÐ ÞIG Guðmundur sést hér við undirskriftina ásamt formanni knattspyrnudeildar Keflavíkur, Rúnari Arnarsyni.


FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR



ÞÚ FÆRÐ HP HVERGI Á BETRA VERÐI

MOBILE INTEL

Celeron M örgjörvinn er sérstaklega hannaður með orkusparnað í huga sem þýðir lengri rafhlöðuendingu



ÞRÁÐLAUST NET

HP ferðatölvan kemur með 54Mbps þráðlausu 802.11g netkorti og innbyggðu loftneti



DVD OG SKRIFARI

Hljóðlátt Combodrif sem er 24x geislaskrifari og DVD drif fyrir kvikmyndir, leiki og gögn



INTEL GMA900

Intel GMA900 skjá kortið er byggt á PCI-Express tækni og nýttir 64MB af DDR minni tölvunnar



ÖLL HELSTU TENGI

HP nx6110 tölvan kemur með, 2xUSB, S-VHS, VGA, FireWire og stæði fyrir 1 PCMCIA tengi



ALLT AÐ 3 TÍMA

HP nx6110 fartölvan er ótrúlega létt aðeins 2.7Kg og Lithium rafhladan endist í allt að 3 tíma.



Örgjörvi	1.4GHz Intel Celeron M 360
Vinnsluminni	Intel Celeron með 1MB cache
Harðdiskur	256MB 333MHz DDR
Skjá kort	Stækanlegt í 2GB
Skjár	40GB Ultra ATA100
Combodrif	4200 RPM hraður og hljóðlátur
Hljóðkort	64MB Intel GMA900
Netkort	Mobile skjá kort með TV-út í sjónvarp
Þráðlaust	15" XGA Active Matrix skjár
Stýrikerfi	1024x768dpi upplausn
Tengi	Skrifari og DVD drif
	Les DVD og skrifar CD-RW diska
	Hljóðkerfi með 2 hátölurum
	Hljóðkort og stereo hátalarar
	10/100 base netkort
	Einnig 56K módem innbyggt
	54Mbps þráðlaust netkort
	Innbyggt 802.11g með loftneti í skjá
	Windows XP Home - SP2
	Á íslensku eða ensku
	2xUSB2, FireWire, VGA öfl.
	Báin öllum helstu tengjum

VERÐ 59.900

Tilboð gildir meðan birgðir endast • Aðeins 50 stk.

TÖLVULISTINN

REYKJAVÍK
Nóatúni 17
Sími 562 6730

AKUREYRI
Glerárgötu 36
Sími 464 7400

KEFLAVÍK
Hafnargötu 90
Sími 534 7400



EIÐUR SMÁRI Landsliðsfyrirliðinn verður ekki með í Svíþjóð vegna leikbanns.

Miðasalan í Svíþjóð:

Góð sala fyrir leikinn gegn Íslandi

FÓTBOLTI Það er mikil spenna á meðal sænskra knattspyrnáhugamanna fyrir leik liðsins við Íslendinga. Alls hafa 28 þúsund miðar verið seldir á leikinn sem er liður í undankeppni HM en hann fer fram á Råsunda leikvanginum í Stokkhólmi miðvikudaginn 12. október næstkomandi. En líklegt er talið að uppselt verði á leikinn. Ý Á síðasta heimaleik Svíþjóðar gegn Búlgaríu komu 33.883 áhorfendur.

Svíar eru í efsta sæti riðilsins með 21 stig að loknum átta leikjum en Íslendingar eru í næst neðsta sæti með aðeins fjögur stig að loknum níu leikjum. Útlitið getur ekki talist gott gegn Svíum því ekki nóg með að 17 stig skilji liðin að í riðlinum, þá verða þeir Eiður Smári Guðjohnsen og Hermann Hreiðarsson ekki með liðinu vegna leikbanna.

- hh

Alex Ferguson:

Fór til Noregs

FÓTBOLTI Alex Ferguson, knattspyrnustjóri Manchester United, heimsótti í gær norska félagið Lyn, sem Stefán Gíslason leikur með. Erindi hans var þó að ræða við hinn nígíríska John Mikel Obi sem skrifaði undir samning við United í vor. Hann segir hins vegar að hann hafi verið þvingaður til að skrifa undir og vill fá samninginn ógildan. Ferguson vonar hins vegar að ferð hans til Noregs liðki til og breyti viðhorfi hins átján ára gamla Obi.



BESTI ÞJÁLFARINN SEGIR ÁGÚST Ágúst Jóhannesson þjálfari kvennaliðs Vals er ekki í vafa um það að gamli landsliðsþjálfarinn Guðmundur Guðmundsson sé besti þjálfarinn í DHL-deild karla.

Fram með besta þjálfarann

Í kvöld hefst keppni í DHL-deild karla í handbolta með leik Vals og HK. Ágúst Jóhannsson, þjálfari kvennaliðs Vals spáði í spilin fyrir leikina í fyrstu umferðinni fyrir Fréttablaðið.

HANDBOLTI Fréttablaðið fékk Ágúst Jóhannsson, þjálfara kvennaliðs Vals, til að spá fyrir um úrslit í 1. umferð DHL-deildar karla sem hefst í kvöld. Ágúst spáir óvæntum úrslitum í leik Framara og Hauka.

„Ég tel að það verði fjögur eða fimm lið í baráttunni um titilinn í vetur; Haukar, KA, Valur, HK og Stjarnan,“ sagði Ágúst aðspurður um hvaða lið muni keppa um Íslandsmeistaratitilinn í vetur.

„Leikur Vals og HK verður spennandi. Þetta eru tvö vel mönnuð lið sem spila þó ólíkan bolta. Valsmenn keyra meira á hraðaupphlaup og ég hallast að sigri þeirra.“

Á morgun er svo bæjarlagur Þórs og KA. Ágúst telur KA-menn munu hafa betur í þeim átökum. „Þetta verður hörkuleikur eins og alltaf en Þórsarar hafa misst mikinn mannskap og því held ég að KA vinni þennan leik.“

Fylkir mætir Víkingi/Fjölni á morgun. „Fylkir vinnur þennan

leik. Ég tel að Fylkismenn geti farið í báðar áttir í vetur, þetta gæti gengið upp en svo gæti þetta klikkað. Þeir verðar sterkir varnarlega í vetur og vinna Víking/Fjölni sem hefur misst gríðarlega mikið og ég ætla að Fylkir vinni nokkuð auðveldan sigur.“

Ágúst spáir óvæntum tíðindum í Safamýrinni á morgun þegar Fram tekur á móti Haukum. „Ég held að Fram vinni Hauka. Fram er tvímælaust með besta þjálfara deildarinnar í Guðmundi Guðmundssyni og ég held að hann nái að sjóða saman gott lið þrátt fyrir að hafa misst marga leikmenn fyrir tímabilið. Haukarnir verða í toppbaráttunni sem fyrr. Þeir eru með gott lið, hörku heimavöll og með mikla hefð. Einfaldlega gott félag.“

„ÍR vinnur ÍBV þótt leikið sé úti í Eyjum. ÍR gæti orðið það lið í vetur sem kemur mest á óvart. Þeir eru með mikið af ungum og efnilegum strákum og einfaldlega með mjög frískt lið. Nú eru strák-

ar komnir með hlutverk í liðinu sem hingað til hafa verið auka-leikarar. ÍBV virðist vera í basli með að ná liðinu almennilega saman. Það hefur ekki gengið vel á undirbúningstímabilinu og ég set spurningarmerki við þessa útlendinga sem Eyjamenn fengu til liðsins. Ég sá þá leika í Reykjavík-urmótinu og þeir voru ekki sannfærandi.“

FH tekur á móti Aftureldingu í Kaplakrika á morgun og spáir Ágúst Mosfellingum þar sigri. „Afturelding hefur svolítið gleymt í umræðunni fyrir mótið. Það er gott lið, strákar sem eru búnir að vera efnilegir og nú er kominn tími til að menn stígi upp og verði góðir. Þeir fengu Guðmund Hrafnkelsson á markið og Hauk Sigurvinsson á miðjuna og þeir eiga eftir að styrkja liðið helling. Ég hallast að því að FH-ingar gætu lent í vandræðum í vetur. Liðið hefur misst leikmenn sem hafa spilað stórt hlutverk hjá þeim á undanförunum árum.“

Ronaldinho verðlaunaður:

Bestur í heimi

FÓTBOLTI Brasilíumaðurinn Ronaldinho var í gærkvöldi í London valinn besti knattspyrnumaður heims af FIFA PRO-samtökunum sem eru samtök atvinnumanna úti um allan heim. Manchester United átti efnilegustu leikmennina, Cristiano Ronaldo var valinn af aðdáendum en Wayne Rooney af sérstakri dómnefnd.

Þá var að lokum var valið lið ársins en það er skipað; Nelson Dida (Brasilía/Milan), Cafu (Brasilía/Milan), Alessandro Nesta (Ítalía/Milan), John Terry (England/Chelsea), Paolo Maldini (Ítalía/ Milan), Ronaldinho (Brasilía/Barcelona), Frank Lampard (England/Chelsea), Claude Makelele (Frakkland/Chelsea), Zinedine Zidane (Frakkland/Real Madrid), Samuel Eto'o (Kamerún/Barcelona) og Andriy Shevchenko (Úkraína/Milan).



GUÐJÓN ÞÓRÐARSON Sér á eftir fyrirliðanum sínum.

Guðjón Þórðarson hjá Notts:

Sér á eftir fyrirliðanum

FÓTBOLTI Guðjón Þórðarson, knattspyrnustjóri Notts County, kom fram í fjölmiðlum í gær og sagði að sínir menn myndu sakna fyrirliða síns, Julien Baudet, sárt í næstu leikjum. Baudet fékk rautt spjald í leik Notts County gegn Shrewsbury um helgina en County tapaði leiknum, 2-0, og var það fyrsta tap liðsins á tímabilinu. Liðið missti í kjölfarið toppsætið í ensku 3. deildinni. Guðjón segir að Baudet eigi að hafa traðkað á einum leikmanna Shrewsbury. „Ef það er rétt var ákvörðun dómarsins rétt og hef ég yfir engu að kvarta. En að vera ekki með Jules í liðinu næstu þrjá leiki er hræðilegt. Hann hefur verið einna bestur í liðinu í vetur,“ sagði Guðjón.

- esá

1.591kr
Lotus Marathon
miðapurrkuskápur

1.591kr
Lotus sápuskammtari

1.591kr
Lotus WC
Compact statíf

Á tilboði í september 2005
Lotus Professional skammtarar fyrir snyrtinguna, miðapurkur Marathon Soft, enMotion handpurkur, handsápa mild, WC Compact 2ja laga, setuhreinsir og Tropical ilmur

Lotus Professional
Hagkvæm heildarlausn fyrir snyrtinguna

Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhalsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is



DOUG ELLIS Meirihlutaeggandi og stjórnaformaður Aston Villa, Doug Ellis, er nú hugsanlega að selja hlut sinn í félaginu.

Áhugi á yfirtökutilboði í Aston Villa staðfestur:

Rússar vilja kaupa Aston Villa

FÓTBOLTI Stjórn enska knattspyrnufélagsins Aston Villa hefur staðfest að rússneskir kaupsýslumenn vilji kaupa meirihluta í félaginu.

Talsmaður Aston Villa staðfesti í gær við breska fjölmiðla að yfirtökutilboð væri hugsanlegt á næstu dögum en töluverð viðskipti hafa verið með hlutabréf í félaginu að undanförunu. Í yfirlýsingu stjórnar félagsins segir að áhugi á kaupum á félaginu hafi verið ræddur innan stjórnar félagsins en ekki var hægt að staðfesta hverjir það væru sem stæðu

á bak við tilboðið. Líklegast er talið að rússneskir kaupsýslumenn vilji eignast töluverðan hlut í félaginu og eru þeir tilbúnir að leggja fram allt að 75 milljónir punda til leikmannakaupa.

Doug Ellis, sem er núverandi meirihlutaeggandi í félaginu, hefur til þessa ekki viljað tjá sig um hugsanleg kaup Rússana en hann neitaði í sumar tilboði breska auðkífingsins Ray Ranson, sem gerði garðinn frægan sem leikmaður hjá Manchester City og Newcastle United á árum áður.

- mh

ÚR SPORTINU

Landsliðsþjálfari Írlands í knatt-spyrnu, Brian Kerr, er vonsvikinn yfir því að Roy Keane, fyrirlíði Írlands og Manchester United, hafi meiðst í leik gegn Liverpool um helgina en hann fót-brotnaði og verður frá æfingum og keppni í tvo mánuði. „Þetta eru slæm tíðindi fyrir okkur því Keane er vitanlega lykilmáður í okkar liði og einn af bestu miðjumönnum heims. Við eigum erfiða leiki eftir í undankeppni heimsmeistaramótsins og auðvitað hefði verið betra að hafa Keane með í þeim leikjum. En nú reynir á aðra leikmenn liðsins. Þeir verða að sýna hvað í þeim býr og ég treysti þeim fullkomlega til þess að standa sig vel, en það er ljóst að það kemur enginn miðjumaður í heiminum í staðinn fyrir hinn ótrúlega Roy Keane.“



Nicky Butt hefur verið ákærður af Nenska knattspyrnusambandinu fyrir rauða spjaldið sem hann fékk í leik Birmingham City og Portsmouth. Butt, sem er á láns-samningi frá Newcastle, hefur ekki byrjað leiktíðina eins vel og hann hefði óskað en hann er sannfærður um að hann muni ná að sýna sitt rétta andlit. „Það hefur ekki gengið nógu vel hjá að undanförnu en ég mun koma sterkur til baka eftir þetta leikbann.“ Dermot Gallagher dómari rak Butt af velli fyrir að brjóta á Dario Silva en á leiðinni út af af vellinum bölvaði Butt aðstoðardómaranum og hefur hann nú verið kærður fyrir ósæmilega hegðun.



Steve Clarke, aðstoðarþjálfari Chelsea, hefur ekki miklar áhyggjur af því þótt áhorfendur kalli í sífellu að fótboltinn sem Chelsea spilar sé leiðinlegur. „Það skiptir okkur ekki miklu máli þó stuðningsmenn andstæðinga okkar vilji meina að spilum leiðinlegan fótbolta. Ég held að þetta sé tengt því að við erum með besta liðið. Við höfum verið að spila góðan fótbolta og það fer auðvitað í taugarnar á andstæðingum okkar.“ Chelsea hefur ekki enn fengið á sig mark í úrvalsdeildinni og svo virðist sem tilkoma Mickael Essien í liðið hafi þétt varnarleikinn enn frekar. Þó varnarleikurinn sé aðalsmerki Chelsea hefur liðið skorað mest allra liða í deildinni, tólf mörk.



Jónas Grani Garðarsson, knattspyrnumaður hjá FH, er sagður á förum frá Íslandsmeisturunum en hann sat á varamannabekknum löngum stundum í sumar. Jónas Grani spilaði í heildina 86 mínútur á þessari leiktíð en tókst þó að skora tvö mörk fyrir Hafnarfjarðarliðið, en hann ætlar sér reyna að komast að hjá liði í úrvalsdeildinni. Freyr Bjarnason og Hermann Albertsson skrifuðu undir nýjan samning við FH um síðustu helgi en nokkuð margir leikmanna FH voru með lausa samninga nú að tímabili loknu.



Kelvin Davis, markvörður enska Kúrvalsdeildarliðsins Sunderland, hefur ekki átt sjö dagana sæla hjá liðinu að undanförmu en hann hefur fengið á sig flest mörk allra markvarða í deildinni til þessa. Knattspyrnustjóri Sunderland, Mick McCarthy, vill ekki kenna Davis um öll mörkin sem hann hefur fengið á sig til þess. „Vörnin okkar hefur verið skelfileg. Við verðum að einbeita okkur meira að því að verjast því það er lykillinn að árangri í úrvalsdeildinni. Við getum spilað ágæta sóknarknattspyrnu og við sýndum það með góðum leik í 1. deildinni á síðustu leiktíð. Davis hefur fengið á sig mörg mörk en þau eru ekki bara honum að kenna, heldur öllu liðinu frekar.“



HVAR ERTU? Kári Árnason á hér í harðri baráttu við leikmann IFK Gautaborgar FRÉTTABLAÐIÐ/GUDMUNDUR SVANSSON

Úrslitaleikur í sænska boltanum í gær: Kári og félagar með aðra hönd á bikarnum

FÓTBOLTI Kári Árnason og félagar í Djurgården unnu í gær mikilvægan sigur í sænsku úrvalsdeildinni í knattspyrnu er liðið vann 3-1 sigur á IFK Gautaborg á útivelli. Sigurinn þýðir að Djurgården er með sex stiga forystu á Gautaborg þegar fjórar umferðir eru eftir og er liðið í raun með aðra höndina á bikarnum. „Síðustu tveir leikir hafa verið algerir úrslitaleikir og unnust þeir báðir, fyrst 2-0 gegn Malmö og svo í kvöld,“ sagði Kári við Fréttablaðið í gær en hann var í byrjunarliðinu í báðum leikjum, rétt eins og í flestum leikjum tímabilsins. Hann kveðst vitanlega vera ánægður með það. „Það

sýnir að þjálfarinn ber visst traust til manns og er það frábært.“ Kári segir að sínir menn hafi verið lélegir í fyrri hálfleik en eins og svo oft áður hafi þeir samt náð að halda hreinu. „Þetta hefur einkennt okkur í sumar. Svo náum við að sækja hratt á þá í síðari hálfleik og þá komu mörkin. Þetta var spennandi allt til loka en þeir fengu dauðafæri á lokamínútunum til að jafna leikinn í 2-2 en í staðinn skorum við þriðja markið. Svona er þetta bara í fótboltanum.“ Þá skoraði Gunnar Heiðar Þorvaldsson mark Halmstad í 1-1 jafntefliseik gegn Elfsborg. - esá

► FRÁBÆR LCD OG PLASMA TILBOÐ




ÖRPUNNT LCD

JVC LT32A60

32" HD LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með DynaPix og D.I.S.T., 1366x768 punkta upplausn og 1000:1 skerpu, 500cd/m2 birtu, 7ms svartíma, HDTV Ready (480p, 576p, 720p og 1080i), fullkomnum litstýringum (Gamma Curve og Dyn. Black Level), 20w Nicam Stereo hljóðkerfi, fullkomnu textavarpi, 2 Scart tengjum, SVHS, RCA og heymartölstengi, Component (Y, Pr, Pb) og PC tengi (VGA), borðstandi og fjarstýringu.

TILBOÐ ► 199.990

FULLT VERÐ kr. 229.990




ÖRPUNNT LCD

UNITED LTV15L50 12v/220v

15" LCD Sjónvarp með móttakara, 1024x768 punkta upplausn, 400:1 skerpu, Comb filter, Noise Reduction, 8w stereó hljóðkerfi, textavarp með 125 síðna minni, Scart (með RGB), SVHS og RCA tengi, PC-ingangi (VGA), tengi fyrir heymatöl, tónjafnara, svefnrofa, vekjara, borðstandi og fjarstýringu. 12 og 220V.

TILBOÐ ► 39.990

FULLT VERÐ kr. 49.990



ÖRPUNNT LCD

UNITED LTV20L50

20" LCD SJÓNVARP með fjólfærfa móttakara, 640x480 punkta upplausn, skerpu: 500:1, sjónsvið (H/V) 160x140, birtustig: 450cd/m2, stereó hljóðkerfi, 2 Scart með RGB, AV og SVHS inn og Scart og heymartöl út, PC-inn, textavarp, borðstandi og fjarstýringu.

TILBOÐ ► 59.990

FULLT VERÐ kr. 89.990



ÖRPUNNT LCD

UNITED LTV32

32" HD LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 (VGA, SVGA, XGA) upplausn og Progressive Scan, HDTV Ready (stýður 720p og 1080i), 800:1 skerpu og 550 cd/m2 birtu, 12ms svartíma og (H/V): 170°/170° sjónsvið, 2x10w hljóðkerfi með 2 hátölurum, 2 Scart tengi, Component (YPbPr) PC tengi (DVI-D og VGA), AV og heymartölstengi að framan, mynd í mynd (2 Tunerar), textavarp og fjarstýringu.

TILBOÐ ► 139.990

FULLT VERÐ kr. 149.990



PHILIPS 32PF4320

32" High Definition LCD SJÓNVARP með móttakara, 1366x768 (VGA, SVGA, WXGA) upplausn, 3D Comb Filter og Digital Crystal Clear, ljósskynjara og Active Control til að minnka glampa, 2 x 30w Virtual dolby Surround, 6 breiðtjaldsstillingum, 2 Scart tengjum og SVHS, íslensku textavarp og borðstandi.

TILBOÐ ► 149.990

FULLT VERÐ kr. 199.990





JVC LT32C31S

32" LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með D.I.S.T myndtækni, Super DigiPure og Digital Comb Filter, 1280x768 punkta upplausn, stýður HDTV, fullkomnar litstýringar, textavarp, tvískiptur skjá möguleiki, 20w RMS, BBE Nicam stereó hljóðkerfi, 3D Sound með Active Hyper Bass, 2 Scart, Component og SVHS tengi, RCA og heymartölstengi, T-V Link og borðstandi.

TILBOÐ ► 229.990

FULLT VERÐ kr. 299.990





UNITED PTV42

42" PLASMA SJÓNVARP með 852x480 upplausn (VGA, SVGA, XGA), Progressive Scan, 2x10w Nicam stereó hljóðkerfi með 2 hátölurum, 2 Scart tengjum, DVI og PC tölvutengi, mynd í mynd (2 Tunerar) textavarp og fjarstýringu.

TILBOÐ ► 179.990

FULLT VERÐ kr. 199.990





1971 - 2005

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind, VESTURLAND: Hjómýsinn, Akranesi, Kaupfélag Borgfirðinga, Borgarnesi, Blómsturvellir, Hellissandi, VESTFIRÐIR: Þristur, Ísafríði, Kaupfélag Steingrimsfjarðar, Drangarnesi, NORÐURLAND: KF Steingrimsfjarðar, Holmavík, KF V-Höfnvetninga, Hvamnstanga, Krákur, Blönduósi, Skagfirðingabúð, Sauðárkrúki, Ljósíafinn, Akureyni, Öryggi, Húsavík, AUSTURLAND: KF Héraðsbúa, Egilsstöðum, Verslunin Vík, Neskaupsstað, Kaupþing, Vopnafirði, KF Héraðsbúa, Seyðisfirði, Tumbraður, Seyðisfirði, Spakkaup, Fáskrúðsfirði, Martólvan, Höfn Hornafirði, SUDURLAND: Mosfell, Hella, Fossmar, Selfossi, Rás, Þorlákshöfn, Brimnes, Vestmannaeyjum, REYKJANES: Rafeindatekni, Keflavík, Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði, Rafmætti, Hafnarfirði.

PÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á *vísir* VEF TV

HORFÐU EINS OG ÞÉR SÝNIST!

Yfir 300 sjónvarpsþættir og kvikmyndir í stafrænum gæðum á [vísir.is](#)



Allt sem þú þarft og meira til

alt

Allt um nám á miðvikudögum í Fréttablaðinu.

■ SUDOKU DAGSINS

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á [www.sudoku.com](#). Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

Lausn á gátu gærdagsins

7	1	4	6	5	3	8	9	2
8	6	3	7	2	9	4	1	5
9	5	2	4	1	8	6	3	7
5	7	8	3	9	2	1	4	6
2	4	1	5	8	6	3	7	9
6	3	9	1	7	4	5	2	8
3	8	6	2	4	7	9	5	1
1	9	7	8	3	5	2	6	4
4	2	5	9	6	1	7	8	3

	3		2			1		
	6	2			1		9	5
8		7		5		4	6	
	9		4		2			1
		1		9		8		
7			6		3		5	
	5	4		6		7		9
1	7		9			2	4	
		3			4		1	

su|do|ku
© Puzzles by Pappocom

STUÐ MILLI STRÍÐA · **Biðtími**

KRISTJÁN HJÁLMARSSON HEFUR FENGIÐ NÓG AF SKRIFRÆÐI.

Svíþjóð er furðulegt land og Svíar eru undarlegt fólk. Þótt landið teljist til vestrænna ríkja tekur allt hér mjög langan tíma, hvort sem er að fá sænska kennitölu eða sænskt símanúmer.

Biðtíminn eftir kennitölu er ekki nema svona um þrjár vikur, að minnsta kosti hér í Jönköping. Fyrst þarf að skrá sig inn í landið á Skattaverkinu. Fólk þar þarf að senda gögnin til Nörrköping, þaðan sem þau eru síðan send til höfuðborgarinnar Stokkhólms. Í Stokk-

hólmi fer skattafólkið vel og vandlega yfir gögnin áður en þau eru send aftur til Nörrköping. Þar þarf fólk náttúrliga að skoða gögnin líka áður en það lætur loks verða af því að senda þau aftur til Jönköping.

Sömu sögu er að segja ef maður ætlar að fá símanúmer, nettengingu, leikskólapláss, húsaleigubætur og svo mætti lengi telja.

Á tímabili hélt ég að þessi langa og leiðinlega bið ætti aðeins við um opinberar stofnanir en fljótlega komst ég að því að þetta á líka við um fyrirtæki á hinum frjálsa markaði, meira að segja í stóra vöruhúsinu hjá Ikea. „Viltu kaupa sófa? Ekkert mál! Sendi þér hann um hæl. Hann kemur eftir svona sjö vikur!“ sagði afgreiðslukona í

gulri skyrtu og bláum buxum og brosti eins og ekkert væri sjálf-sagðara. Sjö vikna bið eftir sófa úr Ikea! Þvílíkt og annað eins. Nánast allar stofnanir og öll fyrirtæki hér í landi hafa einhvers konar þriggja vikna sjálfvirkan biðtíma, svona ef fólk skyldi nú snúast hugar.

Eftir að hafa búið hér í mánuð hef ég á tilfinningunni að ég sé staddur í einhverju af gömlu austantjaldsríkjunum en ekki í miðju Svíaríki. Það má ábyggilega segja margt ljótt og leiðinlegt um gömlu austantjaldsríkin en ég efast stórlega um að biðtíminn þar hafi verið jafn langur og hér. Jafnvel eftir jafn einföldum hlut og mublu úr Ikea, sem ég þarf líklega að skrúfa saman sjálfur.

myndasögur

■ PONDUS

Eftir Frode Överli

■ GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

■ PÚ OG PA

Eftir SÖB

■ KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell

DÝRABYRGID: EINKAMÁLADÁLKUR

Fríð skepna með dulúðlegt langt hár. Mig langar að róa þig niður og fá þig til að gleyma stressinu. Við getum uppgötvað hvort annað. Ég elska að fá mér langan blund, eiga kósí stundir á kvöldin og sushi.

Hringdu í 1234-233 og vertu vinur minn.

■ BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott

ÍSLENSK SNILLD

Stelpurnar í leikstjórn Óskars Jónassonar laugardaga kl. 20:20



ÍSLENSK SNILLD

Stelpurnar í leikstjórn Óskars Jónassonar laugardaga kl. 20:20





Sendu **SMS** skeytið
BTL VRO á númerið
1900 og þú gætir
unnið eintak.

Fullt af vinningum!

Robots á DVD • Fullt af öðrum DVD myndum • Fullt af Coca Cola



Vinnningar verða afhendir hjá BT Smáralind, Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 199 kr/skeytið.



BALTASAR KORMÁKUR Er mjög ánægður með þær viðtökur sem myndin fékk í Toronto. A Little Trip to Heaven verður frumsýnd annan í jólum hér á landi.

Baltasar slær ekki slöku við

Kvikmyndaleikstjórinn Baltasar Kormákur var nýkominn heim frá Toronto þegar Fréttablaðið náði tali af honum. Langri törn er nú loks lokið hjá honum en hann er þegar farinn að safna kröftum fyrir þá næstu. Hann ætlar samt að taka sér smá frí. „Ég ætla að vera einn dag í borginni,“ segir hann og gefur ekkert meira upp.

Kvikmynd Baltasars, A Little Trip to Heaven, var sýnd á kvikmyndahátíðinni í Toronto og gengu sýningar mjög vel. „Það hafa birst dómur á netinu. Þrír voru jákvæðir og einn neikvæður,“ segir leikstjórinn. Toronto Sun birti dóm nýverið þar sem myndin fékk fjórar af fimm stjörnum mögulegum. Hvorki Variety né ScreenDaily hafa þó birt sínar niðurstöður en Baltasar er pollrólegur. „Viðbrögðin sem við fengum voru góð en við erum engu að síður með báða fætur á jörðinni. Það er nú einu sinni þannig að þeir blaðamenn sem eru jákvæðir tala við mann en þeir sem eru neikvæðir halda sig til hlés,“ segir Baltasar og gefur lítið út á þær fréttir að færri blaðamenn hafi sótt hátíðina heim en

aðrar hátíðir. „Það voru bara fleiri myndir að sjá.“

Þrátt fyrir að vilja halda öllum væntingunum sem mest niðri var Baltasar ánægður með afrakstur hátíðarinnar. „Við vorum með tvær sérsýningar og það var svo vel mætt á þær báðar að við neyddumst til að bæta þeirri þriðju við,“ segir hann. Þá hafði myndin þegar fengið tilboð frá helstu markaðssvæðunum og þau mál séu í skoðun. „Ekkert er ákveðið í þeim efnum,“ segir leikstjórinn.

Þá styttest líka í frumsýningu myndarinnar hér á landi. „Hún verður frumsýnd um jólin,“ segir Baltasar en það er Sena sem keypti réttinn á henni. Samkvæmt upplýsingum frá Jóni Gunnari Geirdal, markaðsstjóra Senu, verður myndin frumsýnd annan í jólum og að jafnvel verði viðhafnarsýning fyrir jól þar sem reynt verði að fá stjórnur myndarinnar til að koma.

Það er í nógu að snúast hjá Baltasar um þessar mundir. Myndir á borð við A Little Trip to Heaven krefjast mikillar kynningarvinnu og því ekki laust við

einhver kynni að halda að önnur verkefni yrðu að sitja á hakanum. „Nei, nei, ég læt bara klóna mig,“ segir hann og hlær. Hann stefnir að því að byrja tölur á Mýrinni í haust þar sem Reynir Lyngdal verður í leikstjórasætinu. „Undirbúningur fyrir hana er í fullum gangi og gengur bara vel,“ segir hann og fer við svo búið í fríið sitt.

freyrigjiga@frettabladid.is



FOREST WHITAKER Leikarar í A Little Trip to Heaven hafa fengið glimrandi dóma og sérstaklega hefur Forest Whitaker verið hrósað en hann leikur aðalhlutverkið í myndinni.



GARGANDI SNILLD Mugison kemur töluvert við sögu í heimildarmynd Ara Alexanders Ergis, Gargandi snilld, sem er einnig tilnefnd til verðlauna Norðurlandaráðs.

Dís og Gargandi snilld tilnefndar til verðlauna

Kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs verða afhent í tengslum við þing þess 26. október í Reykjavík. Sigurvegarinn verður þó kynntur á blaðamannafundi hálfum mánuði áður hjá dönsku kvikmyndastofnuninni í Kaupmannahöfn.

Verðlaunin verða rúmar þrjár og hálf milljón íslenskra króna sem skiptast milli leikstjóra, handritshöfundar og framleiðenda. Er þetta í annað skiptið sem verðlaunin eru veitt en þau voru fyrst afhent á hálfri aldar afmæli Norðurlandaráðs í Helsinkí árið 2002. Þá hreppti Aki Kaurismäki þau fyrir mynd sína Maður án fortíðar.

Kvikmyndirnar Dís eftir Silju Hauksdóttur og Gargandi snilld eftir Ara Alexander Ergis hafa verið tilnefndar fyrir hönd Íslands. Dís er gerð eftir samnefndri skáldsögu og segir frá viðburðaríku sumri í lífi ungrar reykvískrar stúlku. Gargandi

snilld er heimildarmynd þar sem íslensku tónlistarlífi eru gerð góð skil.

Meðal annarra mynda sem íslenskir kvikmyndaáhugamenn gætu kannast við má nefna Gat í hjarta mínu eftir Lukas Moodyson sem vakti mikla athygli á IIFF-hátíðinni auk framhaldsmyndarinnar Pusher II en fyrri myndin naut nokkurra vinsælda hér á landi. ■



DÍSIRNAR ÞRÍJAR Kvikmyndin Dís sem gerð er eftir bók þeirra Oddnýjar Sturludóttur, Silju Hauksdóttur og Birnu Önnu Björnsdóttur er önnur tveggja íslenskra kvikmynda sem tilnefndar eru til kvikmyndaverðlauna Norðurlandaráðs.



SIGUR RÓS Hljómsveitin Sigur Rós er að fylgja eftir sinni nýjustu plötu, Takk.

Eins og ástfangnir hvalir

Tónleikar Sigur Rósar í óperuhúsinu í Boston í Bandaríkjunum fengu góða dóma í dagblaðinu Boston Herald fyrir skömmu. Þar er tónlist sveitarinnar meðal annars lýst sem hávaðasamri útgáfu af söngkonunni Enya og blöndu af jaðarrokki og nýaldartónlist. Einnig fær hún plús fyrir að takast að hljóma eins og hvalir í mökunarhugleiðingum.

Í umsögninni kemur fram að fjöldi háskólakrakka hafi mætt á tónleikana til að hlýða á jöklarokk Sigur Rósar. Hljómsveitin er um þessar mundir á tónleikaferð um Norður-Ameríku til að fylgja eftir sinni nýjustu plötu, Takk, sem kom út í síðustu viku. Platan hefur fengið frábæra dóma víðast hvar og er sögð aðgengilegri en síðasta plata sveitarinnar. Fyrir helgi hafði Takk selst í 4000 eintökum hér á landi auk þess sem hún náði 16. sæti á breska vinsældarlistanum sína fyrstu viku á lista.

Næstu tónleikar Sigur Rósar verða í Toronto í Kanada í kvöld. Annað kvöld spilar sveitin síðan í Michigan-leikhúsinu í Bandaríkjunum. ■

Enginn yfirburðasigurvegari á Emmy

Emmy-verðlaunin voru afhent í Los Angeles í fimmtugasta og sjöunda sinn aðfaránött mánudags. Þetta eru sannkölluð „ósarsverðlaun“ sjónvarpsins og allar helstu sjónvarpsstjörnurnar mættu til leiks og spennan var gífurleg. Fyrirfram var búist við að sjónvarpsátturinn Desperate Housewives yrði sigursæld enda fékk hann fimmtán tilnefningar.



Johnny Carson Það var David Letterman sem minnstist lærifóður síns Johnnys Carson. Hafði hann á orði að enginn Bandaríkjamður vissi hvernig dagurinn hans hefði verið fyrir en hann hefði horft á Kvöldþáttinn með Carson.

Þá reiknuðu einnig margir með velgengni Lífsháska eða Lost sem slegið hefur í gegn beggja vegna Atlantshafsins.

Það var leikkonan Ellen DeGeneres sem var kynnr á há-
tíðinni og minnstist hún fórnar-
lamba fellibýlsins Katrínar. Þá
mátti sjá fjölmargar stjórnur með
magnóliu, sem er einkennisblóm
Louisiana og Mississippi, fylkja-
anna sem fóru hvað verst út úr
hamförunum.

Það reyndist þó enginn einn sigurvegari kvöldsins og verðlaununum var nánast deilt jafnt út til allra. Everybody loves Raymond fékk Emmy-verðlaunin sem besti gamanþátturinn. Brad Garret og Doris Roberts fengu verðlaun fyrir leik sinn í þáttunum en þau leika bróður og móður þróttaþablaðmannsins Rays. Það var hins vegar Tony Shaloub sem hirti verðlaunin sem besti karlleikari í gamanþáttum, en hann leikur Monk í samnefndum þáttum. Felicity Huffman fékk verðlaunin sem besta leikkona í gamanþáttum en hún fer með hlutverk Lynnette Scavo í *Desperate Housewives*

Lost sigraði í flokki dramaþátta sem kom ekki mörgum á óvart en það gerði hins vegar valið á Patriciu Arquette sem fékk Emmy-verðlaunin sem besta leikkona í dramaþættinum Medium. Hún bar sigurorð af Jennifer Garner úr Alias og Glenn Close í Shield, en þessum tveimur hafði verið spáð sigri.

Félagarnir James Spader og William Shatner „vörðu“ titla sína frá því í fyrra fyrir leik sinn í Boston Legal. Spader fyrir aðalhlutverk og Shatner fyrir auka-
hlutverk. Það var síðan móðir Gwyneth Paltrow, Blythe Danner,



SKAPARI LÍFSHÁSKA J.J. Abrams var gláður í bragði eftir Emmy-hátíðina. Þessi skapari *Lost* eða *Lífsháska* fór heim með tvenn verðlaun. Annars vegar fyrir besta dramapáttinn og einnig sem besti leikstjóri dramapáttanna.

sem bar sigur úr bítum sem besta leikkona í aukahlutverki en hún leikur í þáttunum Huff.

David Letterman kom fram á verðlaunaafhendingunni og minntist læriföður síns Johnnys Carson sem féll frá í janúar á þessu ári. Þá var framlags fréttahaukanna Toms Brokaw og Dans Rather minnst auk Peter Jennings sem lést fyrr á þessu ári.

Kviklýndin Warm Springs var kosin besta sjónvarpsmyndin en þar bar hún sigurð af The Life and Death of Peter Sellers. Það var aðstandendum síðarnefndu myndarinnar hins vegar nokkur sárabót að aðalleikari The Life and Death of Peter Sellers, Geoffrey Rush, fékk verðlaunin sem bestí karlleikari í sjónvarpsmynd.



AÐPRENGDAR EIGINKONUR Leikhópurinn úr *Desperate Housewives* gladdist með Felicity Huffman en hún hreppti Emmy – verðlaunin sem besta leikkonan í gamanþætti



ALLIR ELSKA RAYMOND Leikararnir í þessum vinsæla sjónvarpsþætti hittust þarna í síðasta skipti en eftir níu velheppnuð ár var komið að endalokum hjá liðinu. Ekki verður annað sagt en að þátturinn hafi kvatt með stæl því hann var valinn besti gamanþátturinn.

- Er gengishrun krónunnar forsenda þess að viðskiptahallinn hverfi?
- Er verðbólgan að fara úr böndunum?
- Einblinir Seðlabankinn um of á stýrivexti?
- Er krosseignarhald á hlutabréfum ógn við fjármálastöðugleikann?
- Hvaða áhrif hefði skyndilegt gengisfall krónunnar á bankana?
- Getum við vaxið svona hratt án þess að missa tókin?

Hagspá Landsbankans 2005-2010

Ekki fara á taugum, Guðmundur

Dagskrá:

- | | |
|------|--|
| 8:00 | Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri, setur fundinn. |
| 8:05 | Ógnarjafnvægi í efnahagsmálum
Björn Rúnar Guðmundsson, hagfræðingur í Greiningardeild, kynnis hagspá Landsbankans 2005–2010. |
| 8:40 | Kalt mat – hvað getur klikkað?
Yngvi Örn Kristinsson, framkvæmdastjóri verðbréfasviðs, fjallar um óvissupættina í efnahagsmálum. |
| 9:20 | Umræður og fyrirspurnir. |
| 9:40 | Fundarlok. |

Fundarstjóri: Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður Greiningardeildar.

Boðið verður upp á morgunverðarhlaðborð frá kl. 7:45.
Vinsamlega skráið þátttöku á vef Landsbankans fyrir
kl. 15, miðvikudaginn 22. september.

Greiningardeild Landsbankans býður til morgunverðarfundar fimmtudaginn 22. september kl. 8:00 til 9:40 á Hótel Nordica. Á fundinum verður leitað svara við spurningum sem eru ofarlega á baugi í efnahagsmálum.



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

bara lúxus

Sími 553 2075

FRÁBÆN GRÍK- OG SPÆKNUMYND

The
MAN

Hárðasta löggæin í bænum er í þann mund
að fá stórskrýttinn félaga!

FM 957

Sýnd kl. 6, 8 og 10

VINCE VAUGHN

OWEN WILSON

WEDDING CRASHERS

Sýnd kl. 6, 8 og 10 kl. 10:15



Afxtakarfan

Í AUSTURBÆ

Síðustu sýningar

Jónsi

Immi Árnæs

....Ég er voldugur og
líka holdugur.
Enginn hér er betri en ég.
Ég um mig frá mér til mín.
Það getur enginn jafnast
á við mig...



SPARSJÓÐUHIENN



Miðasala í Austurbæ opin
alla daga frá kl.13 til kl.17
pantanir í síma 551 4700
www.midi.is

Athugið síðustu sýningar

Sunnudagur	25. sept.	kl: 13:30
Sunnudagur	9. okt.	kl: 13:30
Sunnudagur	23. okt.	kl: 13:30

Tilboðin gilda til 27.9. 2005

TREO

Höfuðverkur á bak og burt.

Treo freyðitöflur: Innihald í hverri töflu: Acetylsalicylsýra 500 mg og koffein 50 mg. Acetylsalicylsýra hefur verkjastillandi, hitalækkandi og bólgueyðandi áhrif. Koffein er talið auka verkjastillandi verkun acetylsalicylsýru. **Notkunarvið:** Verkjastillandi við höfuðverk, migreni, tanverk, tíðaverk og gigtarverk, lækjar söttitha. **Venjulegur skammtur handa fullorðnum:** 1-2 freyðitöflur 1-3 sinnum á sólarhring. Leysið freyðitöflurnar upp í glasi af köldu vatni. **Treo er ekki ætlað börnum.** **Varúð:** Vegna mikils natríuminnihalds lýfsins hentar það ekki þeim sem hafa hán blóðþrýsting, hjartabilun eða skerta nýrnastarfsemi. Notist ekki samtímis blóðþynningarlyfjum. Lyfið er ekki ætlað til langtímanotkunar. Ekki heldur ætlað sjúklungum með maga- og skeifugarnarsár, astma eða ofnæmi fyrir innihaldsefnum lýfsins. Pungaðar konur eiga ekki að taka inn lyfið nema í samráði við lækni. Lesið vandlega leiðbeiningar, sem fylgja lyfinu.

FELDEN GEL

Verkjastillandi áburður, borinn beint á verkinn.

Felden Gel inniheldur vatnsfritt piroxikam (5 mg/g). **Ábendingar:** Staðbundin stoðkerfisvandamál svo sem bólgusjúkdómur eða meiðsl á vöðvum og sinum. Verkir vegna sligtigtar. Hlaupið er eingöngu til útvortis notkunar og ekki ætlað börnum yngri en 2 ára nema eftir aðstærri ráðgjöf læknis. **Frábendingar:** Sköðduð eða rofin húð, Ofnæmi fyrir innihaldsefnum hlaupsins. Notist ekki ef sjúklungur hefur fengið nefslímubólgu, astma eða útbrot af völdum acetylsalicylsýru eða skyldra lyfja. Til að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Í fylgiseðlinum eru: Upplýsingar um verkun og notkun, varúðarreglur, mikilvægar upplýsingar sem nauðsynlegt er að lesa áður en lyfið er notað, hugsanlegar aukaverkanir og aðrar upplýsingar. Leiðið til læknis eða lyfjafráðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfið. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.**

HÁDEGISBIÓ

400 kr. MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR KL: 12 UM HELGINA | SAMBÍÖNUM KRINGLUNNI

STARSTA KVIKMYNDASÍÐUS LANDSINS • HAGATORGI • S. 530 1919 • www.haskolabio.is

HELGI BJÖRNS

BJÖRN HAYMON

SIGURDUR SKULASON

SIGURDUR SKULASON

HELGI BJÖRNS

BJÖRN HAYMON

SIGURDUR SKULASON

SIGURDUR SKULASON

HELGI BJÖRNS

BJÖRN HAYMON

SIGURDUR SKULASON

SIGURDUR SKULASON

HELGI BJÖRNS

BJÖRN HAYMON

SIGURDUR SKULASON

SIGURDUR SKULASON

ÁLFABAKKI

THE CAVE THE CAVE VIP SKY HIGH CHARLIE & THE CHOCOLATE FACTORY CHARLIE & THE CHOCOLATE FACTORY VIP STRÁKARNIR OKKAR THE DUKES OF HAZZARD RACING STRIPES enskt tali RACING STRIPES isl. tali HERBIE FULLY LOADED MADAGASCAR isl. tali	KL.6.15-8.20-10.30 KL. 8.20-10.30 KL. 3.50-6.8.15-10.30 KL. 3.30-6.8.15-10.30 KL. 3.30-6 KL. 6-8-10.10 KL. 8.15-10.30 KL. 6 KL. 4 KL. 3.50 KL. 4
---	--

KEFLAVÍK

SKY HIGH CHARLIE & THE CHOCOLATE FACTORY	KL. 8-10 KL. 8-10.15
---	-------------------------

KRINGLAN

CHARLIE & THE CHOCOLATE FACTORY SKY HIGH STRÁKARNIR OKKAR RACING STRIPES isl. tali	KL. 5.45-8-10.15 KL. 5.45-8-10.15 KL. 8-10.15 B.I. 14 KL. 5.45
--	--

AKUREYRI

SKY HIGH CHARLIE & THE CHOCOLATE FACTORY THE CAVE STRÁKARNIR OKKAR	KL. 6-8 KL. 6-8 KL. 10 KL. 10
---	--

KEFLAVÍK

CHARLIE & THE CHOCOLATE FACTORY THE CAVE STRÁKARNIR OKKAR	KL. 5.40-8-10.20 KL. 6-8-10 KL. 6-8-10 KL. 5.50-8-10.10 KL. 5.55-8 KL. 10
---	--

B.I. 16 ára
B.I. 14 ára
B.I. 16 ára
B.I. 16 ára

ÁLFABAKKI | 587 8900

KRINGLAN | 582 0800

AKUREYRI | 461 4666

KEFLAVÍK | 421 1170

ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

„You can't do this, I'm English! And an award-winning journalist... Well, maybe not award-winning, but I have been to *lots* of award ceremonies. „

Svar: Edge of Reason árið 2004
Bridget Jones úr kvikmyndinni Bridget Jones: The

dagskrá



VIÐ TÆKIÐ **DRÍFA SIGURÐARDÓTTIR** VAR EINLÆGUR AÐDÁANDI THE CONTENDER

Ég trúí því ekki fyrr en ég sé það

Úrslitabáttur The Contender var í gær. Ég er búin að vera einlægur aðdáandi þessara þátta frá upphafi. Þegar fyrsti þátturinn byrjaði á Skjá einum hugsaði ég með sjálfri mér: „Nei, glætan, þetta er ekki eitthvað sem ég á eftir að horfa á.“ En ég hafði rangt fyrir mér. Ég hreinlega límdist við skjáinn þetta kvöld og hef ekki misst af einum einasta þætti síðan.

Ég man að ég fór að hágrenja þegar ég frétti að einn af keppendum þáttarins, Najai, hefði svipt sig lífi. Það var eins og náinn vinur hefði látist. Við vinkonurnar hringdumst á og töluðum um það hve lífið getur verið ósanngjarnt. Það er nú ekki alveg í lagi með mann.


Úrslit þáttarins komu mér þó alls ekki á óvart. Því miður. Ekki vegna þess að ég hafi átt mér uppáhaldskeppanda allan tímann, heldur vegna þess að ég var búin að vita úrslitin í rúmar þrjár vikur. Sem fyrr það ég aldrei um að fá að vita hver sigurvegarinn yrði. Það er bara svona að eiga vini sem geta ekki haldið munnum á sér lokuðum. Ég þarf að fara



THE CONTENDER Sylvester Stallone virðist hafa hitt í mark með hnefaleikabáttum sínum.

til að spenna mig yfir á mánudagskvöldum. Ég á góðar minningar um The Contender og hálf fyndnar svona eftir á um mig aleina undir sæng, brosandí og vælandi til skiptis. Ég á eftir að sakna þessara stráka. Þeir voru hressir og skemmtilegir og ég var að fíla þá.

að taka á þeim málum. Það er samt svo skrítið að þó svo að ég hafi vitað það í heila 24 daga hver vann keppnina var ég samt sem áður ótrúlega spennt. Það er eins og ég hafi hugsað: „Ég trúí því ekki fyrr en ég sé það.“ Eða kannski var staðreyndin bara sú að ég hafði ekkert annað en þennan tiltekna þátt

 ▶ 20.05 NÝTT Veronica Mars	 ▶ 20.30 RAUNVERULEIKI Amazing Race 7	 ▶ 20.00 DRAMA Joan Of Arcadia	 ▶ 20.00 RAUNVERULEIKI The Restaurant 2	 ▶ 17.35 BLAK 2005 AVP Pro Beach Volleyball
 SJÓNVARPIÐ	 6.58 Ísland í bítið 9.00 Bold and the Beautiful 9.35 Oprah Winfrey 10.20 Ísland í bítið	 SIRKUS	 SKJÁREINN	 SÝN
17.05 Leiðarljós 17.50 Táknmálsfréttir 18.00 Músasjónvarpið (10:13)	12.20 Neighbours 13.00 Perfect Strangers (130:150) 13.25 Married to the Kellys (19:22) (e) 13.50 Einu sinni var (2:7) 14.15 Extreme Makeover (22:23) (e) 15.00 Monk (10:16) 16.00 Barnatími Stöðvar 2 17.53 Neighbours 18.18 Ísland í dag 18.30 Fréttir Stöðvar 2 19.00 Ísland í dag	18.30 Fréttir Stöðvar 2 19.00 Veggfóður ▶20.00 Joan Of Arcadia (12:23) (Jump) Sagan af Jóhönnu af Örð færð í nútímann. Táningsstelpa Joan er nýflutt til smábæjarins Arcadia þegar skritnar uppákomur fara að henda hana. 21.00 The Cut (4:13) (It's Like A Flamenco...) Það er enginn annar en Tommy Hilfiger sem er hönnuðurinn að þessum raunveruleikabætti. 22.00 Kvöldþátturinn Beinskeyttur spjall- og skemmtiþáttur þar sem viðburðir dagsins eru hafðir að háði og spotti. 22.40 David Letterman Það er bara einn David Letterman og hann er konungur spjallþátta.	17.55 Cheers 18.20 The O.C. (e)	16.35 Olissport 17.05 UEFA Champions League ▶17.35 2005 AVP Pro Beach Volleyball
18.30 Allt um dýrin (4:25) 19.00 Fréttir og íþróttir 19.35 Kastljósið ▶20.05 Veronica Mars (1:22) Bandarísk spennuþáttaröð um unga konu sem tekur til við að fletta ofan af glæpamönnum eftir að besta vinkona hennar er myrt og pabbi hennar missir vinnuna. 20.45 Út og suður 21.10 Leiftrið bjarta (2:2) Heimildamynd í tveimur hlutum um lífshlaup og verk Jóhanns Sigurjónssonar skálds. e. 22.00 Tiufréttir 22.20 Lögmál Murphys (1:5) (Murphy's Law)B reskur spennumyndaflokkur um rannsóknarlögreglumanninn Tommy Murphy. Ekki við hæfi barna.	19.35 The Simpsons 9 20.00 Strákarnir ▶20.30 Amazing Race 7 (3:15) (Kapphlaupið mikla) Ellefu lið eru mætt galvösk til leiks, reiðubúin til þátttöku í sjöunda Kapphlaupinu. Þekktustu keppendurnir eru án efa skötuhrúin úr Survivor, Rob og Amber. 21.15 Eyes (11:12) (Á gráu svæði) Dramatískur myndaflokkur. 22.00 LAX (8:13) (Pictures To Prove It) Hörkuspennandi myndaflokkur. 22.45 Crossing Jordan (4:21) (Réttarlæknirinn) Hörkuspennandi þættir.	23.30 Rescue Me (12:13) 0.20 Friends 3 (9:25) 0.45 Seinfeld (16:24) 1.10 Kvöldþátturinn	19.20 Þak yfir höfuðið (e) Umsjón hefur Hlynur Sigurðsson. 19.30 According to Jim (e) ▶20.00 The Restaurant 2 Rocco er ekki sáttur við breytingar sem Jeffery gerir án þess að ráðfæra sig við hann. Þeir lenda í rifrildi fyrir framan starfsmenn og gestina sína. 21.00 Innlit/útlit Innlit/útlit hefur göngu sína á ný á SkjáEinum en þetta er sjöunda þáttaröðin. 22.00 Judging Amy Bandarískir þættir um lögmanninn Amy sem gerist dómari í heimabæ sínum.	18.35 Enski deildabíkarinn (Grimsby – Tottenham) Bein útsending frá leik Grimsby Town og Tottenham Hotspur í 2. umferð. 20.35 Mótorsport 2005 Ítarleg umfjöllun um íslenskar akstursíþróttir. Umsjónarmaður er Birgir Þór Bragason. 21.00 Landsbankadeildin (Umferðir 13 – 18)Keppni í Landsbankadeild karla í knattspyrnu 2005 er lokið. 22.00 Olissport Fjallað er um helstu íþróttaviðburði heima og erlendis. 22.30 Enski deildabíkarinn (Grimsby – Tottenham) Útsending frá leik Grimsby Town og Tottenham Hotspur í 2. umferð.
23.50 Málsvörn (29:29) 0.35 Kastljósið 1.00 Dagskrárlök	23.30 Innocence 1.05 The Big One 2.35 Sjálfstætt fólk 3.05 Fréttir og Ísland í dag 4.25 Ísland í bítið 6.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVi	23.30 Jay Leno 23.45 The Contender – tvöfaldur lokabáttur (e) 1.25 Cheers (e) 1.50 Östðöndi tónlist	0.10 Landsbankadeildin 1.10 Ensku mörkin	
 STÖÐ 2 BÍÓ	 OMEGA	 E! ENTERTAINMENT	 AKSJÓN	 ENSKI BOLTINN
6.00 On the Line 8.00 Drumline 10.00 How to Lose a Guy in 10 Days 12.00 Triumph of Love 14.00 On the Line 16.00 Drumline 18.00 How to Lose a Guy in 10 Days 20.00 Triumph of Love Rómantísk gamanmynd. 22.00 Tempo Spennumynd með rómantísku ívafi. 0.00 Full Frontal (Bönnuð börnum) 2.00 Wakin' Up in Reno (Bönnuð börnum) 4.00 Tempo	Dagskrá allan sólarhringinn.	12.00 E! News 12.30 Fashion Police 13.00 The E! True Hollywood Story 14.00 101 Biggest Celebrity Oops! 15.00 E! Entertainment Specials 16.00 Style Star 16.30 Style Star 17.00 America's Sweetheart 18.00 E! News 18.30 Hotspot Hollywood Roosevelt Hotel 19.00 The E! True Hollywood Story 20.00 101 Biggest Celebrity Oops! 21.00 The Soup 21.30 The Anna Nicole Show 22.00 Wild On 23.00 E! News 23.30 Hotspot Hollywood Roosevelt Hotel 0.00 The E! True Hollywood Story 1.00 The Soup 1.30 The Anna Nicole Show	Fréttabátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15	14.00 Portsmouth – Birmingham frá 17.09 16.00 Fulham – West Ham frá 17.09 18.00 Wigan – Middlesbrough frá 18.09 20.00 Þrumuskot (e) Farið er yfir leiki liðinnar helgar og öll mörkin. 21.00 Að leikslukum (e) 22.00 Aston Villa – Tottenham frá 17.09 0.00 Sunderland – WBA frá 17.09 2.00 Dagskrárlök



RENAULT

Vönduð frönsk hönnun

Einstök þægindi

Fallegir litir

5 stjörnu NCAP öryggi

Einstaklega sparneyttinn

Hlaðinn staðalbúnaði

3 ára ábyrgð

Þú eignast hann fyrir

kr. 1.970.000

Bílasamningur / Bílalan

kr. 20.500 á mánuði*

B&L Grjóthálsi 1 575 1200 www.bl.is

Renault Megane

MEST SELDI BÍLL EVRÓPU



Renault Megane Sport Tourer II, 5 dyra, 1600 / 16V, 115 hestöfl, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 6,9 ltr/100km í kjöraðstöðum.

Aukahlutir á mynd: álfelgur

Mánaðargreiðslur miðast við bílasamning Lýsingar til 84 mánaða og 30% útborgun.



MEGANE



Með bílinn handa þér



HRÓSIÐ

...fá Erna Tönsberg og hinir íslensku leiðbeinendurnir í Norðurlandaskólanum á Expo-heimsýningunni í Japan, fyrir að kynna Ísland fyrir þeim sem leggja leið sína þangað.



DÓTAKASSINN CDMA 3G „SIMPLE CELL PHONES“ EÐA EINFALDI FARSÍMINN

Einfaldir farsímar fyrir eldra fólk

Sem er? Loksins, loksins. Þessir farsímar eru orðnir svo flóknir að það þarf heilan leiðarvísi bara til að læra að hringja þó að allir þurfi nú að eiga farsíma hafa ekki allir alist upp við þessa tækni. Til að mynda eiga þeir sem eldri eru oft erfitt með að rýna í þessar agnarsmáu tölur sem eru á símunum. Nú hafa fyrirtækin Kyocera og Toshiba tilkynnt um framleiðslu á nýjum einföldum símunum. Sá fyrirnefndi gerir eldra fólk kleift að taka á móti símtölum og hringja en hinn síðarnefndi er með stórum skjá og tölum sem gerir notanda kleift að geta lesið vefpóst auk hefðbundins notkunargildis farsíma.

Gallar Þessir einföldu símar eru ekkert sérstaklega áferðarfallægir. Þeir geta heldur ekki gert alla þessu „flottu“ en ónaðsynlegu hluti sem nýjustu og smæstu símarnir ráða við.

Kostar Þeim sem hafa áhuga á þessum símunum er bent á heimasíðuna www.gizmodo.com. Símarnir eru þó ekki væntanlegir á japanskan markað fyrir en um miðjan október þannig að eitt-hvað gæti dregist að þeir kæmu hingað til lands.



1	2	3	4	5
6			7	
8		9		
	10			
	11	12		13
14			15	
16		17		
18				

Lárétt: 1 par 6 bein 7 tveir eins 8 mjöður 9 þrá 10 útgerðarstaður 12 sveltur 14 óhreinka 15 stöðug hreyfing 16 dreifa 17 skel 18 vingjarnleiki.
Lóðrétt: 1 gata 2 löngun 3 vafi 4 nú á tímum 5 fiður 9 vanþóknun 11 málmur 13 megin 14 flana 17 smáorð.

Lausn

LÖBÉTT: 1 tvö, 2 til, 3 ef, 4 ný, 5 að, 6 til, 7 tvö, 8 þó, 9 von, 10 ver, 12 íð, 14 ata, 15 íð, 16 sá, 17 LÁRÉTT: 1 tvennd, 6 ríf, 7 úr, 8 öf, 9 von,



INGVAR E. SIGURÐSSON Ingvar fer með aðalhlutverkið í leikritinu Woyzeck í Borgarleikhúsinu.

VESTURPORT: FRUMFLUTTI SEIÐANDI TÓNA Í WOYZECK

Gunnar Eyjólfsson féll fyrir Nick Cave

Leikritið Woyzeck í leikstjórn Gísla Arnar Garðarssonar var forsýnt í Borgarleikhúsinu í fyrrakvöld við góðar undirtektir áhorfenda.

Leikhópurinn Vesturport stendur að leikritinu en hann hefur áður getið sér gott orð fyrir Rómeó og Júlíu sem var sýnt bæði í Borgarleikhúsinu og London á síðasta ári. Woyzeck verður einmitt frumsýnt í London hinn 12. október en fram að því verða fjórar forsýningar til viðbótar haldnar hér á landi.

„Þetta er á þeim stað sem þetta er,“ segir Gísli Örn um sýninguna í fyrrakvöld. „Við eigum ennþá

dálítið í land en það var gott að fá áhorfendur til að sjá hvernig þeir átta sig á þessu. Þetta voru fin viðbrögð miðað við þann stað sem við erum á í dag,“ segir hann, en æfingar eru enn í fullum gangi fyrir frumsýninguna.

Að sögn Gísla hefur Nick Cave, sem semur tónlistina fyrir verkið, lýst yfir áhuga á að skrifa leikrit fyrir Vesturport. Fjallar það um rokkhljómsveit og yrði það leikið á þremur kvöldum. Þó getur fólk mætt hvaða kvöld sem er því hver hluti er hugsaður sem sjálfstætt verk. „Hann á eftir að finna tíma til að setjast niður og skrifa það. Hann er snöggur þegar hann byrjar,“ segir Gísli um stöðuna á verkefninu. „Það verður mjög spennandi að sjá hvað kemur út úr því.“

Gunnar Eyjólfsson, leikari og verndari Vesturports, sá forsýninguna í fyrrakvöld og leist mjög vel á. „Þau í Vesturporti hafa gert mörg

fín verk og svo sprungu þau út þegar þau gerðu Rómeó og Júlíu. Þar var margt frábærlega vel gert og djarft,“ segir Gunnar. „Þegar ég sá Woyzeck rann það upp fyrir mér að það hillir undir afar merkilegt leikhús í framtíðinni undir stjórn Gísla Arnar. Leikhús mikillar sköpunar og dirfsku. Gísli er mikill fimleikamaður og hefur dramatíska leikhúshæfileika. Þegar þetta sameinast í honum sér maður þetta springa út í honum. Það verður spennandi að fylgjast með honum í framtíðinni. Þetta var ekki bara leikrit heldur ballett og söngleikur. Ég er stoltur af því hvað Vesturport er að gera góða hluti,“ segir hann.

Aðspurður var Gunnar einnig hæstánægður með tónlist Nicks Cave. „Tónlistin var mjög heillandi. Ég hélt að þetta yrði gargandi hávaði en hún var langt frá því að vera það. Ég hef aldrei hlustað á Nick Cave en þessi tónlist var algveg seíðmögnuð og átti alls staðar heima í leikritinu.“

GUNNAR EYJÓLFSSON Er yfir sig hrifinn af tónlist Nicks Cave, sem hann segir afar heillandi.

freyr@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI



Nýtt lag með hljómsveitinni Skítamóral, Hún, fer í spilun í útvarpi í dag. Lagið er eftir **Þorvald Bjarna Þorvaldsson** og textinn eftir **Andreu Gylfadóttur**, en þau hafa samið mörg vinsæl lög með hljómsveitinni Todmobile. Lagið verður frumflutt í útvarpsþættinum Zúber á FM 957 í dag. Myndband við lagið verður frumsýnt í kvöldþættinum á Sirkus í kvöld. Skítamóral er að leggja loka-hönd á sína fimmtu plötu, þar sem ellefu ný lög verður að finna. Á meðal þeirra verða Ástin dugir, Hvers vegna?, Má ég sjá og Hún.

Míðasala á tónleika **Antony and the Johnsons** í Fríkirkjunni í Reykjavík þann 10. desember hefst í dag klukkan 10 á midi.is og í verslunum Skífunnar um allt land. Antony og félagar eru um þessar mundir að hefja síðari helming tónleikaferðar sinnar í tengslum við útkomu plötunnar I Am a Bird Now sem hlaut hin virtu þesku Mercury-verðlaun á dögunum. Hún var valin besta plata ársins 2005 og sló hún þar meðal annars við vinsælum plötum frá Coldplay, Kaiser Chiefs, M.I.A. og Bloc Party. Antony and the Johnsons hélt eftirminnilega tónleika á Nasa þann 11. júlí þar sem troðfullt var út úr dyrum. Ljóst er að takmarkað magn miða verður í boði í Fríkirkjunni en þar eru sæti fyrir alla tónleikagesti, um 500 manns. Fríkirkjunni verður skipt í þrjú verðsvæði og fjögur miðasvæði. Miðaverð í bestu sæti er 5.150 kr. auk miðagjalds; 4.600 kr. auk miðagjalds í næstbestu sætin og 3.900 kr. auk miðagjalds í öðrystu sætin. Svæði í bestu sæti verður tvískipt, sem á að tryggja að þeir sem kaupa sér fyrstir miða fá bestu sætin, sem eru næst sviðinu.



Hálf milljón boðin í svanakjólinn

Hæsta boðið í svanakjól Bjarkar Guðmundsdóttur, sem hún klæddist á Vespertine-tónleikaferðinni, var komið í tæpa hálfa milljón króna á uppboðsvefnum eBay seinnipartinn í gær. Alls hafði 47 sinnum verið boðið í kjólinn.

Björk klæddist einnig svipuðum kjól við afhendingu óskarsverðlaunanna árið 2001 þegar hún var tilnefnd fyrir lagið I've Seen It All úr myndinni Dancer in the Dark.

Björk gaf tiskutímaritinu Oxfam kjólinn, en það rit starf-rækir einnig heimasíðu. Forsvarsmenn Oxfam höfðu beðið þekktu listamenn um að gefa eitthvað af eignum sínum sem ættu sér einhverja sögu. Sá sem býður síðan hæst í hlutinn fær hann í hendurnar ásamt sögunni

sem fylgir með. Allur ágóði rennur til góðgerðarmála. Kjóllinn, sem Marjan Djodjov Pejowski hannaði, verður í boði á eBay til næstkomandi sunnudags.

Björk þótti að vísu ekki slá nein tiskumet þegar hún mætti á Óskarsverðlaunahátíðina í svanakjólnum á sínum tíma. Hún vakti hins vegar óskipta athygli þannig að svanaðress Bjarkar er vissulega sögulegt og hefur mikið söfnunargildi þó sá eða sú sem hreppir hnossið muni áreiðanlega hugsa sig tvisvar um áður en flíkin verður notuð utandyra.

Í SVANAKJÓL

Björk Guðmundsdóttir í svanakjól, svipuðum þeim sem er á uppboði, við afhendingu óskarsverðlaunanna árið 2001.



Logi og Svanhildur sungu með Sálinni

Stukku á svið á Nasa og tóku lagið



Þeir þegar aðrir þegja!

VOLVO

Master

splæsir í ferð í sólina fyrir tvo í viku með
Heimsferðum með öllum Volvo XC 90 sem við seljum
dagana 20. september til 1. október,
jafnvel þótt þú þráttir !!!

XC 90 2,5T AWD

5 strokka, 210 hestöfl 320 Nm tog,
5 þrepa Geartronic sjálfskipting,
spólvörn með stöðugleikakerfi &
veltivörn, 7 manna leðurinnrétting,
glertopplúga, regnskynjari, rafdrifið
bílstjórasæti með minnisstillingum,
viðar- & álaferð á innréttingu,
viðarstýri, 17" Neptune álfelgur ofl.

XC 90 4,4 V8 AWD

8 strokka, 315 hestöfl 440 Nm tog,
5 þrepa Geartronic sjálfskipting,
spólvörn með stöðugleikakerfi &
veltivörn, 7 manna leðurinnrétting,
glertopplúga, regnskynjari, rafdrifið
bílstjórasæti með minnisstillingum,
álaferð á innréttingu, leðurstýri,
18" Atlantis álfelgur ofl.

Eigum nýja bíla til afgreiðslu strax á einstöku verði

5.790.000

6.350.000



MASTER

Álfheimum 74, 104 Reykjavík, sími 540 2200, www.masterbill.is

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Ritstjórn: 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

MARKAÐURINN

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



BAKÞANKAR

KRISTÍNAR HELGU
GUNNARSDÓTTUR

Mont og snobb

Við í ríkjum þar sem einráðir sitja að völdum sýna kosningaúrslit reglubundið 150 prósentu stuðning við viðkomandi stjórnvöld. Því er alls ekki þannig farið hér á landinu bláa, enda búum við í háþróaðu lýðræðisríki. Það er svo háþróað að sá sem öllu ræður nýtur innan við tíu prósentu stuðnings landsmanna. Viðkomandi er einnig svo mikilhæfur að hann þarf ekki að ráðfæra sig við sína fáu stuðningsmenn lengur. Gott og vel. Það er ekki hægt að þóknast öllum og jafnvel ekki örfáum. Það hefur þótt farsælasta stjórnunaraðferðin hérlandis að tveir menn leggist saman undir feld, hjali þar á koddar og þeysi svo með yfirlýsingar út í heim. Tvíeykið hefur nú fyrir skömmu verið leyst upp og það virðist einmanalegt undir húðinni stóru.

UNDAN feldinum halda þó áfram að koma tilkynningar um drauma og þrár lítillar þjóðar á hjara veraldar. Nýjasta lífsýn landans á að vera að komast í öryggisráð Sameinuðu þjóðanna – það virðist eina færa leiðin til að láta gott af sér leiða í veröldinni. Einhver lýsti eftir sjálfstæðri utanríkis- og friðarstefnu Frónverja áður en tekið væri sæti í svo finu ráði. Viðveran gæti þó falist í því að finna leiðir til að styðja áfram dyggilega við styrjaldarstefnu villta vestursins.

SKEMMTILEG nýbreytni væri að fá um svona mál umræðu og atkvæðagreiðslu á Alþingi, en það er ef til vill til of mikils mælst. Lýðræðisleg vinnubrögð eru ekki hátt skrifuð á Klakanum. Fram að þessu hefur það verið okkar einkamál. Nú er hins vegar svo komið að við höfum dregið þá táfýlusokka upp á alþjóðavettvangi og viðrum framan í stórbjóðir.

SITT lítið af hverju kostar líka til-tækið og slíkan kostnað ætti ef til vill að bera undir þingheim. En það er smásálarlegt að velta sér upp úr peningamálum þegar ævin-týrlegt hlutverk er í sjónmáli. Það er líka kominn sterk hefð fyrir því að blanda ekki Alþingi endalaust í alla skapaða hluti. Stússið og standið í kringum herlegheitin yrði mikið og merkilegt. Vestfirðingar hafa löngum meitlað hugsanir sínar á kjarnmikinn hátt. Þannig sagði bjargvætturinn að vestan á dögunum: Það er bara mont og snobb að troða sér inn í þetta ráð.

Enn betra verð 2.985.000 kr. fyrir fullbúinn alvörujeppa



HVITA HÚSÍÐ / SÍA - 4053

KIA Sorento er frábær jeppi byggður á grind með aflmikilli 140 hestafla turbo dísilvél, háu og lágu drifi og 5 þrepa sjálfskiptingu. Auk þess ríkulega búinn með ABS hemlakerfi, tvískiptum afturhlara, álfelgum, þakboga og mörgu fleiru. Þetta er jeppi sem þú verður að prófa.

KIA er sá bílaframleiðandi sem er í mestum vexti í heiminum í dag. Það er ekkert skrítið þegar hægt er að bjóða þessi gæði á svona verði.



KIA fer fram úr helstu bílaframleiðendum heimsins
Í nýrri gæðakönnun JD Power varð KIA Sorento sigurvegari í flokki aldrifsbíla og sá eini sem fékk 5 stjörnur.



KIA MOTORS



KIA umboðið á Íslandi er í eigu Heklu hf.

Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700

100%
veðsetningarhlutfall

Frjáls íbúðalán

4,15%

4,15% verðtryggðir vextir

Engin skilyrði
um önnur
bankaviðskipti

Ráðgjafar okkar veita allar nánari upplýsingar.
Þú getur litið inn í Ármúla 13a, hringt í síma 540 5000
eða sent tölvupóst á frjalsi@frjalsi.is

FRJÁLSI
FJÁRFESTINGARBANKINN
www.frjalsi.is